



## Hefur enn trú á ESB

Vilhjálmur Þorsteinsson segir að rangt sé að kenna evrunni eða ESB um efnahagslega erfiðleika einstakra ríkja í sambandinu. Hann er enn á þeirri skoðun að rétt sé fyrir Ísland að sækja um aðild. » 26-28



**Congress**  
REYKJAVÍK

Alhliða skipulagning  
ráðstefna og funda

www.congress.is

vb.is

# Viðskiptablaðið

**FIMMTUDAGUR**  
17. NÓVEMBER 2011  
46. tbl. 18. árg.



### Taka til fyrir skráningu

Fasteignafélögin Reitir  
og Reginn stefna á mark-  
að 2012. » 14

### Mikil ábyrgð

Opinberir lífeyrissjóðir í  
miklum mínus. » 16



### Stærri og færri

Sameining Auðar og  
Tinda er ekki sú fyrsta á  
árinu. » 18

### Skotglaðir spilarar

Tölvuleikurinn Call of  
Duty sló sölumet í af-  
þreyingariðnaði. » 32

### ÓÐINN SKRIFAR UM

efnahagsáætlun viðskipta-  
ráðherra. » 22

### ILMVÖTN Í 60 BÚÐIR

Andrea Maack myndlistar-  
maður uppgötvaði að hún  
var með viðskiptahugmynd  
eftir tvö ár og þrjár sýning-  
ar. Nú selur hún sex tegund-  
ir ilmvatna. » 24-25



### FLESTIR NEFNA HÖNNU BIRNU

Flestir treysta Hönnu  
Birnu Kristjánsdóttur til  
að gegna embætti forsæt-  
isráðherra, samkvæmt  
nýrri könnun. » 4



**Kauphöll** Stjórn Framtakssjóðsins ákvað að selja 10% hlut í Icelandair

## Stóraukin viðskipti vekja grunsemdir



► **Velta** með bréf Icelandair Group  
tífaldaðist síðasta viðskiptadag  
fyrir sölu bréfa FSÍ.

► **Stærsti** hluti viðskiptanna fór  
fram eftir að stjórn FSÍ hittist í  
hádeginu á föstudag.

► **Framkvæmdastjóri** FSÍ telur  
engar líkur á að upplýsingum hafi  
verið lekið út. » 10









### Hver lausn er annarri betri. Eins og smurbrauðið mitt.

Jakob Jakobsson, veitingahúsa eigandi á Jómfrúnni

Hver einasti viðskiptavinur okkar er einstakur og þarfirnar geta verið ólíkar. Með þetta að leiðarljósi höfum við þróað lausnir – sniðnar að þinni atvinnugrein. Hafðu samband og í sameiningu finnum við greiðslulausn sem hentar þínum rekstri.

Fyrirtækjalausnir Valitor | Sími 525 2080 | [www.valitor.is](http://www.valitor.is) | [fyrirt@valitor.is](mailto:fyrirt@valitor.is)

Greiðslulausnir sniðnar að þinni atvinnugrein.



**VALITOR**  
Lausnir án landmæra



**Bankarnir** Skilanefndir bankanna leggjast af um næstu áramót

# „Frá einum lögfræðingahópi til annars“

Skilanefndir föllnu bankanna verða lagðar niður um áramótin og völd þeirra flytjast til slitastjórna. Ekki er að fullu ljóst hvort skilanefndarmenn muni hætta störfum.

HALLGRÍMUR ODDSSON  
hallgrimur@vb.is

Ekki er víst hvort þeir sem sitja í skilanefndum föllnu bankanna muni starfa áfram, eftir að skilanefndirnar verða lagðar niður um næstu áramót, eins og lög frá síðasta sumri kveða á um. Slitastjórnir munu þá taka við verkefnum nefndanna og yfirstjórnun þrotabúanna mun því fækka. Samkvæmt upplýsingum frá Kaupþingi og Landsbanknum (LBI) mun tilfærsla verkefna hafa lítil áhrif á almenna starfsemi þrotabúanna. Innan þrotabúanna þriggja, Glitnis, Kaupþings og LBI, liggur þó ekki nákvæmlega fyrir hvernig breytingin verður útfærð, sérstaklega er varðar hlutverk núverandi skilanefndarmanna.

Meirihluti Alþingis samþykkti í júní síðastliðnum lög sem kveða skýrar á um eftirlit Fjármálaeftirlitsins á störfum skilanefnda og slitastjórna. Í þeim er einnig lögfest að skilanefndir hætti störfum eigi síðar en 1. janúar 2012. Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, sagði þá að mikilvægt sé



Óvíst er hvert hlutverk skilanefndarmanna verður innan gömlu bankanna eftir að nefndirnar hætta störfum eftir 6 vikur. Á myndunum eru þeir Heimir Haraldsson hjá Glitni, Steinar Þór Guðgeirsson hjá Kaupþingi og Lárentsínus Kristjánsson hjá Landsbankanum.



ingu. Viðskiptablaðinu er kunnugt um að innan gömlu bankanna hafi verið unnið að því á síðustu mánuðum að starfslok skilanefnda gangi snurðulaust fyrir sig, en þeirri vinnu er ekki lokið.

Annar skilanefndarmaður sem Viðskiptablaðið ræddi við sagði að innan hans banka væri ekki búið að ákveða nákvæmlega hvernig tilfærslu verkefna verði háttáð. Þar sem slitastjórn tekur við verkefnum sé ákvörðunarvald í raun hjá henni. Allir þeir sem blaðamaður Viðskiptablaðsins talaði við sögðu þó að skilanefndir og slitastjórnir starfi mikið saman, og báðar komi að stærri ákvörðunum. Af viðmælendum blaðsins má heyra að blendnar tilfinningar séu meðal skilanefndarmanna um að hætta í nefndunum. Á sama tíma og síðustu ár hafi verið viðburðarík, og jafnvel tími til kominn til að hætta, þá sé enn fjöldi verkefna ókláruð.

Í lögum um frá síðasta sumri er veitt heimild til að fjölga í slitastjórnunum. Frá áramótum mega alls fimm sitja í stjórninni, ef eftir því er óskað hjá yfirvöldum. Því er ekki útilokað að einhverjir færast frá skilanefnd til slitastjórnar. Þá gætu skilanefndarmenn starfað fyrir bankann undir slitastjórn eða tekið að sér einstök verkefni, eins og í tilfelli Árna Tómassonar. Árni hætti sem formaður skilanefndar Glitnis í lok september sl. og samþykkti að koma að einstökum verkefnum.

## Skilanefndir

### Skilanefnd Kaupþings

Steinar Þór Guðgeirsson, formaður  
Jóhannes Rúnar Jóhannsson  
Theodór Sigurbergsson

### Skilanefnd Glitnis

Heimir Haraldsson  
Þórdís Bjarnadóttir

### Skilanefnd Landsbankans

Lárentsínus Kristjánsson, formaður  
Einar Jónsson

## Telja reynslu tapast

Viðskiptablaðið ræddi við nokkra þeirrasem sitja í skilanefndum gömlu bankanna. Einn skilanefndarmannanna sagði að í raun væri verið að færa verkefni úr einum lögfræðingahópi til annars. Við þá tilfærslu tapist þriggja ára reynsla og tengsl. Páll Benediktsson, upplýsingafulltrúi LBI, segir að nokkur missir verði að tveimur skilanefndarmönnum bankans, enda búi þeir yfir reynslu. Að öðru leyti breytist starfsemin ekki, og slitastjórnin tekur yfir eignastýr-

## Í STUTTU MÁLI

### The Moogies með vinsælustu leikjunum

Sala á barnaleiknum The Moogies gengur vel að sögn Þorsteins B. Sigurðssonar, framkvæmdastjóra Plain Vanilla tölvuleikjaframleiðandans, sem bjó leikinn til. Leikurinn fór í sölu á iTunes þjónustu Apple í byrjun mánaðarins. „Við getum því miður ekki gefið



nákvæmar upplýsingar um sölutölur vegna samnings okkar við útgáfufyrirtækið, en fyrstu tíu dagana sem leikurinn var í sölu var hann á lista yfir 10 mest seldu skemmtiforritin á iTunes,” segir Þorsteinn. „Sala er í samræmi við áætlanir okkar og viðbrögðin hafa verið mjög góð í þeim miðlum sem gagnrýnt hafa The Moogies.”

### Krónan og pólitísk áhætta

Tvennt virðist einkum standa í vegi fyrir beinni erlendra fjárfestingu á Íslandi, annars

vegar íslenska krónan og hins vegar pólitísk áhætta. Þetta kemur fram í greinargerð Ásgeirs Jónssonar, efnahagsráðgjafa GAMMA og lektors við HÍ, fyrir efnahags- og viðskiptaráðherra um mikilvægi erlendra fjárfestinga fyrir Ísland. Í henni segir að ekki séu til neinar skyndilausnir í gjaldmiðlamálum en hins vegar eigi íslensk stjórnvöld að gera það að forgangsverkefni



að draga úr þeirri skynjun á pólitískri áhættu sem erlendir fjárfestar hafa hérlandis.

### Hönnuðir Hörpu hagnast um fjórar milljónir

Batterið Arkitektar ehf. högnuðust um tæplega fjórar milljónir í fyrra en félagið var stofnað í október 2009. Eigið fé félagsins er um sex milljónir króna. Í ársreikningi kemur fram að reksturinn hafi gengið vel en hagnaður af rekstri nam 10 milljónum króna. Batterið Arkitektar eru þekktastir fyrir að hafa

komið að hönnun Hörpunnar. Batterið hefur einnig leitað út fyrir landsteinana og hefur m.a. verið með verkefni í Noregi. Eigendur Batterísins eru Jón Ólafur Ólafsson, sem á 35% hlut, Sigurður Einarsson, sem á 35%, og svo Sigurður Harðarson sem á 18% hlut og að auki eiga sex aðrir hluthafar 2% í félaginu.



ÞESSI TVENN  
GLERAUGU  
ERU EKKI  
ALVEG EINS



Önnur þeirra hafa aldrei séð úrræði til að lækka kostnað fyrirtækja og ná fram hagræðingu. Hin eru eins og Fjárvakur. Þau búa að mikilli reynslu þegar kemur að því að koma auga á skilyrði fyrir hagræðingu og meiri árangri í rekstri.

## FJÁRVAKUR ER EKKI EINS OG ÖNNUR FJÁRMÁLAPJÓNUSTUFYRIRTÆKI Á ÍSLANDI

Fjárvakur sérhæfir sig í umsjón bókhalds, launavinnslu og annarra fjármálaferla fyrir meðalstór og stór fyrirtæki. Fagfólk okkar leggur áherslu á framúrskarandi þjónustu, áreiðanlegar upplýsingar og að ná árangri með viðskiptavinum okkar.

Með því að útvísta fjármálaferlum til Fjárvakurs geta fyrirtæki dregið úr kostnaði og lagt meiri áherslu á kjarnastarfsemi sína. Aukin áhersla á kjarnastarfsemi stuðlar að meiri árangri í rekstri. Okkar kjarnastarfsemi er umsjón fjármálaferla. Hver er þín kjarnastarfsemi?

KYNNNTU ÞÉR HVAÐ VIÐ GETUM GERT FYRIR ÞITT FYRIRTÆKI

**FJÁRVAKUR**  
FJÁRMÁLAPJÓNUSTA

SÍMI 50 50 250  
FJARVAKUR@FJARVAKUR.IS  
WWW.FJARVAKUR.IS



Það er margt sem felst í því að vera ábyrgir

# FORELDRAR

Mynd 1.a



Vertu líf- og sjúkdómatryggður

Með líf- og sjúkdómatryggingu hjá Lífis býrðu þér og þínum nánustu öruggeri og áhyggjulausari framtíð. Allir þeir sem hafa fyrir öðrum að sjá eða hafa fjárhagslegar skuldbindingar ættu að huga að mikilvægi líf- og sjúkdómatrygginga.

Kynntu þér málið á **lífis.is** eða í síma **560 5000**.

Lífis tryggingar fást hjá VÍS





Í STUTTU MÁLI

Sértekjur FME nífaldast

» Tekjur Fjármálaeftirlitsins af svokölluðu eftirlitsgjaldi námu um 1,14 milljörðum í fyrra og jukust um 47% milli ára 2009 og 2010. Aðrar tekjur FME námu 125 milljónum á móti 13,8 milljónum árið áður og nífölduðust því á milli ára. Af þessum 125 milljónum voru 112 milljónir flokkaðar sem ýmsar tekjur en mest af þeim tekjum voru vegna svokallaðrar sérstakrar skoðunar FME á samsetningu útlána hjá lánastofnunum. Gert er ráð fyrir að tekjur FME af eftirlitsgjaldi verði 1,6 milljarðar í ár og vaxi því um 43% milli ára 2010 og 2011.









Hells Angels í flokki með skátunum

» Mótorhjólaklúbburinn Hells Angels á Íslandi, sem hefur höfuðstöðvar í Hafnarfirði, passar vel upp á sitt en hann sótti um skráningu vörumerkis klúbbsins hjá Einkaleyfastofu 7. september síðastliðinn. Meðlimir mótorhjólaklúbbsins eru alræmdir víða enda virðast þeir vart mega ræsa hjól sín í nýju landi án þess að rata í fréttir vegna misgjörða ýmiskonar. Ósagt skal látið hvort það sama eigi við um klúbbinn hér. Vélhjólaklúbburinn sækir um í flokki 41 sem fellur undir þjónustu og starfsemi félagsamtaka. Klúbburinn ætlar samkvæmt því sem fram kemur í umsókninni ekki að veita neina þjónustu heldur leggja áherslu á klúbbinn. Í sama flokki eru ýmis félagsamtök, þar á meðal bakameistarar, húsbláeigendur og skátarnir.



Sér jákvæða þróun

» Íslensk stjórnvöld hafa færst nær markmiðum um jafnvægi í ríkisfjármálum með fjárlagafrumvarpi næsta árs og dómur Hæstaréttar, sem staðfesti neyðarlögin, hefur dregið úr óvissu sem ríkt hefur um fjármálakerfið. Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýrri skýrslu Moody's og greint var frá í Ríkisútvarpinu. Moody's varar þó við því að gefinn verði afsláttur af markmiðum um jafnvægi í ríkisfjármálum enda hafi upphaflega verið gert ráð fyrir að afgangur yrði á fjárlögum ársins 2013 en því hafi nú verið frestað um ár. Metnaðarfullri markmið hefðu betur undirbúið bætt lánshæfi og aukið fjárhagslegan trúverðugleika að loknu samstarfinu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.



Stjórnsmál Hanna Birna með 27,6% fylgi í forsætisráðherraembættið

# Hanna Birna með mestan stuðning

Tæpur helmingsmunur er á fylgi Hönnu Birnu í forsætisráðherra-stólinn og öðrum stjórnmalamönnum, en 27,6% almennings vill hana í embættið.

BJARNI ÓLAFSSON  
bjarni@vb.is

Hanna Birna Kristjánsdóttir ber af öðrum stjórnmalamönnum í nýrri könnun, þar sem spurt er hverjum fólk treysti best til að gegna embætti forsætisráðherra. Alls sögðust 27,6% aðspurðra treysta Hönnu Birnu best, en næst á eftir henni kemur Bjarni Benediktsson með 14,3% fylgi. Könnunin var unnin af MMR fyrir Viðskiptablaðið. Aðeins 12,5% aðspurðra segjast treysta Jóhönnu Sigurðardóttur, sitjandi forsætisráðherra, best í forsætisráðherraembættið, en samflokksmaður hennar, Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra er með 12,7% fylgi. Enginn munur er á fylgi við Steingrím J. Sigfússon fjármálaráðherra og Katrínu Jakobsdóttur menntamálaráðherra en þau mælast bæði með

11,3% fylgi. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, mælist svo með 10,4% fylgi. Voru þátttakendur í könnuninni beðnir að taka afstöðu til þessa fólks, vegna þess að það naut mest fylgis í könnunum, sem birtar hafa verið í Viðskiptablaðinu undanfarnar vikur. Þegar lagt er saman fylgi við Sjálfstæðismennina tvo, Hönnu Birnu og Bjarna, kemur í ljós að 41,9% aðspurðra vilja annað hvort þeirra sem næsta forsætisráðherra. Samanlagt fylgi við Samfylkingarfólkið, Jóhönnu og Guðbjart, er um 25,2% og fylgi við ráðherra Vinstri-grænna, Steingrím og Katrínu, er samanlagt um 22,6%. Fylgi við Bjarna, Guðbjart, Jóhönnu, Katrínu og Steingrím er innan vikmarka og því í raun ekki merkjanlegur munur á þeim fimm. Fylgismunurinn á Bjarna og Sigmundi er utan vikmarka og staða Hönnu Birnu er traust í fyrsta sætinu. Óvinsælir leiðtogar. Áhugavert er að sjá að þrátt fyrir að 61,4% sjálfstæðismanna treysti Hönnu Birnu betur en Bjarna til að gegna embætti

formanns Sjálfstæðisflokksins, eins og greint var frá á vef Viðskiptablaðsins í gær, þá segjast aðeins 51% þeirra treysta henni best í forsætisráðherraembættið. Í sömu könnun sögðust 38,6% sjálfstæðismanna treysta Bjarna betur í formannsembættið, en 36,1% þeirra treysta honum best í forsætisráðherra-stólinn. Eins er áhugavert að af núverandi leiðtogum flokkaanna er Sigmundur Davíð einn með fylgi meirihluta stuðningsmanna eigin flokks í forsætisráðherraembættið. Um 61,1% Framsóknarmanna vilja hann sem forsætisráðherra, en formenn hinna flokkanna eru með minna en 50% fylgi eigin flokksmanna. Hanna Birna ber af hinum stjórnmalamönnum sem spurt var um í könnuninni, hvort sem rætt er um menntun, starf eða heimilistekjur. Tvær undantekningar eru þar á, Sigmundur Davíð er með mest fylgi allra hjá bændum og sjómönnum, eða 24,3%, og þá er Bjarni með mest fylgi meðal stjórnenda, eða 27,4%. Spurdur voru 879 manns. Afstöðu tóku 63,4%, 28,0% sögðust ekki vita og 8,6% vildu ekki svara.

Ókeypis Bilanagreining á PC tölvum

TÖLVUVIRKNI

Tölvuvirkni ehf - Holtasmára 1 - Kópavogi - Sími 5556250



JÓLAGJAFIR Í PENNANUM

# Gefðu gott sæti



Medapal skrivborðsstóll

Verð: 129.900 kr.

Tilboð: 103.920 kr.

20%  
afsláttur

Shape skrivborðsstóll

Verð: 129.900 kr.

Tilboð: 103.920 kr.



20%  
afsláttur

Tertio skrivborðsstóll

Verð: 74.900 kr.

Tilboð: 59.920 kr.

20%  
afsláttur



Dealer skrivborðsstóll

Verð: 24.900 kr.

Tilboð: 18.675 kr.

25%  
afsláttur



5  
ára  
ábyrgð

Hjá Pennanum fæst gott úrval af frábærum skrivborðsstólum sem henta vel til jólagjafa. Við bjóðum nú fjórar tegundir af gæðastólum frá heimspekkum framleiðendum með allt að 25% afslætti.

Þú getur stólað á að finna góða jólagjöf í Pennanum.

Fáðu faglega ráðgjöf og skoðaðu úrvalið í sýningarsölum okkar í Hallarmúla 4, Reykjavík og Hafnarstræti 91-93 á Akureyri.



Með þér í vinnunni



Í STUTTU MÁLI

Express hættir Ameríkuflugi tímabundið

» Iceland Express hættir tímabundið að fljúga til New York í Bandaríkjunum 9. janúar næstkomandi. Flug mun hefjast að



tíma til þess að bóka með öðrum eða afbóka hótél og annað sem fylgir ferðalaginu.

Olíuvinnsla hafin á Blackbird-svæðinu

» Færeyska olíuleitarfyrirtækið Atlantic Petroleum, sem skráð er í Kauphöllina hér á landi, tilkynnti í gær að olíuvinnsla væri hafin á Blackbird-svæðinu í Norðursjó, austur af Skotlandi. Olíuvinnslan hefst 6 vikum á undan áætlun en Atlantic Petroleum á 9,4% hlut í vinnslunni. Olíuleit hófst á Blackbird-svæðinu árið 2008 og fer fram á nokkrum stöðum í samstarfi við breska olíuleitarfyrirtækið Nexen sem á 90,4% hlut í vinnslunni. Þá hefur Atlantic Petroleum, í gegnum dótturfélag sitt í Bretlandi, aukið hlut sinn í leit og vinnslu á Perth-svæðinu, sem einnig er í Norðursjó, með kaupum á 19,1% hlut af breska félaginu Maersk Oil.



Kakan fellur

» Tap Mosfellsbakarís ehf. nam í fyrra tæplega 11,8 m.kr. eftir fjármagnsliði, samanborið við hagnað upp á 7,4 m.kr. árið 2009. Rekstrartap félagsins nam í fyrra tæpum 900 þús.kr. samanborið við rekstrarhagnað upp á 16,5 m.kr. árið áður. Skuldir félagsins í árslok námu um 136 m.kr. og hækkuðu um tæpar 13 m.kr. Langtímaskuldir félagsins námu um 85,5 m.kr. Eigið fé



félagsins var þó tæpar 96 m.kr. í árslok og hækkaði um tæpar 12 m.kr. á milli ára. Mosfellsbakarí var stofnað árið 1982 af hjónunum Ragnari Hafliðasyni og Áslaugu Sveinbjörnsdóttur. Sonur þeirra, Hafliði Ragnars-son sem þekktur er orðinn fyrir gourmet súkkulaðiframleiðslu, sér nú um framleiðslustjórn félagsins. Bakaríið rekur tvær verslanir, í Mosfellsbæ og í Reykjavík.

|                                       | 2010  | 2011  | % breyting | ÁÆTLUN<br>2012 | % breyting |
|---------------------------------------|-------|-------|------------|----------------|------------|
| Auðlegðarskattur                      | 3.817 | 4.802 | 25,8%      | 4.802          |            |
| Viðbótarauðlegðarskattur              |       | 1.758 |            | 1.758          |            |
| Hækkun 2012                           |       |       |            | 1.500          |            |
| Eignarskattar alls                    | 3.817 | 6.560 | 71,9%      | 8.060          | 23,0%      |
| Gjaldendur auðlegðarskatts            | 3.817 | 4.772 | 25,0%      |                |            |
| Gjaldendur viðbótarauðlegðarskatts    |       | 3.388 |            |                |            |
| Allar upphæðir eru í milljónum króna. |       |       |            |                |            |
| Heimild: Tíund.                       |       |       |            |                |            |

Skattar Auðlegðarskattur skili meira en átta milljörðum á næsta ári

# Tvöföldun á tveimur árum

Pegar auðlegðarskatturinn var lagður á árið 2010 skilaði hann ríkissjóði 3,8 milljörðum. Í ár skilaði hann 6,5 milljörðum og reikna má með að upphæðin losi átta milljarða á næsta ári.

ARNÓR GÍSLI ÓLAFSSON  
ago@vb.is

Það hefur verið haft á orði að fátt sé eins varanlegt og tíma- bundnir skattar og það virðist ætla að verða raunin með auðlegðarskattinn. Hann átti að óbreyttu að falla niður frá og með næsta ári en samkvæmt frumvarpi fjármálaráðherra á nú að framlengja hann til ársins 2015. En það er ekki nóg með að lengja eigi lífdaga hans heldur á hann að skila ríkissjóði liðlega tvöfalt hærri upphæð á næsta ári en árið 2010 þegar hann var fyrst lagður á; væntanlega liðlega átta milljörðum króna á móti um 3,8 milljörðum árið 2010.

Um 1.500 milljónir til viðbótar Í máli fjármálaráðherra, þegar hann mælti fyrir frumvarpi um ráðstafanir í ríkisfjármálum og þ.m.t. breytingu á auðlegðarskattinum, kom fram að miðað sé við að viðbótaskattur ríkisins vegna hækkingar á álagningarhlutfalli auðlegðarskattsins verði um 1,5 milljarðar á næsta ári. Í Tíund kemur fram að í fyrra greiddu tæplega 4.800 gjaldendur auðlegðarskatt og viðbótarauðlegðarskatt. Verði fjöldi gjaldenda svipaður á næsta ári myndi það þýða að hver þeirra greiddi að meðaltali um 1,6 milljónir króna í auðlegðarskatt.

Fjármálaráðherra vísaði í ræðu sinni m.a. til þess að upptaka auðlegðarskatts væri að ryðja sér til rúms í mun fleiri ríkjum og frægast væri nú að Obama Bandaríkjaforseti hefði boðað að hann hygði á skattlagningu af þessum toga. Tryggvi Þór Herbertsson benti á að ekki væri verið að tala um skatt af þessu tagi erlendis, þar væri verið að ræða um að leggja hærri skatta á hina tekjumeiri en ekki að leggja á eignarskatta.

Kvartanir frá eigendum fjölskyldufyrirtækja Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (SA), segir að auðlegðarskatturinn og síðan hækkun hans hafi mjög neikvæð áhrif á mörg fyrirtæki. SA hafi fengið margar kvartanir vegna auðlegðarskattsins, ekki síst

frá eigendum fjölskyldufyrirtækja sem hafi verið rekin með ábyrgum hætti, ekki safnað skuldum og eigendur ekki gert miklar kröfur um arðsemi eða tekið mikið út úr þeim í formi launa eða arðs. „Svo lenda eigendur í þessum skatti núna og þurfa þá að fara greiða sér út arð úr fyrirtækinu en þá er líka 20% skattur á honum og þá þarf að greiða miklu meira út úr fyrirtækjunum til að standa undir arðinum og auðlegðarskattinum. Það kemur síðan niður á fjárfestingargetu þessara fyrirtækja og það er einkum það sem við höfum áhyggjur af og erum að sjá. Við höfum fengið æ fleiri kvartanir einmitt vegna þessa, þ.e. að þetta bitni mikið á þeim sem hafa farið varlega og verið hófsamir í sínum rekstri og byggt upp öflug fjölskyldufyrirtæki, kannski áratugum saman.“

## Ekki farið fram af mikilli hörku

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, telur að miðað við ástandið í þjóðfélaginu og stöðuna í ríkisfjármálum verði að telja skattlagninguna skiljanlega. „Við höfum talið að í þeim þrengingum sem við erum í sé það alveg rökrétt að leita á náðir þeirra sem eiga mest. Sett í samhengi við aðstæður fólks almennt í þjóðfélaginu þá verður því seint haldið fram að farið sé fram af mikilli hörku með auðlegðarskattinum,“ segir Gylfi.



VB MYND/BIG

www.arvik.is



FLUGUSTANGIR



EINNIG FÁANLEGAR  
SÉRSMÍÐAÐAR



FERSKVATN EÐA SJÓR

A3 F  
G2 S4  
X2S  
S4S

VALKOSTIR Í  
SÉRSMÍÐI



TIL LEIGU

Lækjargata 2a  
101 Reykjavík

# Einstakt tækifæri á besta stað í bænum

- Fyrsta flokks staðsetning fyrir vandaða verslun og veitingahús
- 5 hæða bygging við Lækjargötu – 3 verslunarhæðir og 2 veislusalir (kjallari, jarðhæð 2., 3. og 4. hæð, samtals 1611 m<sup>2</sup>)
- Leigist sem heild eða í hæðum



[www.reitir.is](http://www.reitir.is)

**: REITIR**

Vönduð umgjörð fyrir vinnandi fólk



Nánari upplýsingar veitir  
**Halldór Jensson**  
840 2100  
[halldor@reitir.is](mailto:halldor@reitir.is)

Reitir fasteignafélag er stærsta þjónustufyrirtækið á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis á Íslandi. Reitir hafa yfir að ráða fjölbreyttu fasteignasafni sem samanstendur af um 130 fasteignum sem staðsettar eru víðsvegar um landið.



Í STUTTU MÁLI

FME varar við vafasömum fyrirtækjum

» Svo virðist sem sífellt fleiri óprúttirnir aðilar reyni að notfæra sér fjárhagslega örvæntingu fólks með því að plata það í alls kyns fjárfestingarævintýri, hvort sem um er að ræða hlutabréfa-kaup eða gjaldeyrisviðskipti. Það sem af er þessu ári hefur Fjármálaeftirlitið gefið út um 480 viðvaranir um slík fyrirtæki, en allt árið í fyrra voru viðvaranirnar alls um 190 talsins. Í flestum tilfellum hefur FME verið að endurbirta viðvaranir frá erlendum eftirlitsaðilum og afar sjaldan hafa fyrirtækin reynt að selja þjónustu sína hér á landi. Dæmi eru þó um slíkt, eins og þegar útibú panamíska gjaldeyrisviðskiptafyrirtækisins Finanzas Forex var með starfsemi hér á landi fyrir nokkrum árum án þess að hafa til þess leyfi.

Dani fjárfestir í rafbílasölu

» Daninn Carl Nielsen hefur fjárfest í Northern Lights Energy fyrir eina milljón Bandaríkjadala eða sem nemur um 115 milljónum króna. Ekki er einungis um fjárfestingu að ræða heldur mun Northern Lights Energy og Cleardrive taka upp samstarf á sviði rafbíla. Northern Lights Energy vinnur meðal annars að rafbílavæðingu Íslands undir merkjum dótturfyrirtækisins Even. Unnið er að lausnum á öllum þáttum sem snúa að rafbílavæðingu Íslands. Þar á meðal er framleiðsla og uppbygging rafpóstakerfis fyrir rafbíla, innflutningur og sala rafbíla og einnig uppbygging þjónustu og eftirmarkaðar fyrir rafbíla.

Fleiri fyrirtæki skila ársreikningum

» Tæplega 20 þúsund skilaskyldra félaga, eða 19.913 talsins, höfðu skilað inn ársreikningum sínum vegna síðasta reikningsárs 10. nóvember í síðustu viku. Þetta eru 60,5% skilaskyldra fyrirtækja á Íslandi, samkvæmt upplýsingum Creditinfo á Íslandi. Á sama tíma í fyrra höfðu 16.812 fyrirtæki skilað ársreikningi sínum, eða 51,6%. Talsvert hefur verið um slóðahátt í skilum á ársreikningum í gegnum tíðina og hefur Viðskiptaráð Íslands hvatt fyrirtæki landsins til að taka sig á, skila uppgjörum innan lögbundinna tímamarka og reyna með því móti að bæta úr skorti á upplýsingum um stöðu íslenskra fyrirtækja.

Áfram tap á rekstri Innovit

» Tap nýsköpunar- og frumkvöðlasetursins Innovit nam á síðasta ári 4,1 m.kr., samanborið við tap upp á tæpar 4,9 m.kr. árið 2009. Samanlagt tap Innovit sl. tvö ár er því um 9 m.kr. Rekstrartap fyrir fjármagnsliði nam rúmlega 1,6 m.kr., samanborið við 3,5 m.kr. árið áður. Vaxtagjöld félagsins jukust verulega á milli ára og námu 2,6 m.kr. á síðasta ári, samanborið við 1,3 m.kr. árið áður. Eigið fé félagsins var í árslok neikvætt um 4,3 m.kr. og skuldir félagsins námu rúmlega 14 m.kr. Innovit er að mestu í eigu Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, HÍ, HR og Samtaka iðnaðarins. Stjórnarformaður er Þórlindur Kjartansson.



Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri vill ekki velja vöngum yfir því hvort gagnrýnendur peningastefnunefndar tali gegn betri vitund.

VB MYND/AXEL JÓN

Efnahagsmál Arnór Sighvatsson segir miðlun stýrivaxta gegnum gengið virka

# Reiði og ótti ekki góðir förunautar

Aðstoðarseðlabankastjóri segir umræðuna um stýrivaxtaákvæðanir bergmála reiði og ótta. Að hans sögn er miðlunartími stýrivaxta yfirleitt um 18 mánuðir og óvissan mikil.

G. SVERRIR ÞÓR  
sverrirth@vb.is

Þegar peningastefnunefnd Seðlabankans kaus að hækka stýrivexti sína um 0,25 prósentustig nú í byrjun nóvember hófu margir málsmetandi menn í samfélaginu upp raust sína og gáfu í skyn að peningastefnunefnd væri algjörlega úr takti við hagkerfið og að með þessu væri verið að vega að þeim efnahagsbata sem þó hafi orðið á undanförnum misserum.

Þetta er svo sem ekki í fyrsta skipti sem slíkar raddir heyrast þegar peningastefnunefnd hefur ekki fylgt almenningssálitinu og óma þær oft víða úr samfélaginu, bæði frá leikum og lærðum á sviði hinna leiðu vísinda. Í hópi hinna mest áberandi í þessum kór eru oft vel menntaðir hagfræðingar sem ættu að vera kunnugir kenningum peningamálahagfræðinnar sem segja miðlunarferli vaxtabreytinga jafnan vera um 18 mánuði. Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri segist í samtali við Viðskiptablaðið ekki vilja velja vöngum yfir því hvort menn séu þarna að tala gegn betri vitund eður ei. Hann segir þó að þarna sé á vissan hátt

verið að bergmála þann ótta og reiði sem ríkir í samfélaginu. „Reiði og ótti eru ekki góðir förunautar þegar verið er að taka hagstjórnarlegar ákvarðanir,“ segir hann.

Ekki mikill munur

Eins og áður segir hafa hagfræðingar það fyrir satt að það taki um 18 mánuði að miðla vöxtunum út í hagkerfið og segir Arnór rannsóknir sem unnar voru hér á landi fyrir hrún benda til þess að ekki hafi verið mikill munur á Íslandi og öðrum þróuðum löndum í þeim efnum. Hann segir óvissuna þó alltaf mikla og hún aukist eftir því sem lengra er horft út vaxtarófið. „Áhrifa vaxtabreytinga á ýmsa skammtímavexti gætir yfirleitt ansi fljótt á fjármálamarkaði. Á móti kemur að vextir á lánum til neyt-

enda og fyrirtækja eru oft fastir og til lengri tíma og þá er erfiðara að greina áhrif stýrivaxtabreytinga til skamms tíma,“ segir hann og bætir við að þetta eigi ekki eingöngu við á Íslandi. Jafnframt séu aðstæður á Íslandi nú mjög óvenjulegar í ljósi gjaldeyrishaftanna sem hafa verið í gildi síðan bankakerfið hrundi síðla árs 2008. Gjaldreyrshöftin trufla virkni stýrivaxtanna.

Hjálpar ekki til

„Ein af miðlunarleiðum stýrivaxta er sem kunnugt er í gegnum gengi gjaldmiðilsins og það hefur vita-skuld sitt að segja að gjaldeyrishöftin séu til staðar. Það er hins vegar alrangt að gjaldeyrishöftin loki al-farið fyrir þessa miðlunarleið eins og ítrekað hefur komið fram í umræðunni,“ segir Arnór.

Áhættuleiðréttur vaxtamunur við útlönd hafi þannig áhrif á ráðstöfun útflutningstekna á milli krónu eða gjaldeyrisreikninga, sniðgöngu gjaldeyrisreglna, lántöku og endurgreiðslu erlendra lána, auk þess sem raunvaxtastig-ið hafi áhrif á kaup á varanlegri neysluvöru og þar með gjaldeyrismarkaðinn. Þá leggur Arnór áherslu á mikilvægi þessarar miðlunarleiðar enda sé hið lága gengi krónunnar meginuppspretta verð- og launabólgu á Íslandi um þessar mundir.

Aðspurður hvort hin ofsafengna umræða sem oft á sér stað um vaxtaákvæðanir Seðlabankans grafi undan trausti á peningastefnu segir Arnór hana alla vega ekki hjálpa til við að byggja upp traust.

## Að iðka peningastefnu

Arnór Sighvatsson lét þau orð falla fyrir nokkrum árum að það að reyna að iðka peningastefnu í verðtryggðu umhverfi væri **ekki ósvipað því að reyna að hlusta á sínfóníu með þungarokk spilað á hæstu stillingu í herberginu við hljóðna.** Aðspurður hvort verðtryggingin torveldi miðlun stýrivaxtanna út í vaxtarófið segir hann svo vera enda auki verðtryggingin mjög á óvissuna.





# SAMNINGUR ER UNDIRRITAÐUR Í BORGARTÚNI. 10:30 NÆSTA DAG ER HANN LENTUR Á WALL STREET.

• • • • •

Sem Alþjóðasérfræðingar vinnum við stöðugt með tímaáætlanir. Málið snýst um þekkingu á hvernig spara má tíma, rétt eins þyrlupjónustan okkar í New York. Það þýðir að við getum ábyrgst afhendingu DHL hraðsendingar í fleiri löndum og landsvæðum en nokkur annar.

**Þetta er gula leiftrið**

[www.dhl.is/express](http://www.dhl.is/express)



Í STUTTU MÁLI

Líf að færast í Holtagarða

» Nokkuð líf hefur verið að færast í Holtagarða að undanfögnu en gengi verslana þar hefur fram að þessu verið nokkuð stopult. Í byrjun nóvember var ný líkamsræktarstöð, Reebok-Fitness, opnuð í Holtagörðum en hún er tæplega 4.000 m<sup>2</sup> að stærð. Þá hefur N1 nýlega opnað þar útsölumarkað. Guðjón Auðunsson, forstjóri Reita, sem á og rekur Holtagarða, segist í samtali við Viðskiptablaðið gera ráð fyrir að allt verslunarrými í Holtagörðum verði að fullu nýtt innan næstu mánaða. Vissulega hafi miklar vonir verið bundnar við lagningu Sundabrautar á sínum tíma og verslunareigendur gengið út frá því að af framkvæmdum yrði. Nú séu hins vegar breyttir tímar en allt stefni í að nýtingin á húsnæðinu verði með besta móti.

Hafnarfjörður stefnir ríkinu

» Reykjanesbær mun greiða upp hluta af skattaskuld sinni við ríkissjóð með sölu á landi og jarðhitaauðlindum jarðanna Kalmanstjarnar og Junkaragerðis. Um 930 milljónum af um 1.750 milljóna skattskuld verður jafnað upp á móti söluverðinu sem nemur 1.230 milljónum króna. Skuld Reykjanesbæjar er fjármagnstekjuskattur vegna sölu á hlut bæjarins í HS Orku hf. árið 2009 en fram kom í Fréttablaðinu að Hafnarfjörður hafi nú stefnt ríkinu vegna fjármagnstekjuskatts af sölu á hlut bæjarins í HS Orku og nemur skatturinn um 800 milljónum króna í tilviki Hafnarfjarðar. Skýringin á skattinum sé sú að HS Orka hafi verið skráð hlutafélag jafnvel þótt það hafi aðeins verið sveitarfélög sem seldu.



HAFNARFJÖRÐUR

Breytt í stöðugar horfur

» Japanska matsfyrirtækið R&I hefur breytt horfum um láns-hæfiseinkunn ríkissjóðs fyrir erlendar langtímaskuldbindingar úr neikvæðum í stöðugar. Fram kemur í Morgunkorni Íslandsbanka að R&I hafi mun minni áhyggjur af því að Icesave-deilan sé ennþá óleyst en það hafði fyrir ári þegar það lækkaði láns-hæfiseinkunn ríkissjóðs í spákaupmennskuflokk. R&I telji að þrátt fyrir að Íslendingar þurfi að standa við skuldbindingu vegna Icesave þá muni það ekki leiða til mikillar skuldaaukningar. Á hinn bóginn hafi R&I áhyggjur af því að skuldabyrði rik-


isins aukist vegna þess að töluverður hluti lána í bankakerfinu sé enn í vanskilum og því sé enn sú hættu fyrir hendi að ríkið þurfi að auka fjárframlög til fjármálastofnana.

Tvö þúsund skráðir hjá Tryggingavaktinni

» Rúmlega 2000 manns hafa skráð sig í Tryggingavaktina, nýja þjónustu hjá félaginu Trygging og ráðgjöf. Í tilkynningu segir að um sé að ræða nýjung á Íslandi, en hlutverk vaktarinnar er að meta váttryggingaþörf viðskiptavina og tryggja þeim sem ódýrastar og bestar tryggingar hverju sinni. Tryggingavaktin setur sig í samband við viðskiptavininn með reglubundnu millibili til að endurmeta tryggingaþörf og iðgjöld. Þorsteinn Pétursson, markaðsstjóri Tryggingavaktarinnar, segir viðbrögð mjög góð. Reynsla þeirra sé sú að iðgjöld hafi lækkað hjá viðskiptavinum um 30 til 70 þúsund krónur að meðaltali. Á myndinni er Þorsteinn ásamt Hákonni Hákonarsyni, eiganda Trygginga og ráðgjafar.



Velta hlutabréfa Icelandair á markaði



Viðskipti Framkvæmdastjóri FSÍ telur engar líkur á leka úr stjórn sjóðsins

Tífold velta daginn fyrir tilkynningu

Mikil velta var með bréf í Icelandair Group viðskiptadaginn fyrir tilkynningu á sölu á 10% hlut FSÍ.

HALLGRÍMUR ODDSSON  
hallgrimur@vb.is

Föstudaginn 4. nóvember tilfaldaðist velta með bréf Icelandair Group samanborið við meðalveltu bréfanna síðustu 24 viðskiptadaga á undan, eða frá byrjun októbermánaðar. Næsta viðskiptadag, mánudaginn 7. nóvember síðastliðinn, tilkynnti Framtakssjóður Íslands (FSÍ) um sölu á 10% hlut í Icelandair Group. Mikil aukning viðskipta gæti gefið til kynna að einhverjar á markaði hafi verið kunnugt um áform FSÍ, áður en tilkynnt var um þau til Kauphallarar.

Samkvæmt heimildum Viðskiptablaðsins fundaði stjórn FSÍ um hádegisbil á föstudeginum, þar sem ákveðið var að selja 10% hlut. Við upphaf viðskipta þann dag var verð á hlut 5,74 krónur. Verð fór hins vegar lakkandi í miklum viðskiptum og endaði í 5,47 krónur. Alls nam veltan þennan dag rúmlega 210 milljónum króna. Þar af var veltan um 51 milljónir fyrir hádegi og 162 milljónir eftir hádegi.

Ljóst er að lækkunin leiddi til þess að lágmarksverð í útboði FSÍ á hlut sínum var lægra en ella. Lágmarksverð FSÍ var 5,42 krónur á hlut. Heimildir herma enn fremur að stjórn og þeir sem standa FSÍ nærri hafi furðað sig á miklum viðskiptum og lækkun. Eftir því var þó ekki tekið fyrir en eftir lokun markaða á föstudeginum.

Telur engar líkur á leka

Finnbogi Jónsson, framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands, segist ekki hafa neina trú á að upplýsingar hafi lekið frá Framtakssjóði

Íslands um væntanlega sölu. Hann hafi enga ástæðu til þess að ætla það. Hann sagði það þó ekki vera hlutverk sjóðsins að fylgjast með hreyfingum á hlutabréfaverði, heldur sé slíkt í verkahring Kauphallarinnar.

FSÍ var fyrir viðskiptin stærsti hluthafinn í flugfélaginu með um 30% hlutafjár. Kaupendur 10% hlutarins voru að stærstum hluta sjö lífeyrissjóðir sem allir eiga í FSÍ. Þeir keyptu um 7% hlutafjár, en FSÍ er í eigu 16 lífeyrissjóða, Landsbankans og VÍS.

viðskipti hafi verið framkvæmd á grundvelli innherjaupplýsinga sem ekki hafa verið gerðar opinberar eða ef grunur er um markaðsmisnotkun, þá vísar Kauphöllin málinu til Fjármálaeftirlitsins (FME) til frekari skoðunar, í samræmi við þær skyldur sem á henni hvíla,“ segir Kristín í svari við fyrirspurn Viðskiptablaðsins. Ekki er upplýst opinberlega um áfram-sendingu mála til FME.

Mikið um nýjar upplýsingar

Þegar viðskiptin á föstudeginum fyrir tilkynninguna eru borin saman við viðskiptadagana á undan sést mikið stökk í veltu. Eftir

Samkeppni væntanleg

Til viðbótar við sölu FSÍ og árs hlutauppgjör nú í nóvember tilkynnti lággjaldaflugfélagið easyJet um að það hefur flug til landsins í mars næstkomandi. Formleg tilkynning frá easyJet barst 9. þessa mánaðar. Þann miðvikudag var einnig mikil velta með bréf í Icelandair. **Dagurinn var jafnframt fyrsti viðskiptadagur eftir að 10% hluturinn skipti um hendur.** Á meðfylgjandi grafi er þeim degi sleppt, þ.e. þriðjudeginum, en velta nam tæpum 3 milljörðum. Töluverð hreyfing hefur því verið á bréfum Icelandair Group í Kauphöllinni í nóvember og mikið um upplýsingar sem geta verið verðmyndandi. Meðalvelta í október nam um 20 milljónum á dag og meðalfjöldi viðskipta tæplega fjögur. Ef frá er talin dagurinn sem FSÍ seldi hlut sinn nemur dagleg velta það sem af er nóvember um 77 milljónum. Hlutabréfaverð Icelandair hefur lækkað nokkuð í mánuðinum, alls um 12%.

Öll viðskipti skoðuð

Kristín Jóhannsdóttir, samskiptastjóri Nasdaq OMX á Íslandi, segir Kauphöllina ekki geta tjáð sig um hvort tiltekin mál séu til rannsóknar eða ekki. Aðspurð um verklagsreglur Kauphallarinnar varðandi slík mál segir hún að öll viðskipti séu skoðuð með tilliti til þess hvort um eitthvað óeðlilegt geti verið að ræða.

„Ef um er að ræða grun um brot gegn ákvæðum laga um verðbréfa-viðskipti, t.d. ef grunur er um að

lokun markaða miðvikudaginn 2. nóvember birti Icelandair Group árs hlutauppgjör þriðja ársfjórðungs. Þann dag var velta töluverð í samanburði við rúmlega mánaðartímabil á undan. Svipuð velta, um 60 milljónir, var með bréfin á fimmtudeginum. Í samanburði við þessa tvo daga, sem voru þó veltumiklir miðað við tímabilið á undan, jókst veltan á föstudeginum um 350%. Að sama skapi voru viðskipti með bréf í félaginu rúmlega tvöfalt fleiri, eða alls 24.



Verður þín hugmynd að veruleika á Ásbrú?



# Til hamingju með grænt gagnaver!

Við óskum Verne Global til hamingju með opnun á 500 m<sup>2</sup> gagnaveri á Ásbrú í Reykjanesbæ. Gagnaverið er fyrsti áfangi uppbyggingar á alþjóðlegri miðstöð gagnavera á Ásbrú sem verður knúin af endurnýjanlegum orkugjöfum. Gagnaverið er þar að auki sérhannað til þess að nýta vindkælingu á svæðinu sem sparar gríðarlegt magn af orku. Gagnaverið er umhverfisvænn hátækniiðnaður. Framtíðin er græn.


Verne Global er eitt fjölmargra fyrirtækja sem kjósa Ásbrú, samfélag frumkvöðla, fræða og atvinnulífs, sem sína bækistöð.

[www.verneglobal.is](http://www.verneglobal.is)



Ásbrú í Reykjanesbæ er kjörinn staður fyrir fyrirtæki á sviði tækni og heilsutengdrar þjónustu, auk fyrirtækja sem sjá hag sinn í nálægð við alþjóðaflugvöll.

Á Ásbrú er stór háskólagarður, spennandi nám í boði hjá Keili, kvikmyndaver, heilsuþorp í fararbroddi heilsuferðamennsku, tækniþorp og fjöldi áhugaverðra sprotafyrirtækja. Mikil uppbygging er á svæðinu og má þar nú meðal annars finna leikskóla, grunnskóla og veitingastað.



Nánari upplýsingar um Ásbrú má finna á [www.asbru.is](http://www.asbru.is) og hjá Kadeco sem hefur frá árinu 2006 leitt uppbyggingu á Ásbrú.



Próunarfélag Keflavíkurflugvallar  
Sími 425 2100 | [fyrirspurnir@kadeco.is](mailto:fyrirspurnir@kadeco.is)



Í STUTTU MÁLI



Frysting og frestun greiðslna hjá Gogoyoko

Tap Gogoyoko í fyrra nam tæpum 116 milljónum króna samanborið við rúma 91 milljón króna árið áður. Tapið nam 164 milljónum króna ef tillit er tekið til þróunarkostnaður sem var eignfærður. Gengið hefur verið frá fjármögnun félagsins við Frumtak ehf. sem kemur með 55 milljónir króna til að bæta eiginfjárstöðuna sem var neikvæð um 33 milljónir króna í lok síðasta árs. Skuldir við tvo stærstu hluthafa sem nema meirihluta skulda verða endurskipulagðar með langtímalánum án greiðslu vaxta eða höfuðstóls til tveggja ára. Samið hefur verið við aðra stærstu lánardrottna um frestun greiðslna. Gangi rekstraráætlun félagsins eftir hefur Frumtak skuldbundið sig til að fjárfesta fyrir 95 milljónir til viðbótar í félaginu. Í árslok 2010 eru hluthafar samtals 23. Fjórir hluthafar eiga samtals yfir 60% af öllu hlutafénu en það eru Gogo Holding slhf. sem á 31%, Haukur D. Magnússon, framkvæmdastjóri félagsins með 15% og Pétur Jóhann Einarsson, 15%.



101 skuggi hagnast um 377 milljónir

101 skuggi ehf. hagnaðist um 377 milljónir króna árið 2010 samanborið við 4,5 milljarða tap árið áður. Eigið fé félagsins er neikvætt um tæpa fjóra milljarða og eignir nema samtals 2,3 milljörðum. Skammtímaskuldir nema rúmlega sex milljörðum króna og jukust um 800 milljónir á árinu 2010. Bókfært virði fjárfestingaæigna nemur 201 milljón í lok árs. 101 skuggi er í eigu Þyrpingar sem er í eigu Arion banka.

Dýrt að drekka og reykja



Það hefur löngum verið talið fremur dýrt að drekka áfengi og reykja á Íslandi og á undanförnum misserum hefur orðið miklum mun dýrara að leggja stund á þessa „ósiði“. Þannig hefur tóbak hækkað samkvæmt tölum Hagstofu Íslands um 53% frá haustinu 2008 og áfengið hefur hækkað lítilu minna eða um 46%. Þessar hækkanir koma fram í því að sem hlutfall af heildarútgjöldum fjölskyldunnar hafa útgjöld til áfengis og tóbaks farið úr 2,6% haustið 2008 í um 3,5% nú í haust en það er líðlega þriðjungsaukning.

Afnám gjaldeyrishafta

ÁFANGI 1

Að binda aflandskrónur og beina þeim í innlenda fjárfestingu.



ÁFANGI 2

Afnám hafta á álandskrónur.

**Efnahagsmál** Alþingi hefur ákveðið að flýta afnámi hafta þannig að þau verði horfin árið 2013

Innlend fjárfesting næsta skref

Alþingi hefur samþykkt að gjaldeyrishöftin skulu afnumin í síðasta lagi árið 2013 og er það ein af megináherslum í efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar. Ná þarf þremur meginmarkmiðum og uppfylla nokkur skilyrði áður en hægt er að afnema höftin.

G. SVERRIR ÞÓR  
sverrirth@vb.is

Afnám gjaldeyrishafta er lyk-  
ilþáttur í efnahagsáætlun  
stjórnvalda og var sem slíkt  
nefnt sérstaklega í þeirri áætlun  
sem Árni Páll Árnason, efnahags-  
og viðskiptaráðherra, kynnti á  
fundi með blaðamönnum í Þjóð-  
menningarhúsinu fyrir viku. Mik-  
ið hefur verið fjallað um afnám  
hafta að undanförunum og sýnist  
sitt hverjum. Sumir telja nauðsynlegt  
að afnema höftin umsvifalaust á  
meðan aðrir telja nauðsynlegt að  
fara hægar í sakirnar, treysta und-  
irstöðurnar og biðja þess að aðstæ-  
ður verði hagfelldari. Í hópi þessara  
eru Seðlabankinn, ríkisstjórnin, Al-  
þjóðagjalddeyrissjóðurinn og Nób-  
elsverðlaunahafinn Paul Krugman  
– ef marka má orð þau sem hann lét  
falla á ráðstefnu AGS og stjórnvalda  
í Hörpunni á dögunum.

Í áætlun Seðlabankans um af-  
nám hafta sem kynnt var í lok mars  
sl. eru lögð drög að þeim skrefum  
sem taka þarf áður en hægt er að  
afnema höftin að fullu. Þessi áætl-  
un hefur ekki breyst að neinu leyti  
nema því að Alþingi samþykkti nú í  
haust að höftin skuli afnumin í síð-  
asta lagi árið 2013 í stað ársins 2015  
eins og fram kom í áætlun Seðla-  
bankans.

Áður en lengra er haldið er rétt  
að taka fram að næsta skref í af-  
námi hafta er að heimila innlenda  
fjárfestingu fyrir þann erlenda  
gjalddeyri sem aflandskrónueigend-  
ur hafa fengið fyrir krónur sínar og



Næsta skref í afnámi hafta er að heimila innlenda fjárfestingu fyrir þann erlenda gjalddeyri sem aflandskrónueigendur hafa fengið fyrir krónur sínar. Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, kynnti efnahagsáætlun stjórnvalda fyrir viku. VB MYND/BIG

segir Þorgeir Eyjólfsson, verkefnis-  
stjóri við losun gjaldeyrishafta, að  
það verði kynnt fljótlega.

Þrjú markmið

Í skýringarmyndinni sem fylgir  
þessari umfjöllun eru teiknuð upp  
þau skref sem að mati Seðlabank-  
ans, og annarra aðila sem kunna að  
hafa komið að gerð áætlunarinnar,  
er nauðsynlegt að taka til þess að  
hægt sé að afnema gjaldeyrishöft,  
eða öllu heldur til þess að hægt sé  
að hefjast handa við annan áfanga  
áætlunarinnar sem er að afnema  
höft á svokölluðum álandskrón-  
um, þ.e. taka upp frjálsa fjármagns-  
flutninga á ný.

Segja má að til þess að hægt sé  
að hefja annan áfanga þurfi að upp-  
fylla þrjú markmið og sömuleiðis  
að fjöldi skilyrða þurfi að vera upp-  
fyllt. Víkjum fyrst að skilyrðunum  
en þar ber fyrst að telja að greiðslu-  
jöfnuðurinn þarf að vera nægilega  
öflugur til þess að þola hugsanlegt  
ústreymi svokallaðra heitra pen-

inga þegar höftunum verður af-  
létt. Jafnframt þarf að tryggja að  
aðgengi innlendra aðila að erlendu  
lánsfé verði á ásættanlegum kjör-  
um og að fjármálageirinn geti stað-  
ið af sér flókt á gjaldeyrissstreym-  
inu. Þá þarf að grynna verulega á  
stöðum erlendra aðila í íslenskum  
krónum áður en hægt er að aflétta  
höftunum auk þess að gengi krónu  
á aflandsmarkaði verður að færast  
nær opinberu gengi Seðlabank-  
ans. Að lokum verður að takmarka  
gjalddeyrissstöður bankanna og  
marka trúverðuga peningastefnu  
til framtíðar, alltént verður að auka  
trúverðugleika Seðlabankans.

Ef til vill má segja að tvö síð-  
astnefndu skilyrðin séu sjálfstæð  
í þeim skilningi að þau eru algjör-  
lega óháð afnámi hafta, það er ein-  
faldlega lífsnauðsynlegt frá bæj-  
ardrym hagstjórnarinnar séð að  
peningastefnan sé trúverðug sem  
og að fjármálafyrirtæki geti ekki  
grafið undan henni með glæfra-  
legum hætti.

Sagan endurtaki sig ekki

Víkjum nú að þeim þremur mark-  
miðum sem áður voru nefnd en  
þau eru í raun frekar einföld,  
a.m.k. í orði frekar en á borði,  
og hefur að einhverju leyti ver-  
ið víkið að þeim nú þegar. Fyrst  
þessara markmiða ber að nefna  
að draga verður úr magni króna  
á aflandsamarkaði. Hið næsta  
er að auka verður innlenda fjár-  
festingu, bæði innlendra og er-  
lendra aðila enda segir það sig  
sjálft að það er mun meira aðlað-  
andi fyrir krónueigendur að eiga  
krónur í vaxandi hagkerfi og er  
þetta næsta skref eins og áður  
segir.

Þriðja markmiðið er síðan að  
grípa til aðgerða sem til lengd-  
ar geta stuðlað að auknum efna-  
hagslegum stöðugleika á Íslandi,  
til þess að tryggja að landið sé  
álitlegur fjárfestingarkostur  
fyrir erlenda fjárfesta og jafn-  
framt til þess að tryggja að sag-  
an endurtaki sig ekki.



## Sparið vinnu og fyrirhöfn

Veislubjónusta Nings býður upp á úrval framandi og hefðbundinna veisluréttanna fyrir allar tegundir af veislum. Við elskum brúðkaup, fögnum afmælum, þökkum guði fyrir jólaveislurnar og...

# við erum rosalega spennt fyrir vinnustaðaveislum



# Veislubjónusta NINGS

Skoðið úrval  
veisluhugmynda  
á [www.nings.is](http://www.nings.is)

Veislur eru  
okkar fag

Verð frá  
**1795 kr.**  
pr. mann

Panta þarf  
veislur með  
minnst dags  
fyrirvara

Hafðu samband og við veitum ráðgjöf þér að kostnaðarlausu. Sími: 588 0999 og 822 8833



**Hlutabréfamarkaður** Stefnt að skráningu Regins og Reita á markað á næsta ári

# Purfa að endurskipuleggja efnahaginn

Afkoma fasteignafélaganna Regins og Reita hefur ekki verið góð og gera þarf umtalsverðar breytingar á efnahag félaganna. Engar þróunareignir verða í fasteignafélaginu Regin sem skráð verður á markað.

ARNÓR GÍSLI ÓLAFSSON  
ago@vb.is

**A** næsta ári á að skrá hlutabréf tveggja langsamlega stærstu fasteignafyrirtækja landsins í Kauphöllina. Stefnt er að skráningu Regins í byrjun eða mjög snemma á næsta ári en nokkuð lengra er í skráningu Reita, sem er stærsta fasteignafélag landsins, og er miðað við að það verði skráð á markað næsta haust. Að samanlögðu er verðmæti eignasafna þessara tveggja félaga um 130 milljarðar króna og þau ráða yfir fasteignum upp á um 630 þúsund fermetra. Fyrir liggur að endurskipuleggja þarf efnahagsreikning beggja félaganna til þess að þau verði tæk til skráningar á markað. Hjá Regin



Smáralind er sú eign sem vegur þýngst í eignasafni Regins og að sögn stjórnendanna er afkoman af rekstrinum traust.

VB MYND/HARI

## Skuldirnar of miklar

**G**uðjón Auðunsson, forstjóri Reita, segir að alltaf hafi legið fyrir að félagið hafi á sínum tíma verið skilið eftir af bönkunum við yfirtöku þeirra á félaginu í árslok 2009 með hámarks-skuldsetningu og að ekki væri hægt að skrá Reiti á hlutabréfamarkað með



óbreyttan efnahag, skuldir þess séu of miklar og arðsemi af eigin fé of lítil. Nú sé verið að safna gögnum og byrja að vinna að því að móta tillögur um hvernig stokka eigi upp efnahagsreikning félagsins. „Reitir eru stórt félag með geysistóran efnahagsreikning en við stefnum enn að því að félagið verði hæft til skráningar næsta haust. Ég sé ekki aðra leið en að minnka skuldabyrði félagsins, hvernig svo sem það verður síðan útfært.“

hefur þegar verið ákveðið hvernig það verður gert en sú vinna er rétt komin af stað í tilviki Reita.

**Afkoman ekki góð**  
Í erindi Brynjars Péturssonar hjá Capella Property Group á fræðslufundi VÍB fyrir nokkru kom fram nokkur gagnrýni á verðlagningu á skrifstofu- og atvinnuhúsnæði í bókum fasteignafélaga, en Brynjar telur eignir ofmetnar, í sum-

Verðmæti eignasafns: **34 milljarðar**  
Fjöldi eigna: **58**  
Fermetrar alls: **221.000 m²**  
Þróunarverkefni: **13**  
Helstu eignir: Smáralind  
Egilsöll  
Laugar.

Eigendur: Eignarhaldsfélag **NBI** ehf.,  
**Landsbankinn** (100%)

*Stefnt að skráningu í kauphöll í byrjun árs 2012.*

um tilvikum jafnvel um tugi prósent. Til sanns vegar má færa að afkoma Regins og Reita á undanförnum misserum hafi ekki verið neitt til þess að hrópa húrra yfir. Reitir skilaði að vísu hagnaði upp á um fimm milljarða fyrir skatta í fyrra en það er meira tala á blaði en raunverulegt fé; ef horft væri fram hjá bókfærðum gengishagnaði og uppfærslu á verðmæti eigna hefði hagnaðurinn numið um 550 milljónum eftir skatta sem þýddi ávöxtun eigin fjár upp á um 2,7%. Á fyrri helmingi þessa árs nam tap Reita um tveimur milljörðum króna fyrir skatta en ef lítið væri fram hjá gengistapi hefði tapið numið um 830 milljónum króna. Reginn var rekinn með 820 milljóna króna tapi í fyrra en samkvæmt tölum sem félagið hefur birt úr hálfárs-

uppgjöri nam hagnaðurinn um 66 milljónum króna á fyrri helmingi þessa árs. Sé það hins vegar fært á ársgrundvöll hefði arðsemi eigin fjár ekki mælst nema um 2,7% en á verðbólgu tímum sem þessum gæfi það neikvæða raunávöxtun.

**Þróunareignir settar í sér félag**  
Hartnær 20% af eignasafni Regins eru þróunareignir sem ekki eru tekjugefandi og verða þær skildar frá þannig að engar þróunareignir verða inni í fasteignafélaginu Regin, sem skráð verður á markað. Með þeim hætti minskar efnahagurinn, bæði skuldir og eignir, en tekjurnar verða meira eða minna óbreyttar og þar með batnar afkoman væntanlega til muna. Samkvæmt upplýsingum frá Regin er útleiguhlutfall í fasteignasafninu á bilinu 92-95% og

Verðmæti eignasafns: **93 milljarðar**  
Fjöldi eigna: **130**  
Fermetrar alls: **410.000 m²**  
Þróunarverkefni: **1** (Kringlureitur)  
Helstu eignir: Kringlan  
Smáratorg  
Holtagarðar  
Loftleiðir  
Nordica.

Eigendur: Eignabjarg (**Arion** banki) 43%  
Horn (**Landsbankinn**) 30%  
**Landic** Property 16%.

*Stefnt að skráningu í kauphöll haustið 2012.*

yfir 70% af leigusamningum eru nýir samningar. Gengið hefur verið frá endurfjármögnun eignasafns Regins og eru skuldirnar meira eða minna allar í verðtrygðum lánum og eingöngu í íslenskum krónum en á móti munu nær allir leigusamningar félagsins vera verðtryggðir, og að þessu leyti er áhætta félagsins lítil. Eiginfjárhlutfall Regins var um 13% um mitt þetta ár en reikna má með að stefnt sé að því að hlutfall eigin fjár við skráningu verði nálægt 25%.

Staða Reita er að flestu leyti flóknari, ekki síst vegna þess að eignir voru ekki keyptar til félagsins með sama hætti og hjá Regin heldur má segja að aðaleigendur Reita, Arion Banki og Landsbankinn, hafi lagt á félagið eins mikla skuldabyrði og hugsast gat

og að því leyti má færa rök fyrir því að eignir Reita séu hugsanlega ofmetnar. Þá flækir það málin að um 22% af skuldum Reita er í evrum þannig að gjaldeyrisáhætta er allnokkur. Á hinn bóginn er nýtingarhlutfall fasteigna gott samkvæmt upplýsingum frá Reitum eða 93-95% sem hlutfall af tekjum en örlitlu lægra mælt í nýtingu á fermetrum.

## Hátt í þriggja milljarða tekjur

**H**elgi S. Gunnarsson, framkvæmdastjóri Regins, segir að allar eða nær allar

þær eignir sem Reginn hafi keypt af Landsbankanum hafi verið keyptar á grundvelli sjóðstreymismats og því ekki um það að ræða að þær séu ofmetnar í bókum Regins heldur hafi þær verið keyptar á verði sem tekjurnar af þeim bera. „Eignasafninu verður skipt upp þannig að í skráða félaginu, Regin, verða ekki þróunareignir, heldur eingöngu tekjugefandi eignir. Eignasafnið sem fer á markað eftir áramótin er flott fasteignasafn með tekjur upp á hátt í þrjá milljarða króna á ári og stendur undir öllum skuldbindingum, þar á meðal undir arðsemi á eigin fé félagsins.“







Tveir eigenda Investum starfa hjá Reviva Capital í Lúxemborg, sem annast eignasafn Glitnis í Lúx. VB MYND/ADRIR

**Gjaldþrot** Nöfnum tveggja félaga var breytt áður en þau voru tekin til skipta

# Tvö félög Investum í þrot

Investum Management, félag í meirihlutaeigu Sigurðar Hrafn Kiernan og Brands Thor Ludwig, hefur verið úrskurðað gjaldþrota. Félagið Investum Holding er enn starfandi.

HALLGRÍMUR ODDSSON  
hallgrimur@vb.is

Fjárfestingarfélagið Investum Management ehf. og Investum Properties hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta. Skiptum á fyrrnefnda félaginu lauk undir lok síðasta sumars og fékkst ekkert upp í um 94,5 milljóna króna kröfur.

Investum Properties var úrskurðað gjaldþrota í byrjun október. Nöfnum félaganna var breytt skömmu fyrir gjaldþrot þeirra, í 431007 ehf. og 630508 ehf. Félagið Investum veitir ráðgjöf á sviði viðskipta. Þriðja kennitala tengd Investum er frá árinu 2009. Það er félagið Investum Holding 2009, sem er enn starfandi.

Í Rannsóknarskýrslu Alþingis kemur fram að eigendur Investum eru Sigurður Hrafn Kiernan (40%), Brandur Thor Ludwig (40%) og Guðmundur Björn Árnason (20%). Hinir tveir síðarnefndu starfa í dag hjá Reviva Capital í Lúxemborg. Það félag annast umsýslu og rekstur eignasafns Glitnis í Lúx. Sigurður Hrafn er framkvæmdastjóri Investum Holding. Félagið hefur skilað ársreikningi fyrir árið 2009 og var starfsemi á því ári lítil. Sigurður Hrafn hefur ekki svarað fyrirspurn Viðskiptablaðsins hvort Investum sé hætt starfsemi.

## 100 milljóna tap

Investum Management skilaði síðast ársreikningi árið 2008. Þá var tap af rekstrinum tæplega 660 þúsund evrur, jafnvirði rúmlega 100 milljóna króna á núverandi gengi. Heildareignir félagsins námu um 312 þúsund evrum og skuldir þess voru um 230 þúsund evrur.

## Í STUTTU MÁLI

### Vilja opna vínskápinn

» Búið er við að innan fjögurra vikna muni Héraðsdómur Reykjavíkur skera úr um hvort slitastjórn Kaupþings fái lyklana að 271 fermetra iðnaðarhúsnæði við Smiðshöfða í Reykjavík. Húsið er í eigu þeirra Steingríms P. Kárasonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra áhættustýringar Kaupþings, og Ingólfs Helgasonar, fyrrverandi forstjóra Kaupþings hér á landi. Húsið var á meðal þeirra eigna Steingríms og annarra fyrrverandi stjórnenda Kaupþings sem voru kyrrsettar í sumar. Ekki er vítað með vissu hvað leynist í iðnaðarhúsnæðinu. Grunur hefur leikið á að þar megi finna verðmætar vínbirgðir upp á tvö til þrjú hundruð milljónir króna sem þeir Steingrímur og Ingólfur hafi safnað að sér í gegnum tíðina. Nánar má lesa um málið á [www.vb.is](http://www.vb.is).



### Kærði ákvörðun sérstaks saksóknara

» Fjármálaeftirlitið (FME) hefur kært ákvörðun Embættis sérstaks saksóknara um að hætta rannsókn á starfsemi fimm lífeyris- sjóða sem voru í eignastýringu hjá gamla Landsbankanum. Greint var frá málinu á [vb.is](http://vb.is). Kæran var lögð fram um miðjan síðasta mán-



ud og er von á niðurstöðu ríkissaksóknara fyrir næstu mánaðamót. Unnur Gunnarsdóttir, yfir- lögfræðingur FME, segir að með kærinni sé óskað eftir áliti ríkissaksóknara um hvort snúa eigi við ákvörðun sérstaks saksóknara og að halda málinu áfram. FME leiti því til ákærustjórnvalds, sem sé æðra sett, sem geti ákveðið hvort hætta eigi rannsókn eða fara með það lengra. FME sendi málið á sínum tíma áfram til sérstaks saksóknara, en tilkynnt var nýverið að rannsókn málsins væri lokið án ákæru.

## FORSTJÓRI



Bankasýsla ríkisins er ríkisstofnun með sjálfstæða stjórn sem heyrir undir fjármálaráðherra. Bankasýsla ríkisins fer með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum, stofnuninni er í starfsemi sinni ætlað að leggja áherslu á endurreisn og uppbyggingu öflugs innlends fjármálamarkaðar og stuðla að virkri og eðlilegri samkeppni á þeim markaði, tryggja gagnsæi í ákvarðanatöku varðandi þátttöku ríkisins í fjármálastarfsemi og tryggja virka upplýsingamiðlun til almennings. Stofnunin starfar á grundvelli laga nr. 88/2009. Bankasýslan skal hafa lokið störfum eigi síðar en 5 árum eftir að hún er sett á fót. Nánari upplýsingar má finna á vef Bankasýslunnar [www.bankasysla.is](http://www.bankasysla.is)

myndunarafl / BR / FBinn

Stjórn Bankasýslu ríkisins auglýsir laust til umsóknar starf forstjóra Bankasýslu ríkisins. Forstjóri skal uppfylla hæfisskilyrði 2. og 3. mgr. 6 gr. laga nr. 88/2009.

### Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Stjórnun og rekstur
- Stefnumótun og vinna vegna sölu á eignarhlutum ríkisins í fjármálafyrirtækjum
- Samskipti við fjármálafyrirtæki sem ríkið á eignarhlut í
- Samningagerð
- Eftirlit með framkvæmd eigandastefnu ríkisins
- Samskipti við fjölmiðla

Kjararáð ákvarðar starfskjör forstjóra.

Nánari upplýsingar um hlutverk forstjóra er að finna í starfsreglum stjórnar, þær má finna á heimasíðu stofnunarinnar [www.bankasysla.is](http://www.bankasysla.is), en auk þess veitir Guðrún Ragnarsdóttir, stjórnarformaður Bankasýslunnar ([guðrun@bankasysla.is](mailto:guðrun@bankasysla.is)) frekari upplýsingar um starfið.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að senda ítarlega ferilskrá, ásamt kynningarbréfi þar sem hæfni umsækjanda er rökstudd, á netfangið [umsoknir@bankasysla.is](mailto:umsoknir@bankasysla.is). Umsóknarfrestur er til og með 27. nóvember nk.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Sérþekking á banka- og fjármálum
- Stjórnunarreynsla
- Leiðtogahæfileikar
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Frumkvæði
- Hæfni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku



Lífeyrissjóðir LSR er fráleitt eini lífeyrissjóðurinn sem er á ábyrgð skattgreiðenda

# Útsvarsgreiðendur bera ábyrgð á 52 milljörðum

Lífeyrissjóðir sveitarfélaganna njóta líkt og LSR ábyrgðar launagreiðanda sem þegar allt kemur til alls eru skattgreiðendur. Skuldbindingar þessara sjóða umfram eignir nema nú um 52 milljörðum króna.

G. SVERRIR ÞÓR  
sverrirth@vb.is

Tólf af þeim 33 lífeyrissjóðum sem starfræktir eru á Íslandi, og lúta þar með eftirliti Fjármálaeftirlitsins, búa við aðrar aðstæður en hinir lífeyrissjóðirnir að því leyti að þessir lífeyrissjóðir njóta ábyrgðar launagreiðenda. Þetta felur í sér að geti sjóðirnir ekki staðið við skuldbindingar sínar munu atvinnuveitendur sjóðsfélaga þurfa að ábyrgjast greiðslurnar. Hér er vitaskuld átt við lífeyrissjóði opinberra starfsmanna, þar sem Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins er langstærsta og mest áberandi dæmið en þó fráleitt hið eina.

Nokkur af stærri sveitarfélögum landsins munu þurfa að ábyrgjast lífeyrisgreiðslur til starfsmanna sinna, fari svo að lífeyrissjóðirnir geti ekki staðið við sitt, og þar sem tryggingafræðileg staða þessara sjóða er almennt afar slæm má telja líklegt að það komi í hlut skattgreiðenda að greiða lífeyrinn. Er þá bæði átt við útsvarsgreiðendur í áður nefndum sveitarfélögum og skattgreiðendur almennt enda vantar mjög háar fjárhæðir til þess að LSR geti staðið við sitt að öllu óbreyttu.

Á meðal sjóða sem sveitarfélög gætu þurft að ábyrgjast má nefna lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkur, Akureyrar og Kópavogs auk eftirlaunasjóða starfsmanna Hafnarfjarðar og Reykjanesbæjar. Þarna eru upptalin fimm stærstu sveitarfélög landsins og búa hátt í tveir þriðju íbúa landsins í þeim. Það mun því koma í hlut um tveggja þriðju skattgreiðenda að ábyrgjast bæði lífeyrisgreiðslur þeirra og ríkisins. Taka ber fram að þeir



Hinn almenni skattgreiðandi er ábyrgðarmaður á stórum hluta þess halla sem nú er á lífeyriskerfinu.

VB MYND/HARI

## Lífeyrissjóðir með ábyrgð launagreiðanda

| Lífeyrissjóður                                   | Tryggingafræðileg staða % | Heildarstaða *      |
|--------------------------------------------------|---------------------------|---------------------|
| Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar                  | -48.5                     | -3.099.700          |
| Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar  | -78.8                     | -8.962.700          |
| Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands | -99.2                     | -4.199.459          |
| Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar                 | -81.6                     | -4.520.254          |
| Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga                 | -64                       | -42.403.153         |
| Lífeyrissjóður Neskaupstaðar                     | -71.8                     | -1.333.450          |
| Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar        | -34.3                     | -4.524.300          |
| Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurbæjar        | -74.2                     | -1.764.000          |
| Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar         | -57.1                     | -4.849.163          |
| Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar     | -20.3                     | -14.994.100         |
| LSR - a deild                                    | -12                       | -47.360.319         |
| LSR - b deild                                    | -62.1                     | -350.453.134        |
| Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjabæjar    | -94.8                     | -3.600.484          |
| <b>Samtals:</b>                                  |                           | <b>-492,064,216</b> |
| Neikvæð staða sjóða sveitarfélaga                |                           | -51,847,610         |

\*Upphæðir í þúsundum króna.

## 4,2 milljarða skuldbinding vegna Útvegsbankans

Eins og sjá má á töflunni sem fylgir megintextanum ber ríkið sem stendur 4,2 milljarða króna ábyrgð vegna Eftirlaunasjóðs starfsmanna Útvegsbankans. Tryggingafræðileg staða þess sjóðs, sem vitaskuld er lokaður enda eru liðnir meira en tveir áratugir síðan Útvegsbankinn var einkavæddur og rann inn í Íslandsbanka, er neikvæð um rétt tæplega 100% sem þýðir að nær ekkert fé er til í sjóðnum. Ríkið þarf því að greiða nær allar skuldbindingar sjóðsins. Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbankans er vistaður hjá LSR og starfræktur sem deild innan þess sjóðs.

staklega er staða B-deildar, sem nú hefur verið lokað, slæm en þar vantar 350 milljarða upp á og er tryggingafræðilega staðan neikvæð um 62,1%. Sömu leiðis vantar Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, sem ríkið ábyrgist einnig, mikið upp á að geta staðið við skuldbindingar sínar.

Samkvæmt 39. grein líf-

## Gegnumstreymiskerfi

Hrafn Magnússon, fyrrverandi framkvæmdastjóri Landsamtaka

lífeyrissjóða, sagði í samtali við Viðskiptablaðið í febrúar sl. að eðli lífeyriskerfisins væri að breytast.

„Við erum [...] hægt og bítandi að breyta lífeyrissjóðakerfinu úr uppsöfnunarkerfi í gegnumstreymiskerfi (e. pay-as-you-go), líkt og gerist með fjármögnun almannatryggingakerfisins.

Næstu kynslóðir munu greiða þessar skuldir og því er í eðli sínu um að ræða fráhrarf frá sjóðsöfnun til gegnumstreymiskerfis,” sagði hann.



sjóðir sem um ræðir eru flestir, líkt og B-deild LSR, hluti af gamla lífeyriskerfinu þar sem ekki var ætlast til þess að sjóðirnir hefðu getu til þess að greiða allar sínar skuldbindingar heldur væri það hlutverk launagreiðandans. Einnig ber að taka fram að þessar upphæðir dreifast á áratugalangt tímabil.

Eins og sjá má af meðfylgandi töflu er heildarstaða þessara sjóða, þ.e. áfallin staða og framtíðarstaða, neikvæð um tæpa 52 milljarða króna. Þeir sjóðir sem njóta ábyrgðar launagreiðenda hafa lögum samkvæmt ekki heimild til þess að skerða lífeyrisréttindi og því eiga stjórnir þeirra fárra annarra kosta völ en að hækka iðgjöld.

### Halli óheimill

Eins og fram kom í Viðskiptablaðinu hinn 19. maí sl. hefur Fjármálaeftirlitið beint þeim tilmælum til stjórnar LSR að iðgjald launagreiðenda í sjóðinn verði hækkað um fjögur prósentustig, úr 15,5% í 19,5%, til þess að vinna á halla sjóðsins en samanlagt vantar A- og B-deild LSR tæpa 400 milljarða króna til þess að geta staðið við heildarskuldbindingar sínar. Sér-

eyrissjóðalaganna hafa þeir langflestir heimild til þess að hafa allt að 10% tryggingafræðilegan halla á ári. Þetta á hins vegar ekki við um LSR en um hann gilda sérlög og má tryggingafræðilegur halli ekki vera til staðar. Í frumvarpi sem fjármálaráðherra hefur nú lagt fyrir Alþingi er lagt til að sömu reglur muni gilda um LSR og aðra sjóði hvað varðar 10% mismun á eignum og skuldbindingum. Taka ber fram að þrátt fyrir að frumvarpið verði að lögum mun sjóðurinn þurfa að vera innan 10% markanna á þessu ári og að sögn Hauks Hafsteinssonar, framkvæmdastjóra LSR, er ekki útlit fyrir að það náist.



**Tekjur** Hjúskaparstaða hefur umtalsverð áhrif á tekjur fólks, einkum karlmannna

# Karlar græða á að kvænast

BJARNI ÓLAFSSON  
bjarni@vb.is

Reinilegt er að það borgar sig fyrir fólk að gifta sig, ef horft er til heildartekna á ári. Á það sérstaklega við um karla, en kvæntir karlmenn eru með umtalsvert hærri meðaltekjur en ókvæntir. Meðalheildartekjur kvæntra karla eru um helmingi hærri en hjá ókvæntum körlum.

Samkvæmt nýbirtum upplýsingum frá Hagstofunni eru kvæntir karlar með hærri tekjur en ókvæntir og giftar konur eru tekjuhærri en ógiftar. Bera töl-



urnar með sér að meðaltekjur kvæntra karla á aldrinum 25-65 ára voru árið 2010 6,24 milljónir króna á ári, en meðaltekjur ókvæntra karla á sama aldursbili voru 4,1 milljón króna á ári. Meðalmánaðartekjur kvæntra karla voru því um 520.000 krónur en mánaðartekjur ókvæntra voru um 340.000 krónur á mánuði.

Munurinn á giftum og ógiftum konum er ekki eins mikill, en er þó merkjanlegur. Meðalárstekjur giftra kvenna árið 2010 voru 3,8 milljónir á ári, eða um 316.000 krónur á mánuði. Meðalárstekjur ógiftra kvenna voru á sama tíma um 3,66 milljónir

á ári, eða um 305.000 krónur á mánuði.

Hinn margumtalaði launamunur kynjanna er því meiri á milli kvæntra karla og giftra kvenna annars vegar en á milli ókvæntra karla og ógiftra kvenna hins vegar.

Þegar horft er framhjá hjúskaparstöðu sést að meðalárstekjur allra karla á aldrinum 25-65 ára voru um 5,44 milljónir, eða um 453.000 krónur á mánuði. Meðalárstekjur kvenna í sama aldursflokki, en burtséð frá hjúskaparstöðu, voru í fyrra 3,75 milljónir króna, eða um 312.000 krónur á mánuði.

## Í STUTTU MÁLI

### Skýrr kaupir Thor Data Center

» Skýrr hefur keypt 100% hlutafjár í gagnaverinu Thor Data Center, sem starfrækt er í Hafnarfirði. Thor Data Center var áður í eigu Skúla Mogensen og annarra fjárfesta. Stærsti viðskiptavinur Thor Data Center er norski hugbúnaðarreisinn Opera Software. Fjárfestingin er gerð með fyrirvara um áreiðanleikakönnun. Í tilkynningu er haft eftir Gestu G. Gestssyni, forstjóra Skýrr, að fyrirtækið sé í dag norrænt upplýsingatæknifyrirtæki með 1.100 starfsmenn í fjórum löndum. Lengi hafi verið hugað að uppbyggingu gagnavers hér á landi, enda séu mikil sóknarfæri á þessu sviði á erlendum mörkuðum auk þess sem Skýrr búi að eigin söluneti í Noregi og Svíþjóð.



### Byltingin verður vörumerkt

» Það er gömul klisja að þegar næsta bylting kemur þá verði henni sjónvarpað í beinni og í raun má segja að þessi spá hafi ræst í hinu svokallaða arabíska vori, þegar hverjum einræðisherranum á fætur öðrum var steipt á þessu ári. Í Bandaríkjunum halda menn



hins vegar öðruvísi á hlutunum. Vart hefur farið framhjá þeim sem fylgjast með fréttum að í stærstu borgum þar í landi hefur nokkur fjöldi óþveginna ungmenna tekið yfir svæði nálægt ráðhúsum og bankastofnunum

og kallað það landtöku (e. Occupy). Þetta fólk, sem mjög er andsnúið kapítalismannum, er því alls ekki ánægt með frumkvæði Ray Agrinzone, sem selur boli og kaffibolla merкта landtökuhreyfingunni og hefur sótt um einkaleyfi á vörumerkjum tengdum henni.

## Capacent Ráðningar

# FRAMKVÆMDASTJÓRI STARFSMANNASVIÐS

### Landsvirkjun óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra starfsmannasviðs.

Framkvæmdastjóri starfsmannasviðs mun gegna veigamiklu hlutverki í að móta og aðlaga innra starfsumhverfi til samræmis við nýja framtíðarsýn fyrirtækisins með það að leiðarljósi að Landsvirkjun verði eftirsóknarverður og atorkusamur vinnustaður þar sem hæfileikar og frumkvæði starfsmanna nýtast sem best. Starfið heyrir beint undir forstjóra fyrirtækisins.

#### Helstu verkefni:

- Stefnumótun og áætlanagerð
- Ráðningar og ráðningarferli
- Ábyrgð á fræðslu og starfsþróun
- Ábyrgð á launavinnslu
- Ráðgjöf til stjórnenda í starfsmannatengdum málum
- Mat á hæfni og frammistöðu starfsmanna
- Þátttaka í gerð kjarasamninga og samskipti við stéttarfélag

#### Leitum að einstaklingi sem hefur:

- Leiðtogaþæfileika
- Skapandi hugsun
- Framúrskarandi samskiptahæfileika
- Hæfni til að vinna undir álagi
- Frumkvæði og metnað

#### Menntun og reynsla:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af innleiðingu og stjórnun breytinga
- Reynsla af stjórnun, rekstri og mannauðsmálum
- Reynsla af stefnumótunarvinnu og áætlanagerð
- Þekking og reynsla af kjaramálum
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

Landsvirkjun er eitt stærsta fyrirtæki landsins með efnahagrekning upp á 4,8 milljarða dala. Helstu viðskiptavinir hennar eru alþjóðleg fyrirtæki og breytingar á raforumörkuðum skapa fyrirtækinu ný sóknarfæri. Á síðasta ári setti Landsvirkjun sér nýja stefnu sem leggur áherslu á að hámarka afrakstur af þeim auðlindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbærni og hagkvæmni að leiðarljósi. Landsvirkjun stefnir að því að verða eitt af leiðandi orkufyrirtækjum Evrópu á sviði endurnýjanlegra orkugjafa. Hjá Landsvirkjun og dótturfélögum hennar starfa um 350 manns með fjölbreytta menntun. Áhersla er lögð á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 27. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is). Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.





Kristín Pétursdóttir, forstjóri Auðar Capital, þekkir vel til væntanlegra samstarfsmanna hjá Tindum verðbréfum, því þau unnu saman í Kaupþingi. VB MYND/HARALDUR JÓNASSON

**Fjármál** Töluverð hagræðing hefur orðið í fjármálageiranum á árinu með samruna fjármálafyrirtækja og yfirtökum.

# Leikmönnum fækkar á fjármálamarkaði

Á árinu sem er að líða hafa töluverðar breytingar orðið á fjármálamarkaðnum, þar á meðal vegna tveggja samruna á síðustu vikum.

BJARNI ÓLAFSSON  
bjarni@vb.is

Töluverðar breytingar hafa orðið á íslensku fjármálalandslagi það sem af er árinu. Nokkur fyrirtæki hafa helst úr lestinni, af einni eða annarri ástæðu. Eitthvað er um að ný fyrirtæki hafi komið inn á markaðinn, en þróunin er samt sem áður frekar í átt að stærri og færri fyrirtækjum og meiri hagræðingar á markaðnum. Síðustu fréttir þessu tengdar eru kaup MP banka á Júpíter rekstrarfélagi og samruni Auðar Capital og Tinda verðbréfa. Þá er verið að ganga frá samruna Byrs sparisjóðs og Íslandsbanka annars vegar og SpKef og Landsbankans hins vegar. Eins keypti MP banki fyrirtækjaráðgjöf Sögu fjárfestingarbanka.

Eins og áður segir var nýlega greint frá því að Auður Capital hefði keypt Tinda verðbréf og að fyrirtækin yrðu sameinuð undir nafni Auðar. Tindar eiga sér töluvert langa sögu en fyrirtækið var upphaflega stofnað árið 2001 undir nafninu Nordvest verðbréf. Árið 2009 tóku nýir eigendur við fyrirtækinu og breyttu nafni þess í Tinda verðbréf. Stærstu hluthafarnir eftir eigendabreytinguna eru Teton ehf. og Títan fjárfestingarfélag ehf. Stærstu eigendur þessara fyrirtækja eru þeir Vilhjálmur Þorsteinsson og Skúli Mogensen. Vilhjálmur var stjórnarmaður í Auði og verður stjórnarformaður hins sameinaða félags. „Auður er verðbréfafyrirtæki með mjög sterka eignastýringu,“ segir Vilhjálmur. „Í eignastýringunni erum við ekki að vinna fyrir stofnanafjárfesta heldur fyrir almenna sparifjáreigendur og erum að því er ég held stærst á þeim markaði, með um

þrjátíu milljarða í stýringu. Fyrirtækið hefur hins vegar ekki verið með miðlun og við höfum viljað bæta við fyrirtækjaráðgjöfina hjá okkur.“ Vilhjálmur segir að Tindar hafi verið mjög sterkir í þessu tvennu, miðlun og fyrirtækjaráðgjöf. „Þá skiptir það máli að lykilmálkið í Auði og Tindum þekkist vel, en þau Kristín Pétursdóttir, forstjóri Auðar, og Hannes Frímánn Hrólfsson, framkvæmdastjóri Tinda, unnu saman í Kaupþingi og þekkjast mjög vel. Það var því vitað að lykilmálkið gæti unnið vel saman og það skiptir öllu máli í starfsemi sem þessari,“ segir Vilhjálmur.

## Seldur og keyptur aftur á einu og hálfu ári

Saga Júpíters rekstrarfélags er um margt áhugaverð, ekki síst vegna þess hve stutt hún er. Ekki þarf að fara lengra aftur í tímann en til júní 2010 til að finna upphafhennar, en þá hófst samstarf MP banka og þeirra Styrmis Guðmundssonar og Ragnars Páls Dyer. Framkvæmdastjóriinn Sigurður Hannesson kom svo til liðs við þá í júlí sama ár. Þeir þrír áttu saman 40% í MP sjóðum en MP banki hélt 60% hlut. Var þetta annað verðbréfafyrirtækið sem MP banki

## Samruni heldur áfram þrátt fyrir kæru

Hvað varðar samruna Byrs eru ekki öll kurl komin til grafar. Í fyrsta lagi á Alþingi eftir að samþykka sölu á eignarhlut fjármálaráðuneytisins í sparisjóðnum til Íslandsbanka, en gert er ráð fyrir því að tillaga þess efnis verði lögð fyrir þingið innan tíðar. Þá hefur MP banki kært þá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins að heimila kaup Íslandsbanka á Byr. Már Mátsson, upplýsingafulltrúi Íslandsbanka, segir þó að samrunaferlið muni halda áfram þrátt fyrir kæru MP.

átti hlut í, en hann átti og á enn 37% hlut í Gamma.

MP sjóðir skiptu um nafn í byrjun þessa árs og urðu að Júpíter rekstrarfélagi. Í tilkynningu segir að þetta hafi verið gert m.a. til að tryggja sjálfstæði og óháði félagsins. Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Júpíters, segir að reksturinn hafi gengið mjög vel. „Nýir sjóðir voru stofnaðir og eignir í stýringu jukust verulega. Við vorum og erum mjög ánægðir með árangurinn.“ Hagnaður Júpíters árið 2010 nam 92,2 milljónum króna eftir skatta.

Það tók hins vegar MP banka ekki langan tíma að skipta um skoðun hvað varðaði Júpíter. Í októberlok var greint frá því að MP banki hefði keypt 40% hlut þremmenninganna

aftur. Sigurður Atli Jónsson, forstjóri MP banka, segir að markmiðið hafi verið að styrkja eignastýringu MP banka, en þeir Styrmir, Ragnar og Sigurður munu áfram starfa hjá Júpíter. Eins og hefðbundið er í viðskiptum sem þessum var kaupverðið ekki gefið upp, en ekki er óvarlegt að ætla að umtalsverður söluhagnaður hafi orðið hjá þremmenningunum miðað við árangurinn hjá Júpíter á þeim tíma sem þeir áttu hlut í því.

Ekki kom til tals að MP banki keypti út aðra eigendur GAMMA, eins og gert var með Júpíter.

## Fyrirtæki heltast úr lestinni

Að öðru leyti hafa töluverðar breytingar orðið á lista yfir eftirlitsskylda aðila hjá Fjármálaeftirlitinu. Á lista

yfir viðskiptabanka hefur einn banki bæst í hópinn, en það er MP banki. Eftir kaup nýrra fjárfesta á bankanum var gefið út nýtt bankaleyfi, en gamla leyfið er enn í gildi undir nafninu EA fjárfestingafélag. Þá er SpKef ekki lengur með sparisjóðaleyfi, eins og gefur að skilja, en hann rann inn í Landsbankann á árinu.

Á lista yfir lánað fyrirtæki hafa mörg fyrirtæki helst úr lestinni. Fyrst ber að nefna þau sem voru í slitameðferð eða undir bráðabirgðastjórn í upphafi árs; Askar Capital, Avant, Frjálsi fjárfestingarbankinn og VBS fjárfestingarbanki. Þar að auki hafa Saga Fjárfestingarbanki og SP fjármögnun dottið út, en Straumur kemur inn með nýtt fjárfestingarbankaleyfi.

Á lista yfir verðbréfamiðlanir hefur eitt fyrirtæki helst úr lestinni, Vaxta hf. verðbréfamiðlun, en félagið afsalaði sér starfsleyfinu í septemberlok í ár. Tvær breytingar hafa orðið á lista yfir rekstrarfélög verðbréfasjóða, en Rose Invest hf. heitir nú Landsbréf eftir kaup Landsbankans á 51% hlutafjár í félaginu. Sú breyting gekk í gegn á árinu. Þá fékk Virðing starfsleyfi á þessu sviði í sumar.



**■ Mars 2001**  
Stofnað sem **Nordvest** verðbréf.

**■ Desember 2009**  
Nýir eigendur breyta nafninu í **Tinda** verðbréf. Stærstu hluthafar eru **Teton** og **Títan** fjárfestingarfélag (Vilhjálmur Þorsteinsson og Skúli Mogensen).

**■ Nóvember 2011**  
Auður Capital kaupir Tinda.





**■ Desember 2007**  
Stofnað sem **MP sjóðir**, undir handarjaðri MP banka.

**■ Júní 2010**  
MP banki **selur 40%** hlut í MP Sjóðum og nafninu er breytt í **Júpíter** rekstrarfélag

**■ Nóvember 2011**  
**MP banki kaupir** aftur 40% hlut í Júpíter.





**■ Desember 2006**  
Sparisjóður vélstjóra og Sparisjóður Hafnarfjarðar sameinaðir undir merkjum Byrs.

**■ Júlí 2010**  
Byr tekinn til slitameðferðar.

**■ Júlí 2011**  
Ákveðið að selja hlutafé slitastjórnar Byrs og fjármálaráðuneytis í Byr til Íslandsbanka.





**Fjármálamarkaðir** Skuldakreppan í Evrópu að komast á afar hættulegt stig að mati sérfræðinga

# Skuldavandinn smitast til fleiri evrulanda

Skuldavandinn á evrusvæðinu virðist vera farinn að teygja sig til landa á borð við Austurríki, Holland og Finnland sem öll eru með þrefalt A í lánshæfismati.

ARNÓR GÍSLI ÓLAFSSON  
ago@vb.is

Á vöxtunarkrafan á ítölsk ríkisskuldabréf stóð í tæplega 7,2% í gær en alengt er að talað sé um að ríki þurfi utanaðkomandi hjálp þegar hún fer yfir 7%. En skuldavandi evruríkja hefur verið að smitast til annarra landa, ekki síst til Spánar og Frakklands. Ávöxtunarkrafan á 10 ára frönsk ríkisskuldabréf fór í gær í 3,7% en fyrir aðeins um tveimur mánuðum var hún 2,5%. Ávöxtunarkrafan er enn sem komið er langt undir hættumörkuðum en engu síður er hún um 2% hærri en á þýsk ríkisskuldabréf.

## Efast um vilja Seðlabanka Evrópu

Seðlabanki Evrópu hefur keypt ríkisskuldabréf, einkum og sér í lagi ítölsk og frönsk, en fjárfestar efast um getu skuldum hlaðinna evruríkja til að snúa hlutum til betri vegar og um langtíma vilja Seðlabanka Evrópu til að grípa inn í; fram til þessa hefur hann aðeins keypt skuldabréf með óreglulegum hætti og aðeins í því magni að það hefur rétt dugað til að lægja verstu öldurnar tíma-bundið. „Pressan er á Seðlabanka Evrópu. Það er gerð krafa um



Fram til þessa hefur Finnland ekki orðið fyrir barðinu á evrukreppunni en ávöxtunarkrafa á bréf finnska ríkisins hefur nú einnig tekið að hækka.

að bankinn grípi inn í með víðtækari hætti sem lánveitandi til þrautavara. En hann hefur fram til þessa ekki verið reiðubúinn til þess,“ hefur Reuters eftir sérfræðingi hjá Commerzbank.

## Smitast til fleiri landa

Ávöxtunarkrafan á evrópsk ríkisskuldabréf hefur svo að segja hækkað yfir línuna en augu fjárfesta beinast ekki síst að Frakklandi sem ásamt Þýskalandi myndar hryggjarstykkid í evrusvæðinu. En svo virðist sem vandinn sé einnig farinn að teygja sig til evrulanda sem fram til þessa hafa verið talin traustir skuldarar og siglt nánast sléttan sjó í hræringum undanfarinna mánuða. Að mati sérfræðinga Danske Bank er skuldakreppan í Evrópu farin að stigmagnast og raunar komin á mjög hættulegt stig þar sem ávöxtunarkrafan á skuldabréf landa eins og Aust-

urríkis, Hollands og Finnlands, hefur hækkað mikið en öll eru þessi lönd með þrefalt A í lánshæfismati. Vextir á 10 ára skuldabréf Austurríkis eru t.d. í sumum tilvikum orðnir tvöfalt hærri en á samsvarandi þýsk ríkisskuldabréf. Annað hættumerki sem sérfræðingar Danske Bank benda á er að vaxtamunurinn milli Finnlands og Hollands og síðan Þýskalands hefur sömuleiðis aukist en fram til þessa hafa Finnland og Holland talist mjög öruggir skuldarar. „Pressan á lönd með lánshæfismat upp á þrefalt A er grafalvarleg því hún sýnir að það ríkir mikil tortryggni í Evrópu sem náði óþekktum hæðum í gær. Það sem veldur hræringunum varðandi þessi lönd með þrefalt A er að Seðlabanki Evrópu hefur ekki keypt nóg af skuldabréfum,“ segir Arne Kohman Rasmussen, aðalhafsræðingur Danske Bank, í samtali við Börsen.

## Þjóðverjar og Frakkar á öndverðum meiði

Frakkar þrýsta nú á um að Seðlabanki Evrópu grípi inn í með kraftmeiri hætti en verið hefur enda hefur vaxtakostnaður Frakklands, sem er með þrefalt A í lánshæfismati, farið hækkanði. „Hlutverk Seðlabanka Evrópu er að tryggja stöðugleika evrunnar en einnig fjármálastöðugleika í Evrópu. Við treystum því að að seðlabankinn muni grípa til nauðsynlegra aðgerða til þess að tryggja fjárhagslegan stöðugleika í Evrópu,“ var haft eftir talsmanni frönsku ríkisstjórnarinnar. Angela Merkel, kanslari Þýskalands, hefur á hinn bóginn lýst því yfir að þýsk stjórnvöld leggist gegn því að Seðlabanki Evrópu gegni stærra hlutverki við að leysa skuldavandann í Evrópu enda komi samningar sambandsins í reynd í veg fyrir slíkt. Að hennar mati er eina leiðin til að endurvekja traust á mörkuðum fólgin í að hrinda þegar samþykktum efnahagsumbótum í framkvæmd og koma á nánari pólitískri samvinnu innan Evrópusambandsins með því að breyta sáttmála þess.





# GIGA 5

Velkomin í heim þar sem draumur kaffiunnandans verður að veruleika. Heim einstakra gæða, þar sem svissneskt handverk og hugvit geta af sér nýjar hugmyndir. GIGA 5 kaffivélin hefur tekið forustuna með áður óþekktri verðlaunatækni.

Velkomin í Eirvík og kynnið ykkur GIGA 5 flaggskip Jura.

**EIRVÍK**

Suðurlandsbraut 20, 108 Reykjavík | Sími 588 0200 | [www.eirvik.is](http://www.eirvik.is)



# Viðskiptablaðið

Stofnað 1994  
Myllusetur ehf., Reykjavík

ÚTGEFANDI: | Pétur Árni Jónsson  
RITSTJÓRI: | Björgvin Guðmundsson  
PRENTUN: | Landsprent ehf.

## Sótt að eignarréttinum

Eignafólk á Íslandi á sér fáa talsmenn nú um stundir. Og það er auðvelt fyrir stjórnmalamenn að hækka enn skatta á þennan hóp án þess að verða fyrir verulegum pólitískum áföllum. Þeir geta nánast sótt peningana óaréittir í vasa fólks og hafa gengið á lagið. Nú síðast með hækkun á svokölluðum auðlegðarskatti, sem er ekkert annað en skattur á skuldlausar eignir. Látum breiðu bökin bera byrðarnar segja vinstri menn.

Auðvitað eru margvísleg hagkvæmnisrök sem mæla gegn gegndarlausri skattheimtu eins og ríkisstjórnin boðar með hækkun auðlegðarskatts. Komið hefur fram í Viðskiptablaðinu að skatturinn dregur úr hvata fólks til fjárfestinga í eignum sem skila ekki arði, því greiða þarf skatt af eigninni en ekki raunverulegum tekjum. Fólk beinir frekar peningum sínum í auðseljanlegar eignir til að standa undir skattheimtunni. Þá munu forsvarsmenn forðast að skrá fyrirtæki til að lenda ekki í skattinum þegar markaðsverðið verður ljóst.

Til viðbótar kallar þetta á alls konar feluleik þar sem reynt er að koma peningum í skjól frá yfirvöldum með tiltækum ráðum. Leitin að flóttaleiðum og herra flækjustig gerir skattkerfið að frumskógi sem erfitt er að feta sig í gegnum nema með aðstoð skattasérfræðinga, sem er nú þegar fjölmenn stétt.

„Þetta er pólitísk stefna sósíalismans sem nú hefur ítök í íslensku stjórnmalalífi.“

Það ætti að klingja einhverjum bjöllum í huga vinstri manna að nágrannalöndin, sem þessi íslenska, norræna velferðarstjórn kennir sig við, leggur ekki samskonar skatt á skuldlausar eignir. Og seint verða Norðurlöndin sökuð um högværð í skattlagningu.

Svo eru siðferðislegu rökin, sem í raun eiga að vega þyngra í hugum okkar allra. Baráttan gegn auðlegðarskatti er nefnilega ekki baráttan

fyrir hagsmunum auðugra einstaklinga. Hún er barátta gegn sífellt meiri ríkisvæðingu á vinnuframlagi almennings í þessu landi. Í nýjustu samantekt Samtaka atvinnulífsins kemur fram að meðallaun námu 438 þúsund krónum í fyrra. Af því tekur hið opinbera 240 þúsund í skatt. Tæp 70 þúsund fara til ríkis í formi tekjuskatts, 67 þúsund til sveitarfélaga, 23 þúsund í tryggingargjald og 81 þúsund í óbæina skatta.

Hægt og bítandi – eitt skref í einu – eru hagsmunir ríkisins teknir fram yfir hagsmuni einstaklingsins. Það sýnir sig meðal annars í því að yfir 100 breytingar hafa verið gerðar á skattkerfinu til að bæta hinu opinbera „tapaðar tekjur“ frá hruni. Nýir skattar hafa verið lagðir á og gamlir hækkaðir.

Þróunin felur í sér að einstaklingurinn verður ekki til fyrir sjálfan sig heldur heildina. Það er jafnvel farið að ræða opinberlega um að takmarka eignarréttinn og hvort réttlátt sé að eignir erfist við andlát. Í bók Eyjólfssonar, Alþýða og athafnalíf sem kom út 1968, sagði: „Einstaklingarnir eru ekki sviptir eignarrétti sínum að fjármagni, er þeir kaupa ríkisskuldabréf, gagnstætt því sem er, þegar ríkið slær eignarhaldi á fé manna með skattheimtu.“ Við erum á þessari leið og nú er árið 2011!

Þetta er pólitísk stefna sósíalismans sem nú hefur ítök í íslensku stjórnmalalífi og smitar út frá sér í alla flokka. Fáir þora að standa í lappirnar af ótta við að vera úthrópaðir talsmenn „auðmanna“ og að bera ekki hag fólksins í landinu fyrir brjósti. Á meðan er gengið á frelsi þessa sama fólks sem mun taka áratugi að vinda ofan af. Vinsældarhyggjan hefur ráðið ríkjum.

Það er ekki endalaust hægt að fela sig á bak við hrunið þegar þessi stefna er varin. Auðvitað bera margir einstaklingar ábyrgð á því að fyrirtæki fóru á hausinn, kröfuhafar töpuðu milljörðum, gjaldmiðillinn féll og skuldir heimilanna hækkuðu á meðan kaupmáttur minnkaði. En stjórnmalamenn verða að horfast í augu við sína ábyrgð. Opinber útgjöld uxu í góðærinu í takt við auknar tekjur. Sveitarfélög eyddu ekki bara tekjuaukanum heldur fóru í stórfelldar lántökur til að þjónusta sérhagsmunina og tryggja sér vinsældir. Nú þegar tekjur hafa dregist saman er tilteknum hópi „athafnafólks“ kennt um og fólki sagt að leggja meira til af tekjum sínum og eignum til að standa straum af útgjöldum og skuldasöfnun hins opinbera. Opinbera kerfið stækkar sem hlutfall af landsframleiðslunni á meðan þrengt er að einkageiranum sem á að fjármagna dæmið.

Þetta gengur ekki upp ef tryggja á aukna hagsæld í þessu landi. Það verður að segja stopp. Ekki bara í þágu fólks sem fór skynsamlega að ráði sínu í aðdranda hrunsins heldur alls almennings.

## HUGINN & MUNINN

Hótelrekstur virðist vera það heitasta í dag. Þeir sem eiga hótél eru taldir miklir spaðar í athafnalífi borgarinnar og bíða eftir næstu túristabólu sem forseti Íslands varaði við. Þannig reka **Magnús Stephensen** og **Hannes Hilmarsson** Hótel Óðinsvé og má örugglega búast við fjölmörgum fyrrverandi ferðalöngum Excel Airways þangað næsta sumar. Þá er lánveitandi Fréttatímans, **Michael Jenkins**, að byggja upp Kirkjuhol. Mestar vonir eru þó bundnar við hótél utan höfuðborgarsvæðisins.

Á Hótel Blönduós ræður **Ólafur Wernersson** nefnilega ríkjum og bíður spenntur eftir næsta sumri –



svona eins og þegar hann beið eftir kartöfluppskerunni í Rúmeníu áður.

Margir voru hissa þegar hver spjör í Lindex í Smáralind seldist upp á örskömmum tíma. Hefur það verið tilefni umfjöllunar hvort kreppa ríki ennþá á Íslandi og margt tínt til í því sambandi. Eitt tilvik fékk hagfræðinema til að átta sig betur á hvar þeir væru staddir í hagsveiflunni. Eftir langa eyðimerkugöngu fékkst loksins vilryði fyrir því að bjóða í kokteil – já, komið var að vísindaferð. Og hver stóð svo vel? Byr sjálfur reið á vaðið. Gamanið stóð þó stutt því rétt áður var tilkynnt um kaup Íslandsbanka á Byr. Ferðin datt því upp fyrir. En hagfræðinemar voru komnir á bragðið og gáfust ekki upp. Nýseldir Hagar tóku á móti þeim, enda góður gangur í rekstrinum eins og Viðskiptablaðið hefur greint frá.

Áhorfendur Ríkissjónvarpsins fylgdust Áspenntir með heimildarmyndinni Frá

þjóð til þjóðar sem fjallaði um störf Stjórnlagabingsins. Þar fylgdust kvikmyndagerðarmenn samvisskusamlega með störfum bingsins „allt frá því að Alþingi samþykkti lög um það í júní 2010“ eins og segir í dagsskrárkynningu. Ekki var sérstaklega greint frá þeirri ákvörðun að ráða **Berghildi Erlu Bernharðsdóttur** sem upplýsingafulltrúa, sem sinnti störfum sínum meðan á þinghaldi stóð. Inn á milli brá hún sér svo í gervi framleiðanda heimildarmyndarinnar Frá þjóð til þjóðar. Félag sem hún á helmingshlut í, Bergsól, var nefnilega framleiðandi. Og seldi svo þáttinn til RÚV. Einhver myndi segja: Vel gert Berg-hildur Erla.



## GAMLA MYNDIN



### Viðskiptaverðlaunin til Samson

Árið var 2002. Ákvörðun var tekin um að selja ríkisbankana tvo og þegar Landsbankinn var seldur varð eignarhaldsfélagið Samson fyrir valinu. Eigendur félagsins, þeir Björgólfur Guðmundsson, Björgólfur Thor Björgólfsson og Magnús Þorsteinsson, höfðu auðgast verulega á bjórframleiðslu og sölu brugghúss síns í Rússlandi. Í lok ársins hlutu þeir svo Viðskiptaverðlaunin. Auk þeirra var Jón Hjaltafín Magnússon verðlaunaður.

## TIL Á PRENTI

### Tvíbentir valréttarsamningar

„Á undanförnum árum hefur viðskiptalíf Íslendinga þróast hratt í átt til þess sem best gerist með öðrum þjóðum. Heilbrigð viðskipti milli þjóða draga ekki einungis björg í bú, þau bera með sér nýja þekkingu og fagmennsku og eyða heimóttarskap. Íslendingar eru nýjungagjöfn þjóð sem er fljót að tileinka sér nýjar hugmyndir og tækni, í því felst mikill styrkur. Um það er fjármálamarkaðurinn okkar ágætt dæmi. Hann var áratugum saman lítt þroskaður og óhagkvæmur, pólitísk afskipti landlæg og kerfið allt staðnað. Frelsi á fjármagnsmarkaði og einkavæðing ríkisbankanna leysti úr læðingi mikið afl. ... En kappi verður að fylgja forsjá. Ella kann illa að fara. Við þurfum að gæta þess, að gera

ekki þau mistök sem við sjáum að öðrum hefur orðið á. Ástæðan til þess að á þetta er minnst er sú að borið hefur á því að stjórnendur nokkurra fyrirtækja hér á landi hafa gert samninga um kaup og kjör sem gefa tilefni til að staldrað sé við. ... Reynslan af þessum samningum hefur verið tvíbent í besta falli. Ef vel er að málum staðið og hófsemi gætt er þetta ágætt fyrirkomulag til að tengja saman hagsmuni eigenda fyrirtækjanna og æðstu stjórnenda þeirra. En ef óvarlega er farið þá geta slíkir samningar valdið miklum skaða í efnahagslífinu. Hætta er á því að stjórnendur fyrirtækja reyni að blekkja markaðinn, jafnvel freistist til að hagræða bókhaldi þannig að afkoma virðist betri en varfærð mat gæfi til kynna.“

ÁRAMÓTAGREIN DÁVÍÐS ODDSSONAR Í MORGUNBLAÐINU ÁRÍÐ 2003.

## HJARTARPILLAN



Hjörtur er mikill aðdáandi Fóstbræðraþáttanna. Hann horfir reglulega á þá í bíósalnum á óðalssetrinu. Honum finnst þó ekki jafn fyndið að Jón Gnarr skuli hafa bundist fóstbræðrabandalagi við Samfylkinguna um að lækka ekki skatta í Reykjavík þegar augljóst er að engin þörf er á því að „fullnýta“ útsvarið, svo vitnað sé í fræga orðræðu skattheimtusinna.



NEDANMÁLS

HALLDÓR BALDURSSON

TÝR



SKOÐUN

# Óvissa, áhætta og ávöxtunarkrafa

PÉTUR BLÖNDAL



Mat á verðmæti rekstrar og fyrirtækja felst í því að núvirða tekjustrauma sem reksturinn skapar að teknu tilliti til skatta og áhættu. Við núvirðinguna er notast við ávöxtunarkröfu, sem endurspeglar áhættu í rekstrinum og ytri aðstæðum.

Áhættur í rekstri útgerðarfyrirtækja umfram það sem gerist meðal annarra fyrirtækja eru aðallega gæftir, þ.e. veðurlag, skipsþöp og fiskgengd og straumar. Þá gæti hlýnun jarðar haft áhrif á t.d. göngur fiska og strauma [svo sem sandsíli og makrill]. Aðrar áhættur eru eins í öðru rekstri svo sem mannahald, bilanir, verð á aðföngum og afurðum og fjármögnun.

**Ytri áhætta**

Ytri aðstæður eru áhættusamar fyrir útgerð á Íslandi. Er þar fyrst á nefna sífellda kröfu um að taka veiðiheimildirnar af útgerðinni. Þetta hefur legið yfir útgerðinni eins og mara allt frá því að kvótakerfið var tekið upp. Mispungt þó eftir árum. Þetta flokkast undir pólitíska áhættu. Svo eru útgerðarfyrirtæki oft burðarás í byggðarlagi sínu og bera því oft mikla sam-

félagslega ábyrgð og þurfa að taka ákvarðanir með hliðsjón af öðrum þáttum en arðsemi. Þetta er einnig hægt að flokka undir pólitíska áhættu. Reyndar er þetta samband byggðarlags og útgerða líka þannig að útgerðin nýtur góðs af. Þáttur fjölmiðla hefur einnig mikil áhrif á ákvarðanir útgerðarfyrirtækja vegna þess hvað umræðan um eignarhald á kvótanum er óljós. Þau áhrif munu væntanlega minnka þegar íbúarnir eru orðnir formlegir eigendur kvótans.

Reglulega hafa aflaheimildir verið teknar af útgerðinni til að úthluta til annarra útgerða. Þar ber mest á miklum vexti smábátaútgerða. Alls konar pottar hafa einnig verið skornir af veiðiheimildum þeirra og jafnvel af þeim sem keypt hafa slíka hlutdeild dýrum dómum. Nýjasta dæmið er strandveiðar sem teknar eru af óskiptu. Þá má nefna skemmtiveiðar erlendra stangveiðimanna. Allt þetta er mögulegt með tilvísun í að þjóðin eigi kvótann og að ríkið sé fulltrúi þjóðarinnar og flokkast einnig undir pólitíska áhættu við útgerð á Íslandi. Svo má flokka hér undir sérskatt á útgerð, auðlindagjaldið, sem hækkar í sífellu.

**Erfiðleikar við fjármögnun**

Kvaðir á útgerðarfyrirtæki, eins og t.d. bann við eða takmarkanir á fjárfestingum útlendinga í útgerð, koma niður á fyrirtækjunum. Þau fá ekki fjármagn með sama hætti og önnur fyrirtæki og ekki heldur

þá þekkingu og tengsl sem fylgja oft slíku eignarhaldi. Þetta bann er afleiðing fyrrgreindra deilna um eignarhald á kvótanum þar sem menn óttuðust að útlendingar næðu tangarhaldi á auðlindinni. Allar slíkar kvaðir ættu að vera óþarfar þegar búið er að tryggja að íbúar landsins fái árlega úthlutað aflahlutdeildum til 40 ára. Enginn getur eftir slíka breytingu náð undir sig ævarandi eignarhaldi á kvótanum, aflahlutdeildinni, þannig að slíkar kvaðir ætti að vera hægt að afnema. Sömu sögu er að segja um útgerðarfyrirtæk-in sjálf. Þau fara ekki lengur með ævarandi umráð yfir kvótanum.

Í eðli sínu er aflahlutdeild „verðtryggð“ eign því afurðirnar, fiskurinn, hækkar í verði í takt við gengi og matvöruverð erlendis. Flestir telja að matvöruverð muni meira að segja hækka á heimsmarkaði umfram annað verðlag vegna þess að mannmargar þjóðir, t.d. Kínverjar og Indverjar, munu hafa efni á að kaupa fisk. Þá er stefnt að því að stækka veiðistofna og þar með auka veiðar við landið. Vegna þessara atriða ætti ávöxtunarkrafa til rekstrar útgerða að vera mjög lág, þó að séráhætta af rekstri útgerða komi þar á móti. Verð á árlegum veiðiheimildum, t.d. í þorski, eru nú um 250 kr. á kg. Verð á varanlegum veiðiheimildum í þorski eru um 2500 kr. á kg reyndar í mjög stopulum viðskiptum. „Ávöxtunin“, þ.e. verð árlegra heimilda af verði varanlegra

heimilda, er um 10% þrátt fyrir fyrrnefnd atriði sem endurspeglar mjög mikla pólitíska áhættu. Fjárfestingar greinarinnar, sem endurspeglar trú forráðamanna útgerða á framtíðina og áhættuna, eru nánast við frostmark þrátt fyrir mjög hagstæð ytri skilyrði. Það undirstrikar líka þá sérstöku pólitísku áhættu sem greinin býr við um þessar mundir.

**Áhrif á heildina**

Öll þessi áhætta skaðar þjóðarþúfið í heild og takmarkar þann arð sem þjóðin getur fengið af þessari auðlind. Ef þetta frumvarp verður samþykkt fara hagsmunir útgerðar og íbúa landsins saman. Þau útgerðarfyrirtæki sem rekin eru með mestu arðseminni, veiða ódýrast og skila dýrustu afurðunum geta boðið mest í aflahlutdeildir sem losna á hverju ári. Það kemur íbúum landsins beint til góða því flestir munu þeir selja þá aflahlutdeild sem þeim er árlega úthlutað til 40 ára. Þess vegna er það hagur íbúanna að aflahlutdeildin sé sem frjálust og útgerðin sæti sem minnstum tókmörkunum á athafnafrelsi. Einnig er það beinn hagur íbúanna að vel takist til við stækkun veiðistofnanna því að þá hækkar aflahlutdeildin í verði.

*Höfundur er þingmaður. Fyrrgreindur texti er úr greinargerð sem fylgir frumvarpi um lausn á fiskveiðistjórnunarkerfinu sem tekur mið af sjónarmiðum beggja aðila sem höfundur hyggst flytja.*

## SA með kíkinn á blinda auganu

Týr fylgist nokkuð vel með þróun mála í Evrópusambandinu (ESB) og ástandið þar er ekki beysið þessa dagana. Allt bendir til þess að evran lendi í gjörgæslu þjóðverja innan skamms enda er kanslari Þýskalands búin að spá því að hrynji evran, hrynji Evrópusambandið.

★★★

Minnir að sumu leyti á hræðsluáróður hins svokallaða Áfram hóps í Icesave-kosningunum fyrr á þessu ári. Til gamans má geta þess að SA vildi líka bara að Icesave-málið yrði leitt til lykta sem fyrst, en varð sem betur fer undir fyrir restinni af þjóðinni, líkt og meirihluti Alþingis.

★★★

En hvað um það. Í ljósi aðstæðna í ESB kom Týr nokkuð á óvart að sjá ályktun Samtaka atvinnulífsins (SA) í síðustu viku, sem samþykkt var með naumum meirihluta, þar sem það var ítrekað að leiða þyrfti aðildarviðræður Íslands að sambandinu til lykta og leggja aðildarsamning í þjóðaratkvæðagreiðslu.

★★★

Nú veit Týr að innan SA leynast fjölmargir Evrópusambandsmenn. Þó svo að eldar logi víða innan sambandsins um þessar mundir vilja þeir engu að síður ganga inn, líklega haldandi það að þeir brenni sig ekki eins og aðrir.

★★★

Týr verður þó að hrósa SA fyrir að nota orðið aðildarviðræður í þessu samhengi, því flestir aðdáendur ESB vilja helst



nota orðið samningaviðræður. Týr veit þó vel að það er ekkert til sem heitir samningaviðræður við ESB – annað hvort er verið að sækja um aðild eða ekki. Það er heldur ekkert til sem heitir að „kíkja í pakkann“ og vona að innihaldið verði gott. Í dag eru 27 ríki í ESB og innihald pakkans því öllum sýnilegur.

★★★

SA hafði rangt fyrir sér í Icesave-málinu og líklega hafa samtökin líka rangt fyrir sér í Evrópumálum. Enginn innan SA getur svarað því hvernig ESB mun líta út eftir 5-10 ár og varla geta svo stór hagsmunasamtök sem SA verið í forsvari fyrir því að leiða atvinnulífið inn í brennandi hús sem enginn veit hvernig á að byggja upp á nýtt.

★★★

Týr er nú oftast sammála forsvarsmönnum SA. Nema þegar þeir tala fyrir opinberum framkvæmdum, tala fyrir því að skattgreiðendur taki ábyrgðina á Icesave og þegar þeir tala fyrir því að íslensk stjórnvöld klári aðildarviðræður að ESB – án þess að fyrir liggji pólitískur stuðningur fyrir aðildarviðræðunum.



ÓÐINN

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið hefur sent frá sér Efnahagsáætlun. Hún veldur Óðni miklum vonbrigðum enda kemur fátt þar fram sem líklegt er til að stuðla að vexti í hagkerfinu á ný. Þar er að vísu að finna ágætt yfirlit yfir það sem áunnist hefur í úrlausn á skuldamálum fyrirtækja og heimila en lítið fjallað um aðgerðir til að auka tiltrú fjárfesta og almennings á hagkerfinu.

★ ★ ★

Þrátt fyrir að hægt hafi gengið að vinna úr skuldamálum fyrirtækja og heimila þá er nú svo komið að tekið er að sjá fyrir endann á því. Það verður ekki lítið framhjá því að stór hluti tafarinnar í þeim málum verður að skrifast á lagalega óvissu sem dómstólar hafa verið að vinna úr. Þetta getur að einhverju leyti skýrt þann doða sem verið hefur í atvinnulífinu, en aðeins að litlu leyti. Meginástæðan er sú óvissa sem verið hefur um allar helstu leikreglur atvinnulífsins eftir að núverandi ríkisstjórn tók við völdum, sú óvissa verður ekki skrifuð á „hrunið“.

★ ★ ★

Fyrir í mánuðinum kom einnig út skýrsla um stöðuna í efnahagsmálum á vegum Samtaka atvinnulífsins (SA), Rjúfum kyrrstöðuna: Leiðir til betri lífskjara. Hún veldur Óðni ekki síður vonbrigðum en efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar. Enda er tillögugerð þar fábrotin og engin hugmynd nánar útfærð en svo að hún rúmist á einni Powerpoint glæru og helst ekki meira en í einu „búlletti“. Það kemur Óðni einnig á óvart að SA veigri sér við að gagnrýna ríkisstjórnina og að þau fyrirheit sem hún hefur gefið samtökunum í tengslum við kjarasamninga hafi verið svikin. Einhverjir kynnu að segja að Samtök atvinnulífsins séu of kurteis en aðrir að þau séu kjarklaus.

★ ★ ★

Í skýrslu SA er að finna ágætt yfirlit yfir fjárfestingu í atvinnulífinu. Þar kemur fram að fjárfestingsem hlutfall af vergri landsframleiðslu er sú lægsta sem verið hefur frá lýðveldisstofnun. Þetta er og á að vera verulegt áhyggjuefni. Aðstæður fyrir fjárfestingu á Íslandi hafa aldrei verið betri. Ísland er nú lágláunaland í samanburði við önnur þróuð lönd og atvinnuleysi er til staðar hjá vel menntuðu og þjálfuðu starfsfólki. Það þýðir að mikil tækifæri ættu að vera til staðar að byggja hér upp framleiðslu og þjónustu til útflutnings og byggja þannig upp lífskjörin á ný. Til að mæta þessu er mikið fjármagn til sem liggur annars vegar á innstæð-

um í bankakerfinu og svo eiga Íslendingar, bæði einstaklingar og lífeyrissjóðir, töluvert af eignum erlendis sem ætti að vera freistandi að flytja heim á núverandi gengi, hafi menn á annað borð trú á hagkerfinu.

★ ★ ★


Það er einmitt þar sem hnífurinn stendur í kúnni. Fjárfestar hafa ekki trú á hagkerfinu og enga ástæða til að hafa hana.

hinu opinbera nauðsynlegra tekna með sem minnstri röskun fyrir atvinnulífið.

★ ★ ★

Þetta hefur núverandi ríkisstjórn ekki haft að leiðarljósi, heldur hefur verið hrint í framkvæmd ótal breytingum á skattkerfinu, túlkun á skattareglum breytt afturvirkir, auk þess sem skattar hafa verið hækkaðir langt fram úr hófi þrátt fyrir

Skatttekjur hins opinbera árið 2009



Fyrir því eru nokkrar ástæður. Í fyrsta lagi er Ísland orðið háskattaland eins og fram kemur í skýrslu SA. Ef lítið er til skatttekna hins opinbera að frátöldum framlögum til almanna-trygginga, til að gera hlutfallið sambærilegt á milli landa að teknu tilliti til mismunandi fyrirkomulags lífeyrismála og aldurs- samsetningar, eru skattar á Íslandi í fimmta sæti yfir hæstu skatta í OECD.

★ ★ ★

Það er þó ekki nóg með að skattar séu háir á Íslandi, heldur það sem verra er, að frá sjónarmiði fjárfestingar er skattaumhverfi mjög óstöðugt á Íslandi. Útgjöld hins opinbera eru ákveðin af Alþingi eftir lýðræðislegum leikreglum og það er nauðsynlegt að fjármagna þau með sköttum. Skattar og skattheimta sem slík getur hins vegar ekki aukið verðmætastöðuna þjóðfélagsins, einungis skipt því sem verður til í vinnu annarra. Hins vegar geta skattar verið vinnuletjandi og fælt fólk frá hvers kyns fjárfestingu. Þennan eiginleika skattkerfisins nýta stjórnvöld sér í neyslustýringu, t.d. með háum sköttum á vöru og þjónustu sem stjórnvöld hverju sinni telja óæskilegt. Það ætti því að vera markmiðið við hönnun skattkerfis að lágmarka það tjón sem skattkerfið veldur með neikvæðum hvötum. Það er gert með því að hafa skattkerfið einfalt, skýrt og fyrir sjáanlegt. Skattkerfið á með öðrum orðum að einbeita sér því að afla

aðvaranir sérfræðinga AGS sem stjórnin leitaði álits hjá. Nýjasta dæmið um þetta er hækkanauðlegðarskatts, í 2% af hreinni eign hjóna yfir 200 m.kr. Þessi skattur er sérstaklega skaðlegur fyrir fjárfestingu þar sem hann skattleggur bókhaldslegt mat á eignum í Excel skjölum en ekki raunverulegar tekjur sem þessar eignir gefa af sér. Þannig beinir þessi skattur fjármunum í lausafé sem hægt er að selja til að standa í skilum á skattinum eða þá í fjármuni sem auðvelt er að koma undan mati skattayfirvalda, s.s. lausafé eins og listmunum, innanstokksmunum eða beinhörðum peningum í bankahólfi. Vafalaust eru margar aðrar aðferðir til að minnka skattheimtu, en augljóst sjúkdómseinkenni illa hannaðs skattkerfis er mikil fjölgun annars vegar skattasérfræðinga í hópi lögfræðinga og endurskoðenda og hins vegar starfsmanna skattstjóraembættanna. Ef skattkerfið væri einfaldað gæti stór hluti þessa annars ágæta fólks snúið sér að verðmætaskapandi störfum.

★ ★ ★

Auðlegðarskattur takmarkar svigrúm färmagnseigenda til að beina sparnaði sínum í langtíma fjárfestingu sem ekki skilar arði í náinni framtíð til að standa skil á skattinum. Sem dæmi má nefna að arðgreiðsluhlutfall S&P 500 hlutabréfavísitölnunnar hefur á undanförunum 20 árum sveiflast á bilinu 1-3%, á Íslandi hefur þetta hlutfall verið enn lægra. Þannig má

segja að auðlegðarskattur sé beinlínis skattur á nýsköpun og er það vafalítið ein af ástæðum þess að fólk er tregt að veita sparnaði sínum, sem bundinn er í bankainnstæðum, í fjárfestingu í fyrirtækjum.

★ ★ ★

Annað dæmi um nýjan skatt er fjársýsluskattur á heildarlaunagreiðslur fjármálafyrirtækja, lífeyrissjóða og váttrygginga-

þremur stærstu útflutningsatvinnugreinanna er einnig mikið vandamál. Þar er um að ræða tilraunir stjórnarinnar til að svipta útgerðirnar kvótanum og fjandsamlegt viðhorf í garð orkufreks iðnaðar. Umfjöllunin um sjávarútvegsmál í efnahagsáætluninni er sérlega döpur. Þar segir: „Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða hefur verið lagt fram á Alþingi og er þar til meðferðar. Mikilvægt er að skapa sem fyrst meiri festu um starfsumhverfi sjávarútvegs og að sátt náist um framtíðarfyrirkomulag fiskveiðistjórnunar og auðlindanýtingu í þessari mikilvægustu útflutningsatvinnugrein okkar Íslendinga.“ Stjórninni er í lófa lagið að skapa þessa sátt, það var hún sem skapaði óvissuna.

★ ★ ★

Annað atriði sem stjórnöld verða að taka á til að koma fjárfestingu af stað eru gjaldeyrishöftin. Í skýrslu sinni leggur SA áherslu á að þau verði afnumin án þess að setja fram hugmyndir um hvernig það skuli gert, en um þetta atriði er lítið að finna í Efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar annað en að krónan verði áfram „í viðjum hafta“ og að möguleiki er á að höftunum verði framlengt eftir 2013.

★ ★ ★

Hér að ofan var það nefnt að lágt gengi krónunnar ásamt ónýttu vinnuafli ættu að mynda kjör- aðstæður fyrir fjárfestingu í útflutningsatvinnugreinum hér á landi. Einn helsti óvissuþátturinn í þeim efnum eru þó gjaldeyrishöftin. Fjárfestir sem ætla að fjárfesta í útflutningsatvinnugrein er með tvær meginstærðirnar í áætlunum sínum óþekktar, annars vegar hvert er raunverulegt gengi krónunnar og hvert er raunverulegt vaxtastig á Íslandi sem er samrýmanlegt fljótandi gengi krónunnar. Á meðan þessar stærðir eru óþekktar er óvissan sem er tengd því að leggja í fjárfestingu sem á að skila sér aftur á nokkrum árum miklu meiri en ella og þar af leiðandi ávöxtunarkrafa væntanlegra fjárfesta.

★ ★ ★

Þessi atriði, sem Óðinn hefur nefnt hér að ofan til að koma fjárfestingu af stað, eins og einfaldara og fyrir sjáanlegra skattkerfi, draga tilbaka kvótafrumvarpið, hætta að flækjast fyrir framkvæmdum í orkufrekum iðnaði og afnám gjaldeyrishafta, eru til- tölulega einföld verkefni . Ríkisstjórninni væri í lófa lagið að koma þessum málum í lag á nokkrum vikum og ef atvinnu- lífið þyrfti ekki að hafa áhyggjur af ríkisstjórninni, þyrfti ríkisstjórnin ekki að hafa áhyggjur af atvinnulífinu og gæti snúið sér að því sem hún hefur virkilegan áhuga á – eins og kynjaðri hagstjórn.

★ ★ ★

En það er fleira en skattkerfið sem dregur úr fjárfestingu hér á landi. Fjandsamlegt viðhorf ríkisstjórnarinnar til tveggja af



**88%** viðskiptavina  
mæla með okkur

Hreint verð  
og úrvalsþjónusta  
– hagur fyrirtækis þíns

Yfir  
**30 ára**  
reynsla

## VIÐ FÁUM BESTU MEÐMÆLIN FRÁ ÁNÆGÐUM VIÐSKIPTAVINUM

Klæðskerasaumum tilboð sem kemur fyrirtæki þínu vel

**Fáðu verðtilboð: 554 6088**

hreint@hreint.is • www.hreint.is



Regluleg ræsting, hreingerningar, bónun og bónleysing gólfa, gluggaþvottur, gluggatjaldahreinsun, þvottaþjónusta, teppahreinsun, innkaup hreinlætisvara, þrif á húsgögnum og innréttingum, eldhúsumsjón, hádegisverðarþjónusta, húþvottur að utan, húsvarsla, eignaumsjón/fasteignaumsjón, hreingerning eftir tjón eða vinnu iðnaðarmanna, loka-ræsting nýbygginga/endurbygginga.

 **Hreint**  
RÆSTING  
– gerum betur í verði og verki

Akureyri, Akranesi, Hveragerði, Selfossi og Stór-Rvk.





# Sáu viðskiptahugmyndina eftir tveggja ára þróun

Á annarri hæð við Laugaveg má finna myndlistarmanninn og ilmvatnshönnuðinn Andreu Maack og tekur ilmurinn á móti manni um leið og hún opnar dyrnar. Hún selur nú sex mismunandi gerðir af ilmvatni sem hún byggir á verkum sínum í myndlist og fatahönnun.

DÖGG HJALTALÍN  
dogg@vb.is

Ilmurinn hjá Andreu er einstakur og ferskur og minnir andrúmsloftið frekar á Frakkland eða Ítalíu en nóvember á Íslandi. Ilmvatnsframleiðsla og markaðssetning er ekki það sem Andrea stefndi að fyrir nokkrum árum en eins og fyrir tilviljun er hún orðin framleiðandi að ilmvatni sem selt er í yfir 60 verslunum víðsvegar

um heiminn. Næst á dagskrá hjá henni er að fara til New York til að kynna ilmstötnin sín fyrir þarlendur fjölmiðlum. Andrea útskýrði fyrir blaðamanni hvernig þetta gerðist, ásamt manni sínum Gísla Þór Sverrissyni, framkvæmdastjóra fyrirtækisins sem sér um daglegan rekstur og praktískar hliðar framleiðslunnar.

#### Byrjaði á Listahátíð

Árið 2007 fékk Andrea boð um að sýna á Listahátíð 2008 og hana

langaði að gera ilmvatn fyrir sýninguna. „Ég hafði mikinn áhuga á ilmstötnum, sérstaklega þessari nýju bylgju því ilmstötn eru svo breytt frá því sem var og eru alls ekki eins og fyrir 10 árum.“ Andrea segir nýjan markað vera að fæðast þar sem allt snýst um gæði og hugmyndir en ekki fjöldaframleiðslu. „Ég vissi ekki þá að ég væri að detta inn í þessa bylgju í heimi ilmvatna.“ Andrea tók nýja nálgun á ilmvatnsframleiðslu og lét framleiða ilmvatn

eftir listaverki sem hún teiknaði sjálf sem var sett upp á sýningu á á Listahátíð. Fyrsti ilmurinn fékk nafnið SMART sem stendur fyrir Smell Art.

#### Fór í hlutverk

Andrea opnaði sýningu sem var eins og kynning á nýju ilmvatni og var hún á staðnum og úðaði ilmvatni á gesti sýningarinnar. Ilmvatnið gerði ilmvatnsframleiðandi í Frakklandi sem Andrea sendi teikningar og hugmyndir

að útliti sýningarinnar sem hann vann svo eftir. „Ég fór í hlutverk og á sýningunni var ég að kynna ilmvatnið. Myndlistarverkið samanstóð af mörgum litlum ilmvatnsprufum sem gestir tóku með sér heim. Fólk kom svo aftur til að spyrja hvar það gæti nálgast ilmvatnið.“

#### Sáu að þetta væri kannski viðskiptahugmynd

Sama löngunin til að gera ilmvatn greip Andreu næst þegar hún var



með sýningu og fyrir sýningu í Hafnarhúsinu lét hún því framleiða 200 ilmvatnsprufur. Þær voru allar teknar strax á opnuninni. Stuttu síðar sýndi Andrea einnig á tískutvíeyringi í Arnhem í Hollandi og þar gerði hún ilmvatnsflöskur í takmörkuðu upplagi í stærðinni 25 ml sem allar seldust um leið. Ilmvatnsprufurnar

### Tíminn og fjárfestingin

**A**ndrea segir vöruþróunina sjálfa ekki hafa kostað þau mikla peninga en auðvitað liggja í henni gríðarleg vinna. „Ég áttaði mig á því þegar ég var að lýsa þróuninni fyrir dreifingaraðil- anum hversu mikla fjárfest- ingu ég er búin að leggja í þróunina á vörunum. Okkar fjárfesting er tíminn,“ segir hún og Gísli bætir við að þau hafi unnið þetta á þeim forsendum að skapa vöru sem þau gætu verið stolt af og ætti erindi inn í þá flóru sem þegar væri til staðar og þau hafi ekki séð þetta sem viðskiptahugmynd. „Það er mjög sniðugt eftir á að hyggja að taka þetta í svona smáum skrefum. Hugmyndin var til staðar og við höfðum tækifæri til að kanna viðbrögð viðskiptavina á hagkvæman hátt.“

sem voru til hliðar á sýningunni var öllum stolið. „Við sáum þá að þetta væri kannski viðskiptahugmynd eftir þessar þrjár sýningar og tvö ár. Ég fékk þá hugmynd að búa eitthvað til úr þessu og sendi inn styrkumsókn til Hönnunar- sjóðs Auroru og fékk styrk.“

**Mikil vinna í pakkningunum**  
Andrea segir mikla vinnu liggja á bak við hönnunina á ilmvatns- glasinu og pakkningunum. „Við ákváðum að taka þetta alla leið fyrst við fengum styrk og opn- uðum sýningu og settum í sölu.“ Það kom Andreu skemmtilega á óvart hversu vel ilmvatnið seldist hérna heima og hversu opið fólk var fyrir hugmyndinni. Andrea segist hafa vakið mikinn áhuga erlendis og að þau fái mikið af fyrirspurnum frá erlendum versl- unum sem vilji selja ilmvötnin hennar. Það var hins vegar ákveð- ið strax í byrjun að vera aðeins með fáar vel valdar verslanir, eina á hverju markaðssvæði og byggja þannig upp myndina, ásamt því að kanna móttökur.

**Besti dreifingaraðilinn**  
Tilviljun réð einnig næstu skref- um en Andrea hafði rekist á verslun sem henni leist vel á og var starfrækt á vegum alþjóð- legs dreifingaraðila, Intertrade Europe. Viku síðar hafði Intertrade samband við Andreu og hún fór til London til að hitta þá. „Intertrade er fyrirtækið sem er best í því að dreifa ilmvötnum eins og mínum,“ segir Andrea og Gísli bætir við að Intertrade



Andrea Maack hefur þróað ilmvötn út frá teikningum og fatahönnun.

sé einungis með um 15 merki á sínum vegum. „Þeir eru með sínar eigin búðir og mjög sterk- ir í dreifingu og þeir velja bestu staðina fyrir vörurnar hverju sinni.“ Eftir að samstarfið hófst við Intertrade fór Andrea að laga umbúðirnar og flöskurnar að breyttum forsendum og aukn- um möguleikum. Framleiðsl- an var færð til Ítalíu frá Frakk- landi og Intertrade aðstoðaði þau við allt þetta ferli. Að auki bætti Andrea við tveimur ilm- vötnum í vörulínuna þannig að samtals framleiðir hún fimm ilmvötn. Nýlega voru þau á sölu- messu í Flórens Pitti Fragranze



og kynntu þar ilmvötnin fyrir Evrópumarkaði og sögðu sög- una á bak við ilmvötnin.

**Bandaríkin næst**  
Önnur framleiðslan af ilmvötn- um Andreu er komin í sölu en fyrsta framleiðslan seldist fljótt upp. Nú í september fór ann- að upplagið og það fyrsta sem framleitt er á Ítalíu á markað. Andrea segir þetta stórt skref fyrir þau en lítið á mælikvarða Intertrade. „Samstarfið við Intertrade gerir okkur kleift að framleiða á Ítalíu og jafnvel að gera hluti í tiltölulega litlu upp- lagi. Það veitir okkur þannig aðgang að tækni sem fyrirtæki á okkar stærðargáðu eiga erfitt með tileinka sér. Við erum því að framleiða á hagkvæman hátt því við erum í þessu samstarfi.“ Ilmvötnum Andreu hefur nú verið dreift í 60 verslanir í Evr- ópu frá því í september. Næst á dagskrá er svo að herja á Bandaríkjamarkað en Intertrade sér um allt í kringum markaðssetningu og dreifingu þar. „Við getum einbeitt okk- ur að frekari þróun á vörunni.“ Gísli segir mjög hvetjandi að vinna með fagaðila á borð við Intertrade og að þau ráðleggi þeim um framleiðslu, vöruþró- un og markaðssetningu enda með 25 ára reynslu. Ilmvötnin eru í sölu hér heima í SPARK Design Space, Klapp- arstíg 33, og einnig í gegnum vefsíðuna [www.andreamaack.com](http://www.andreamaack.com)



# Ekki í hópi hinna svartsýnu á Íslandi

Vilhjálmur Þorsteinsson fjárfestir situr í stjórnnum fjölda fyrirtækja á Íslandi auk þess sem hann hefur tekið þátt í að móta orkustefnu fyrir Ísland, semja tillögu að nýrri stjórnarskrá og þá er hann nýkjörinn gjaldkeri Samfylkingarinnar. Hann segir að vandi Evrópusvæðisins og evrunnar hafi ekki orðið til þess að hann hafi þurft að endurskoða afstöðu sína til inngöngu Íslands í ESB.

BJARNI ÓLAFSSON  
bjarni@vb.is





Ég er ekki í hópi þeirra sem eru svartsýnir á framtíð Íslands,“ segir Vilhjálmur. „Ég held að íslenska ríkið sé að einhverju leyti í ágætis málum efnahagslega. Við tókum mjög skarpa dýfu strax í upphafi fjármálakreppunnar og erum aðeins á undan kúrfunni hvað það varðar. Þegar þróunin hér á landi frá 2008 er borin saman við það sem Svíþjóð og Finnland gengu í gegnum í upphafi tíunda áratugar síðustu aldar er ekkert óvenjulegt við þróunina á Íslandi. Við eigum góða möguleika á að snúa við blaðinu og byggja hér upp mjög gott hagkerfi og samfélag.“

Hann segir þó að það sé að einhverju leyti háð því hvernig mál

bóginn hafa sumir sagt að ef þau hefðu haft gjaldmiðil sem hefði lækkað þá væri samkeppnisstaða þeirra gagnvart umheiminum sterkari og framleiðslukostnaður lækkað í samanburði. Það er erfitt að segja hvor staðan er betri eða verri. Öllum gjaldmiðlum fylgja kostir og gallar. Grundvallarvandinn er skuldsetningin, en ekki gjaldmiðill eða ríkjasamband.“ Hann segir vandann ekkert minni í Bretlandi, sem stendur utan evrusvæðisins. „Þar eru skuldir ríkissjóðs mjög miklar og þar ofan á bætast skuldir utan efnahagsreiknings, sem komu til vegna bankabjörgunar 2008 og 2009. Eins eru alvarleg vandamál á leiðinni í Bandaríkjunum, þar sem skuldir alríkisins hækka stöðugt, sem og skuldir einstakra

Markmiðið er að koma í veg fyrir eins konar dómínóáhrif sem gætu byrjað ef eitt evruríki hrynur.“

Hann segir að það sem er að gerast í Evrópu hafi ekki orðið til þess að hann hafi endurskoðað afstöðu sína til inngöngu Íslands í ESB og upptöku evru. „Ég er jafn sannfærður og áður um að við eigum að ganga í Evrópusambandið. Þá tekur við þessi ERM2 aðlögun og ég held að það sé ágætis millibilsástand meðan við skoðum okkar mál og afstöðu okkar til evrunnar. Menn spá evrunni alls kyns vandræðum, en menn verða að velta því fyrir sér hvort þau séu meiri en þau vandræði sem krónan er í. Þá verður að hafa í huga að þrátt fyrir allt hafa Grikkir grætt á

veita seðlabönkum allra hinna norðurlandanna. Við stóðum því algerlega berskjölduð.“

Vilhjálmur heldur að margir þurfi á næstu mánuðum og miss-erum að endurskoða ákveðnar forsendur hvað varðar Bandaríkin. „Staða Bandaríkjanna er um margt veikari en menn hafa viljað viðurkenna hingað til. Þar er tvöfaldur halli, bæði á fjárlögum og svo er mikill halli á viðskiptum við útlönd. Þar að auki eru skuldir alríkisins, fylkja og einstakra borga miklar og fara vaxandi. Þá eru þeir með allt öðruvísi fjármögnun á elli-lífeyri og örorku, þar sem um er að ræða gegnumstreymis- en ekki sjóðsöfnunarkerfi. Þetta er tifandi tímasprengja hjá þeim. Menn treysta á að Bandarík-

Bandaríkjunum. „Ofan á allt sem ég nefndi áðan þá bætist það við að þar er mjög almenn skotvopnaeign, þannig að hættan á því að menn missi félagslegan óróa úr böndunum er meiri en víða annars staðar. Ef fólk stendur allt í einu frammi fyrir því að fá ekki greiddan út þann lífeyri sem það telur sig eiga rétt á, hvort sem um er að ræða almannatryggingar eða lífeyriskerfi atvinnurekenda, þá getur það gripið til sinna ráða með mjög alvarlegum afleiðingum. Það eru margir iðnaðarmenn sem unnu hjá fyrirtækjum eins og bílaframleiðendunum. Þessi fyrirtæki eru með mjög stóra lífeyrissjóði og hafa menn jafnvel sagt í hálfkær- ingi að þau séu í raun ekki annað en risastórir lífeyrissjóðir sem



Vilhjálmur segir að um nokkurra ára skeið hafi fólk frekar viljað vinna í bönkum en í sprotafyrirtækjum. Nokkrir árgangar af srotafyrirtækjum hafi horfið vegna þess, en útlitið sé bjartara núna.

þróast í Evrópu og öðrum löndum. „Ég geri ekki lítið úr þessum vanda sem Evrópa er að glíma við núna. En þetta er ekki bara vandi fjármálakerfisins á vesturlöndum heldur líka í Japan, Bandaríkjunum og Kína. Menn hafa verið að setja það sem er að gerast í Evrópu upp sem eitthvert vandamál evrunnar, en vandinn er alþjóðlegur. Lönd sem ekki nota evruna eru í alvarlegum vanda, rétt eins og evruríkin. Þetta er vandamál of mikillar skuldsetningar og þá sérstaklega ákveðinna landa sem hafa staðið sig verr en önnur í ríkisfjármálum. Ég sé ekki rökin í því að það sé evrunni sjálfri að kenna.“ Hann segir evruna hafa sína kosti og galla í þessu samhengi og hafi varið almenning í þeim löndum sem nota hana. „Ef þau hefðu verið með annan gjaldmiðil í þessum löndum þá hefði hann hrunið, verð á innfluttum vörum hefði hækkað mjög mikið og vaxtakostnaður almennings farið upp í hæstu hæðir. Á hinn

fylkja og borga. Þá er uppsetningin á lífeyrissjóðakerfinu þannig að þessi skuldasöfnun kemur bara til með að aukast. Þegar horft er á málið með þessum hætti er erfitt að komast að þeirri niðurstöðu að vandi einstakra Evrópuríkja sé evrunni eða Evrópusambandinu að kenna.“

#### Markmiðið að koma í veg fyrir dómínóáhrif

Vilhjálmur segist sæmilega bjartsýnn á að leiðtogum Evrópuríkja muni takast að komast fyrir vandann. „Þau reyna hvað þau geta og ef allt gengur fólki í haginn þá gengur þetta upp, en það má ekki mikið út af bregða. Pakkinn, sem samþykktur var um daginn, er um margt ágætur. Hann gengur ekki út á það að skattborgarar séu með beinum hætti að borga skuldir Grikkja, en það er óbein þátttaka samt. Menn eru að tryggja skuldir björgunarsjóðsins þannig að ef illa fer gætu skattborgarar annarra ríkja þurft að greiða þetta.

## Opinn fyrir öðrum myntum

Hvað varðar aðra mynt en evruna segist Vilhjálmur vera tilbúinn að skoða það, að því gefnu að ekki sé verið að tala um einhliða upptöku. „Einhliða upptaka myntar er mjög erfið. Það að skipta út einni mynt fyrir aðra krefst þess að tiltrú á seðlabankanum sé mikil. Ef Ísland ákveður t.d. að gefa út íslenskan Kanadadólar á genginu einn á móti einum verður trú fjárfesta og atvinnurekenda á nýju myntinni, seðlabankanum og hagstjórninni að vera mjög góð svo ekki fylgi fjármagnsflótti í kjölfarið. Ef kanadíski seðlabankinn og kanadísk stjórnvöld eru hins vegar tilbúnir að samþykkja og styðja við upptöku kanadíks dollars hér á landi er ég alveg tilbúinn að skoða það. Ég held hins vegar að evran sé heppilegri kostur, því stærstur hluti utanríkisviðskipta okkar er við evrusvæðið og Evrópusambandið.“

samstarfinu við Evrópusambandið. Grikkir standa ekki einir og óstuddir. Þeir fá alls konar aðstoð frá sambandinu og aðildarríkjunum, sem við fengum ekki þegar við áttum í hvað mestum erfiðleikum á árunum 2008 og 2009. Þar stóðum við ein. Meira að segja bandaríski seðlabankinn vildi ekki veita íslenska bankanum skiptasamninga, sem hann var tilbúinn að

in séu öðruvísi með sinn dollar, sem hefur verið mikilvægasta myntin í heiminum í langan tíma. Forsendur eins og að ríkissjóðir séu alltaf traustir skuldarar og að Bandaríkin muni alltaf halda AAA láns hæfiseinkunn sinni eru ekki eins öruggar og menn héldu áður. Sannast sagna er ég er ekkert mjög bjartsýnn fyrir þeirra hönd.“ Vilhjálmur segist jafnvel óttast samfélagslegan óróa í

framleiði bíla í hjáverkum. Svo stór hluti af starfsemi þeirra eru lífeyrissjóðirnir orðnir, en það er ekkert víst að sjóðirnir geti greitt það út sem þeir eiga að gera þegar að því kemur.“

#### Gjaldeyrishöftin flækjast fyrir

Eftir hrun varð Vilhjálmur virkur í sprotageiranum á Íslandi. „Það hefur breyst mikið frá því sem var fyrir hrun. Frá 2005 til 2008 gerðist í raun lítið sem ekkert í sprotageiranum. Fólk þótti ekki aðlaðandi að byggja upp eigið fyrirtæki frá grunni og fór frekar í bankana. Þess vegna misstum við nokkra árganga á þessum tíma. Núna er auðveldara að fá hæfileikaríkt fólk og áhugi á srotafyrirtækjum er mun meiri en hann var fyrir nokkrum árum. Það sem kemur á móti er að það er ekki mikið af einkafjármagni. Sjóðirnir þrír, Tækniþróunarsjóður, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins og svo Frumtak hafa fyllt í þessi fjármögnunargöt og hafa allir þrír staðið sig vel að





Vilhjálmur segir mikilvægt að auka arðsemi fjárfestinga í orkugeiranum, m.a. með því að fá hærra verð á raforku sem seld er til stóriðju, en það muni þó væntanlega taka nokkurn tíma.

mínu mati. Ég hef verið að koma frekar inn sem englafjárfestir, þ.e. ég kem inn með tengsl, reynslu og vonandi þekkingu á því sviði sem fyrirtækin starfa á.“ Hann segir að ferlið hafi gengið ágætlega hjá mörgum fyrirtækjum, þau séu að vaxa og dæmi sé um að þau hafi verið seld til erlendra fjárfesta. „Það sem er erfitt eru gjald-eyrishöftin, en þau gera það mjög erfitt að finna fjárfesta erlendis. Þeir eiga erfitt með að skilja þau og eru svo tortryggir á að geta fengið fé sitt aftur út úr landinu. Sprotafyrirtækin hafa þurft að vera í flóknum æfingum til að gera einfalda hluti eins og að stofna dótturfyrirtæki erlendis. Clara þurfti til dæmis að fylla út margar síður eyðublaða og bíða í fleiri daga eftir því að fá leyfi til að flytja einn Bandaríkjadal til útlanda. Þeir vildu stofna fyrirtæki erlendis en ekki binda í því mikið eigið fé, heldur setja bara einn dal í það. Það tók hins vegar jafn mikla fyrirhöfn og ef þeir hefðu viljað flytja út hærri fjárhæð.“ Hann nefnir einnig skattaendurgreiðslukerfi vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðar sem dæmi um verkefni sem hafi gengið mjög vel.

Vilhjálmur segist annars ekki hafa verið að öllu leyti ánægður með skattastefnu ríkisstjórnarinnar. „Ég er fylgjandi einföldu skattkerfi, þótt skattprósentan sé hugsanlega hækkuð til að ná því markmiði. Einfalt skattkerfi

## Orkuöryggi og arðsemi virkjana

Vilhjálmur sat í stýrihópi um heildstæða orkustefnu, sem skipaður var af iðn- aðarráðherra árið 2009 og skilaði af sér tillögum nú í nóvember. „Það er margoft sem við getum gert betur í orkumálum. Í áratugi var orkustefnan, að því marki sem hún var yfir höfuð til, í raun byggðá- og framkvæmdastefna. Í því fólst að menn reistu virkjanir fyrir stóriðju til að skapa störf. Það sem við leggjum til og ný stjórn Landsvirkjunar hefur verið að gera er að horfa frekar á það hvernig við getum hámarkað arðsemi virkjana þjóðinni til hagsbóta. Kostnaðarverð á hverja megawattstund er um 18-19 Bandaríkjadóllarar og við höfum verið að selja álverum þessa orku á um það bil 22 dóllara. Það er ekki mikil arðsemi í því, sérstaklega þegar haft er í huga að á norðurlandamarkaðnum með raforku fer megawattstundin vel yfir 100 dóllara. Fyrirtæki og verksmiðjur eru að borga þetta verð þar. Við getum líklega ekki búist við slíku verði hjá okkur, því þrátt fyrir allt þá erum við eyland, en það er ekki ósanngjarnt að ætlast til þess að stóriðja greiði hærra verð en hún hefur verið að gera. Það mun líklega taka töluverðan tíma, því álverin eru með mjög langa samninga við Landsvirkjun. Þá breytist staðan hjá okkur umtalsvert þegar og ef sæstrengur verður lagður til Evrópu sem við getum notað til að selja raforku til

útlanda á hærra verði en við höfum gert hingað til.“

Orkuöryggi er Vilhjálmur einnig hugleikin. „Við erum mjög háð innflutningi á jarðefnaeldsneyti eins og olíu. Í raun



fer okkar margumrædda fæðuöryggi fyrir lítið ef skrífað er fyrir innflutning á olíu vegna stríðsátaka eða annarra hamfara. Það sem við þurfum að gera er að minnka notkun eins og hægt er, t.d. með því að taka upp kolefnisskatt. Þá verðum við að skoða það að taka upp aðrar tegundir eldsneytis eins og etanol, bíódísil og annað slíkt til að minnka notkun okkar á jarðefnaeldsneyti.“

sem er með sem fæstum skekkjandi áhrifum á hvata fyrirtækja og einstaklinga er markmiðið og ég held að sumt af því sem gert hefur verið í skattamálum sé óheppilegt að þessu leyti. Má sem dæmi nefna skattgreiðslur á arðgreiðslur frá dótturfélagi til móðurfélags, sem hefur verið letjandi fyrir fjárfestingu, m.a. í sprotafyrirtækjum.“

### Ekki mikill tölvuleikjaspilari

Vilhjálmur situr í stjórnum tölvuleikjafyrirtækjanna CCP og Gogogic, en segir að það sé ekki vegna sérstaks áhuga hans sjálfs á tölvuleikjum. „Í raun er um tilviljun að ræða. Ég hef sjálfur engan áhuga á tölvuleikjum og spila þá ekki. Ég kom inn í stjórn CCP árið 2003 að beiðni stofnenda fyrirtækisins og tók svo við formennsku í stjórninni árið 2006 og sit þar enn. Það var svo í gegnum þessi tengsl mín við CCP sem ég var beðinn að koma inn í stjórn Gogogic. CCP hefur verið mjög duglegt við að aðstoða nýrri og smærri tölvuleikjafyrirtæki og eftir nokkurra ára setu í stjórn fyrirtækisins taldi ég mig geta verið Gogogic innan handar.“

Vilhjálmur segir að endurfjármögnun CCP, sem greint var frá í Viðskiptablaðinu fyrir nokkrum vikum, hafi verið frágengin fyrir nokkru og sé merki um sterka stöðu fyrirtækisins. „Það sem skiptir hins vegar miklu

máli fyrir fyrirtækið er að CCP tókst að endurfjármagna sig á erlendum mörkuðum og að nýja lánið er í dollurum, sem er upp- gjörsmýnt CCP. Þarna losnar fyrirtækið því við gengisáhættu, því gamla lánið var í krónum.“

### Ánægður með stjórnarskráartillögurnar

Vilhjálmur er nýkjörinn gjaldkeri Samfylkingarinnar, en segist ekki hafa áhuga á þingstörfum, þrátt fyrir að hafa setið í stjórnlagaráði. „Vinnan í ráðinu var mun meiri en ég hafði gert ráð fyrir þegar ég fór í þetta, en hún var mjög skemmtileg og áhugaverð. Tillögurnar að nýrri stjórnarskrá sem við lögðum fram eru afrakstur þessarar vinnu, en eins og gefur að skilja fengu ekki allir sitt fram. Ég er mjög ánægður með tillögurnar og í raun held ég að þær séu betri en ef ég hefði fengið allt mitt fram. Sem gjaldkeri flokksins er ég ábyrgur gagnvart flokksmönnum og hef seturétt á þingflokksfundum Samfylkingarinnar. Hins vegar er sá tími sem betur fer liðinn þegar hlutverk gjaldkera var að ganga milli fyrirtækja og biðja um fé. Breytingar á lögum um fjármögnun stjórnmalaflokka bundu enda á það og er það vel.“ Vilhjálmur segist frekar vilja hafa áhrif á umræðuna með öðrum hætti en með beinu stjórnmalastarfi á þingi.





# Gjafakort

## Borgarleikhússins

### Gefðu töfrandi stundir í jólapakkann

Kortið er í fallegum umbúðum, gildir á sýningu að eigin vali og rennur aldrei út.

#### Jólatilboð Borgarleikhússins



##### Galdra Karlinn í Oz

Miðar fyrir tvo á söngleikinn ástsæla og val um bókina eða geisladiskinn.

7.500 kr.



##### Gói og baunagrasið

Miðar fyrir tvo á töfrandi ævintýrasýningu. DVD með Eldfærunum og geisladiskur með lögum úr sýningunni.

5.900 kr.



##### Gómsætt leikhúskvöld

Gjafakort fyrir tvo og ljúffeng leikhúsmáltíð frá Happi.

10.900 kr.

Gjöf sem aldrei gleymist!

Listabraut 3 | 568 8000 | borgarleikhus.is



Borgarleikhúsið





Fjölmenni fylgdist með verðlaunaafhendingunni.



Árni Gunnarsson, formaður SAF, Pétur Marteinsson, Ásberg Jónsson, Kristinn Vilbergsson og Katrín Júlíusdóttir, ráðherra ferðamála.  
VB MYND/BIG

# Gistiheimili hlýtur nýsköpunarverðlaunin

**K**ex Hostel vann nýsköpunarverðlaun Samtaka ferðabjónustunnar og í röksuðningi dómnefndar segir að eftirfarandi hafi einkum legið til grundvallar ákvörðun dómnefndar: Í sögunni búi framtíðin og glöggir ferðabjónustuaðilar nýti sér það til að skapa samkeppnisforskot fyrir sín fyrirtæki. Í síkviku upplifunar- og þjónustuhagkerfi samtímans sé oft vandasamt að ráða í hvernig fortíðin speglast í samtímanum og það oft frekar list en einhver vísindi. Það sé til dæmis verkefni góðra hönnuða að spá í hvernig rétt er að standa að slíku og tala til fólks svo skiljist. Aðferðafræði hönnunar búi þannig yfir einstökum tækifærum til sköp-

unar og endursköpunar fyrirtækja í greininni, sem jafnframt getur veitt samkeppnisforskot. Alls bárust 18 tilnefningar í samkeppni um nýsköpunarverðlaun Samtaka ferðabjónustunnar fyrir árið 2011. Margar voru um nýsköpun og fyrirtæki sem ekki voru komin á markað og því gafst dómnefnd ekki færi á að meta hvort árangur hefði orðið af þeim og þannig gildi nýsköpunarinnar. Reynsla var komin á aðrar tilnefningar, og öll fyrirtæki sem að baki þeim stóðu bjóða ferðavöru af miklum gæðum og metnaði. Dómnefnd var skipuð formanni samtakanna, einum félagsmanni og forstöðumanni Rannsóknamiðstöðvar ferðamála.



Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra afhenti nýsköpunarverðlaunin.



Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, fyrrverandi forstjóri Sögu Capital, var meðal þeirra sem kíktu á fjárfestakynningu Seed forum.



Fjölmenni var á fjárfestakynningunum Seed forum í Arion banka.

VB MYND/BIG

# Fjárfest í nýsköpun


**S**eed Forum Iceland er vettvangur þar sem hluti af framsæknuustu sprotafyrirtækjum Íslands kynna sig fyrir væntanlegum fjárfestum. Mörgum fyrirtækjum hefur tekist að afla sér hlutafjár í gegnum Seed Forum og einnig komið á nýjum viðskiptasamböndum. Í ár voru fyrirtækin sem kynnt voru Plain Vanilla, Virtual Game Worlds, IC Game House, Reliant Exams, 4x4Offroads.com, NeckCare og Ella. Meðal gesta á Seed Forum er fagfjárfestar, bankastarfsmenn og aðrir áhugasamir um nýsköpun á Íslandi. Íslensk fyrirtæki sem hafa verið kynnt á Seed Forum Iceland eru m.a. CCP, Orf Líftækni, Metor, Carbon Recycling International og Clara.



Hjálmar Ragnarsson, rektor Listaháskóla Íslands, og Þórður Magnússon, stjórnarformaður Eyris, ræddu málin.



Tekjur fréttablaða



TÖLFRÆÐI FJÖLMIÐLA

Blaðasalan hreyfist ekki

Þegar litið er til tölfræði um tekjur íslenskra fréttablaða sést bólan býsna vel. Hins vegar er hrunið ekki jafnaugljóst áfall og ætla mætti og fjölmiðlarnir þegar farnir að rétta úr kútnum.

Hið athyglisverða er þó að líkindum það að á undanförunum 20 árum hafa tekjur fjölmiðla af blaðasölu nær ekkert breyst. Í upphafi tímabilsins var auglýsingasala ámótamikill tekjustofn en þegar bóluhagkerfið

tekur að blómstra breytist allt. Í því samhengi er rétt að muna að Fréttablaðið hefur sáralitlar tekjur af blaðasölu, því er að mestu dreift ókeypis. Auknar auglýsingatekjur skýrast því að miklu leyti með velgengni þess og örlæti eigendanna árin fyrir hrun.

Eftir situr svo hin varanlega þróun að auglýsingar er um tvöfaldur tekjustofn á við blaðasölu fréttablaða.

| TOPP 10                       |                               |            |
|-------------------------------|-------------------------------|------------|
| Viðmælendur á ljósvaka        |                               |            |
| Vikan 10.11.2011 - 16.11.2011 |                               |            |
|                               |                               | Fyrri vika |
| 1                             | 🔴 Jónas Guðmundsson           | —          |
| 2                             | 🔴 Hanna Birna Kristjánsdóttir | 8          |
| 3                             | 🔴 Hörður Arnarson             | —          |
| 4                             | 🔴 Karl Sigurbjörnsson         | —          |
| 5                             | 🔴 Steingrímur J. Sigfússon    | 3          |
| 6                             | 🔴 Álfheiður Ingadóttir        | —          |
| 7                             | 🔴 Jón Gnarr Kristinsson       | —          |
| 8                             | 🔴 Ögmundur Jónasson           | 1          |
| 9                             | 🔴 Amal Tamimi                 | —          |
| 10                            | 🔴 Árni Sigfússon              | —          |

| EFST Á BAUGI                                                                                                                                                                                                                                                                            |  |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--|
| FJÖLMIÐLAVAKTIN                                                                                                                                                                                                                                                                         |  |
| #                                                                                                                                                                                                                                                                                       |  |
| Jafnvel vinstrigrænir máttu þoka úr toppsætinu fyrir hinu háa Alþingi, en þar er glatt á hjalla þessi dægrin, fjárlagastúss og ámóta stuð og suð. Efstur á lista viðmælenda í ljósvaka trónaði hins vegar Jónas Guðmundsson verkefnastjóri hjá Landsbjörgu, vegna Svíans, sem varð úti. |  |
| HEIMILD: FJÖLMIÐLAVAKT CREDITINFO.                                                                                                                                                                                                                                                      |  |

| TOPP 10                       |                                   |            |
|-------------------------------|-----------------------------------|------------|
| Um fjöllumarefni fjölmiðla    |                                   |            |
| Vikan 10.11.2011 - 16.11.2011 |                                   |            |
|                               |                                   | Fyrri vika |
| 1                             | 🔴 Alþingi                         | 2          |
| 2                             | 🔴 Vinstrihreyfingin-Grænt framboð | 1          |
| 3                             | 🔴 Samfylkingin                    | 3          |
| 4                             | 🔴 Sjálfstæðisflokkurinn           | 4          |
| 5                             | 🔴 Reykjavíkurborg                 | 5          |
| 6                             | 🔴 Háskóli Íslands                 | —          |
| 7                             | 🔴 Fjármálaráðuneytið              | 7          |
| 8                             | 🔴 Lögreglustjórnin á höfuðsösv.   | 6          |
| 9                             | 🔴 Landhelgisgæsla Íslands         | —          |
| 10                            | 🔴 Landsbankinn hf                 | —          |

FJÖLMIÐLAR

Góðir mótmælendur og vondir

BJARNI ÓLAFSSON

Klassískt umkvörtunarefni pólitískra nörða í Bandaríkjunum, hvort sem þeir aðhyllast Repúblikana-eða Demókrataflokkinn, er það hve fjölmiðlar eru hlutdrægir og pólitískir. Hægrimenn eru margir sannfærðir um að eina sjónvarpsstöðin sem segir sannleikann er Fox á meðan allir aðrir fjölmiðlar eru gegnsýrðir sósíalískum áróðri. Vinstri-menn halda því hins vegar fram að allir fjölmiðlar nema Fox séu í sæmilegu lagi, en Fox beri út harðkjarna hægriöfgastefnu.

Í þessu ljósi er því áhugavert að skoða muninn á því hvernig stærstur hluti bandarískra fjölmiðla tók annars vegar á Teboðshreyfingunni svokölluðu þegar hún kom fyrst fram á sjónarsviðið og hins vegar á þeirri hreyfingu sem kalla má Landtökuhreyfinguna (e. Occupy Wall Street), sem staðið hefur fyrir mótmælum við Wall Street í New York og á fleiri stöðum í Bandaríkjunum. Þegar Teboðshreyfingarinnar varð

fyrst vart árið 2009 gerðu fjölmiðlar fyrst um sinn sitt ýtrasta til að komast hjá því að fjalla um þennan hóp fólks sem vildi skera niður útgjöld ríkisins og mótmælti því að fé almennings væri notað til að bjarga bönkum. Þegar ekki lengur var hjá því komist að fjalla um hreyfinguna var umfjöllunin oft á tíðum mjög neikvæð. Fólks-



id var sakað um kynþáttaförðoma og er frægt þegar CNN fréttastöðin birti mynd af manni á Teboðsfundi með riffil um öxl. Fréttamaðurinn spurði

svo viðmælendur sína hvort þetta væri ekki skýrt merki um að fólkið á fundinum hataði nýja svarta forsetann. CNN sleppti því hins vegar að sýna allan líkama mannsins í útsendingunni, því það hefði skemmt þessa árás á hópinn. Maðurinn var nefnilega svartur.

Bandarískir fjölmiðlar tóku hins vegar Landtökuhreyfingunni með opnum örmum. Endalausar fréttir voru sagðar af mótmælunum og stefnumálum aðstandenda þeirra. Það sem er öllu alvarlegra er að mun minna hefur farið fyrir fréttum af nauðgunum, líkamsárásum og eiturlýfjasölu sem fer fram á mörgum þessum stöðum. Er staðan í New York orðin svo slæm að aðstandendur mótmælanna hafa sett upp sérstakt lokað og varið svæði svo konur geti sofði sæmilega öruggar á nóttinni.

Verður ekki hjá því komist að ætla að ef aðfarirnar hefðu verið svona slæmar á Teboðsfundum hefðu allir stærstu miðlarnir velt sér upp úr því. Það skyldi þó ekki vera að þeir hafa meiri samúð með andkapítaliskum markmiðum Landtökumanna en lágmarksríkishugsjónum Teboðsfólksins.

Höfundur er blaðamaður.

FJÖLMIÐLARÝNI

ANDRÉS MAGNÚSSON  
andres@vb.is

Kópavogur og víðar

Ráðherrar hafa áhyggjur af mörgu, fyrir það er þeim borgað. Þannig var gott að heyra það í fréttum Stöðvar 2 í liðinni viku að Katrín Júlíusdóttir hefði „áður kallað eftir því að stuðlað verði að því að ferðamenn eyði meiri peningum á Íslandi.“ Gaman væri að heyra meira um þá viðleitni hins opinbera.

★ ★ ★

Fyrst minnst er á tilraunir til þess að hafa fé af útlendingum leitar hugurinn auðvitað til Kópavogs. Þaðan voru sagðar einhverjar illskiljanlegar fréttir af dónakvöldi á skemmtistað þar í sveitinni. Þar kom mjög við sögu mannréttindafulltrúi Kópavogskaupstaðar og örugglega allt gott um það að segja. En er sú staðreynd að Kópavogur hefur mannréttindafulltrúa á sínum snærum ekki ótvíræð vísbending um að kreppunni sé að ljúka? Eða a.m.k. að fjárhagsþrengingar Kópavogs hljóti að vera orðum auknar?

★ ★ ★

Af öðrum ráðherraáhyggjum: Á þriðjudagsmorgun fengu hlustendur morgunútvarps RÚV að hlýða á umhverfisráðherra greina frá áhyggjum sínum af hrakandi gæðum sæðis í dönskum og norskum ungmennum. Margt er starfið og allt það, en þetta var fullmikið af því góða svona í morgunsárið.

★ ★ ★

Það kom í fréttum að ný tuskubúð í Smánarlind hefði selt allan lagerinn sinn á mettingu og þyrfti því að hafa lokað þangað til eitthvað kæmi í hillurnar á ný. Kannski þetta sé frétt af svipuðum meiði og þessi um aukna bílasölu, sem sumir töldu til marks um að 2007 væri að renna upp á nýjan leik.

Þetta rímaði hins vegar illa við fréttir um sömu miðla degi síðar um að fatasala hefði dregist saman um fimmtung. Eða er orsakasamhengi þarna á milli? Að fólk hafi verið að bíða þessarar undrabúðar í Smáralind og misst sig þegar hún var loks opnuð? Þar leynast ósagðar fréttir.

★ ★ ★

Hér hefur stundum verið minnst á að eftir hrun hafi erlendar fréttir hvorki verið fugl né fiskur. Á Ísland þó sem fyrr afar mikið undir umheiminum, sennilegast meira nú en um langa hríð.

Það hefur þó varla farið fram hjá nokkrum manni að í Evrópu eru miklar viðsjár á efnahagssviðinu og ekki þó síður hvað varðar fjármál og peningamál. Það mun snerta Íslendinga fyrr en síðar, þorri utanríkisverslunar Íslendinga er við lönd

Evrópusambandsins og í Seðlabankanum stendur yfir tilraun til óformlegrar tengingar krónunnar við evru. Af þeim sökum einum hefði mátt ætla að meira væri fjallað um atburði suður í álflu og mögulegar afleiðingar þeirra hér. Þá kynni einhverjum að detta í hug að slíkt kynni að hafa áhrif á Evrópuumræðuna.

Svo virðist þó ekki vera, þó íslenskir fjölmiðlar hafi gert atburðarásinni sæmileg skil. Einhverntíma hefðu það þótt fréttir ef tiltekin lýðræðisríki Evrópu stæðu fyrir hallarbylt-ingum í nágrannaríkjum sínum, að Evrópusambandið hlutaðist til um innanríkispólitík bandalagsríkjanna og svo mætti lengi áfram telja.

★ ★ ★

Svo eru aðrar erlendar fréttir, sem vissulega eru sagðar, en fljóta samt hjá. Þannig er ekki hægt að álasa fjölmiðlaneytendum fyrir að vera búnir að tapa áttum í hinum stórfenglegu skuldafréttum heimsins þar sem skrilljónir á trilljónir ofan eru í veði og voða.

Það er í raun ekki heldur unnt að skamma fjölmiðla fyrir að gera þeim ekki nægileg skil eða öllu heldur að koma lesendum, hlustendum eða áhorfendum í skilning um hvað sé í húfi. Við hvað ætti eiginlega að miða? Það segir fólki ekki mikið að einhver upphæð sé svo og svo margföld fjárlög Íslands, því hver hefur tilfinningu fyrir því hve mikil verðmæti eru í spílinu þar? Enda vafamál að miða við mælieiningu, sem grundvallast af skáldskapargáfu seðlabankastjóra.

Stundum eru þó minni upphæðir til umfjöllunar. Þannig hafa t.d. verið sagðar fregnir af því í ýmsum miðlum að borgin Harrisburg í Pennsylvaníu vestanhafs sé við það að fara á hausinn. Hefur verið sagt frá því að þar búi um 50.000 manns, en áralöng fjárhagsóstjórn hafi leitt til þess að skuldir borgarinnar nemi um 300 milljónum Bandaríkjadala eða sem samsvari 35 milljörðum króna, líkt og Vísi reiknaðist til.

Jú, það er skiljanlegt að skuldarnar sligi hina góðu borgara Harrisburg. En svo má setja þær í annað samhengi: Í Reykjanesbæ búa um 14.000 manns en heildarskuldir í ná-munda við 42 milljarða króna. Út af þeim samanburði getur svo hver lagt út af sem vill.

★ ★ ★

Ríkisútvarpið sagði þá frétt í gær að faðernismál gegn Justin Bieber hefði verið felld niður. Það kann að eiga erindi á slúðursíðum, í frægðarfólksþáttum og kannski í litlu blaði í Kanada. Slíkt blaður á ekki heima í fréttatíma alvörugefna miðla. — Nema auðvitað að lakara sæði sé um að kenna og fréttastofa snúi sér til umhverfisráðherra til þess að leita ríkisverslunar Íslendinga er við lönd



Í SALNUM



DÖGG HJALTALÍN  
dogg@vb.is

## Aðför að jólaandanum

Jólin eru vertíð fyrir tónlistarmenn og alla tónlistaráhugamenn og ég kemst ekki í almennilegt jólasöng fyrir en ég hef farið á a.m.k. eina jólatónleika. Fyrirferðarmestir eru tónleikar Frostrósa og Jólatónleikar Björgvins Halldórssonar þar sem þúsundir innbyrða jólaandann í tónum. Undanfarin ár hef ég farið á **Jólatónleika Björgvins** og **Jólatónleika Baggalúts** en hápunkturinn er að fara á smærri tónleika t.d. í Dómkirkjunni eða Fríkirkjunni. Allt er þetta hin ágætasta skemmtun. Ég er ein af þeim sem byrja að spila jólalögin í nóvember og þau eru á fóninum alveg fram yfir þrettándann.



Allir jóla-tónleikar vekja tilhlökkun til jólaanna hjá mér en þegar ég hugsa um tónleika **Frostrósa** deyr jólaandinn lít- illega innra með mér. Ástæðan gæti verið að

dóttir mín kom heim uppveðruð úr skólanum fyrir tveimur árum og tjáði mér að hún væri að fara að syngja á tónleikum Frostrósa. Þar sem barnið var einungis 10 ára kom þessi ákvörðun mér mjög á óvart þar sem ekki hafði verið haft samband við foreldrana áður en þessir tónleikar voru kynntir börnunum. Að sjálfsögðu var ekkert annað hægt í stöðunni en að taka þátt í öllu því umstangi sem fylgdu barninu í kringum tónleikana. Upphófst nú tímabil þar sem hún var mikið fjarverandi sök- um æfinga sem að sjálfsögðu rákust á annan hefðbundinn jólaundirbúning. Að sjálfsögðu þurfti barnið að vera í ákveðnum búningi sem var sendur heim með henni einn daginn fyrir mig að strauja. Hápunktur gleðinnar var þó þegar ég þurfti að sækja hana, sem þó gerðist bara einu sinni því byrðinni var dreift. Ég sat föst í bilnum, rétt fyrir miðnætti á laugardags- kvöldi, hátt í klukkutíma við að komast frá tónleikunum og þeir sem þekkjá mig vita að það er mjög margt annað sem mig langar til að eyða laugardagskvöldum í desember.

**Jólaandinn kom þó mjög fljótt aftur og fyrir þá sem eru að leiða að honum mæli ég með heimsókn til nunnanna í Karmel- klaustri.** Það er alltaf frábært að koma til þeirra og kaupa af þeim eins og eitt skreytt kerti eða jólakort. ■

Afram Ísland - Veljum Íslenskt!

**Þú færð límmiðana hjá okkur Íslensk framleiðsla!**

Hafðu samband við sölumann í 567 88 88

**pmt**  
Plast, miðar og tæki - www.pmt.is

## Fyndið uppistand

3/5

Uppistand þeirra félaga **Þorsteins Guðmundssonar** og **Péturs Jóhanns Sigfússonar** er myndið. Þeir sem eru hrifnir af einkennilegum húmor Þorsteins eru því ekki sviknir af þessu uppistandi og var hægt að hlæja mikið að bröndurum hans. Þorsteinn stóð uppúr því sýningin er það löng að **Pétur Jóhann** nær ekki að halda dampi í lengri tíma. Hann er best- ur fyrst í sýningunni en dettur svo niður. Tónlistar- maðurinn **Helgi Svavar** glæðir sýninguna tónum en er eingöngu fyrir að mínu mati.



## New York Times á umróta tímum

3/5

Heimildarmyndin **Page One: Inside the New York Times** var frumsýnd á **Sundance-kvikmyndahátíðinni** fyrr á þessu ári. Rauður þráður myndarinnar er framtíð prentmið- ilsins, þar sem NYT hefur leitt aðra miðla á miklu breytingar- skeiði í sögu fjölmiðla. Myndin kemur víða við og fjallar meðal annars um áhrif **Wikileaks**, **Watergate**-málið, tilkomu **iPad** og áhrif „fréttastuldar“, út frá sjónarhóli blaðamanna og ritsjóra NYT. Áhugaverð mynd sem hægt er að mæla með.



**TÖLVULEIKIR** Skotleikjarisarnir Battlefield og Modern Warfare tókust á í síðustu viku.

# Leikurinn seldist fyrir 65 milljarða á einum degi

**Call of Duty: Modern War- fare 3 kom í verslanir í síð-ustu viku og sló öll sölumet.**

BJARNI ÓLAFSSON  
bjarni@vb.is

Skotleikurinn Call of Duty: Modern Warfare 3 kom út í síðustu viku og sló öll sölumet í afþreyingarið- aðinum í heild sinni. Eng- in afþreyingarvara, kvikmynd, hljómplata eða tölvuleikur hefur aflað jafnmikilla sölutekna á svo skömmum tíma. Ein og hálf millj- ón manna stóð í biðröðum við 13.000 verslanir til að kaupa leik- inn og á fyrsta söludegi seldust alls 9,3 milljónir eintaka af leiknum. Á vefsíðunni Amazon.com selst leik- urinn á 58 dali og má því ætla að sölutekjur á fyrsta degi hafi num- ið um 540 milljónum dala, eða um 62,5 milljörðum króna. Til sam- anburðar seldist Modern Warfare 2 leikurinn fyrir um 300 milljónir dala á fyrsta degi í febrúar 2009 og fyrir um 550 milljónir á fyrstu fimm dögum.

Það sem gerir velgengni Mod- ern Warfare 3 enn áhugaverðari er sú staðreynd að á mjög svipuðum tíma kom út nýjasta útgáfan af helsta keppinautinum, Battlefield 3. Ekki er óvarlegt að ætla að marg- ir unnendur skotleikja hafi því



þurft að gera upp á milli leikjanna, en ekki keypt þá báða. Fimm millj- ónir eintaka af Battlefield 3 seld- ust í fyrstu vikunni, sem lauslega áætlað hefur skilað útgefandanum um 290 milljónum dala.

### Kröfuharðir fjárfestar

Eins undarlega og það kann að hljóma þá hefur hlutabréfaverð Activision Blizzard, sem er útgef- andi Modern Warfare, ekki end- urspeglad þessa velgengni leiksins. Vissulega hefur gengið hækkað

jafnt og þétt frá því um miðjan ágúst, en frá því að leikurinn fór í sölu þann 8. nóvember hefur gengið hins vegar lækkað aftur. Í ágúst var hver hlutur á genginu 10,65 dali og náði það hámarki 8. nóv- ember í 13,93 dölum. Síðan þá hef- ur gengið farið niður fyrir 13 dali, líklega vegna þess að þrátt fyrir að slá öll met hefur salan á leikn- um ekki staðið undir himinháum væntingum fjárfesta.

Í raun gerðist mjög svipaður hlutur með gengi Electronic Arts,

útgefanda Battlefield leikjanna, eftir að Battlefield 3 kom út þann 25. október. Í ágúst var gengi bréf- anna í kringum nítján dali á hlut og náði hámarki þann 24. þess mánaðar í 24,94 dölum á hlut, en 1. nóvember var gengið komið í 22,46 dali á hlut. Síðan þá hefur gengi bréfa félagsins hækkað í 25,2 dali þann 4. nóvember og lækkað aftur í 23 dali. Fjárfestar virðast því ekki ennþá búnir að gera upp hug sinn varðandi leikinn og áhrif hans á tekjur EA.

## KLASSÍK - PAN EFTIR KNUT HAMSUN

# Sumarið á Hálogalandi

ARNÓR GÍSLI ÓLAFSSON  
ago@vb.is

Sundum hef ég dregið fram og reynt að lesa aftur sumar af þeim skáldsögum sem ég las og heillaðist af í menntaskóla. Það hafa oft reynst vera mistök og ég verið fljótur að loka þeim afur, auðvitað ekki vegna þess að sög- urnar hafi nokkuð breyst heldur vegna hins að ég hef breyst og smekkur minn og kannski ekki síst vegna þess að ég er kannski ekki eins hrifnæmur nú og ég var þá. Þó eru innan um sögur og höfundar



snillingi Jóni Sigurðssyni frá Kaldaðarnesi. Rithöfundarferill Hamsun spannaði lang- an tíma eða rúm 70 ár. Fyrsta bók hans kom út 1877 en sú síðasta, Grónar götur, árið 1949. Ég hef einkum tekið ástfóstri við skáldsögur Hamsun frá fyrri hluta fer- ils hans og ein af þeim er Pan, þótt Sultur, sem gerði Hamsun frægan, sé einnig í miklu upphaldi.

Upphafssteningar bóka slá stundum eins og tóninn fyrir allt sem koma skal og sagan um Glahn liðsforingja hefst svona: „Seinustu dagana hefur mér ekki úr huganum farið sumarið á Hálogalandi, þar sem alltaf er eilífur dagur. Ég sit hér og er að hugsa um það og um skála sem ég hafðist við í og um skóginn á bak við skálann.“ Pan verkaði sterkt á mig og það var lengi ætlan mín að dvelja einn og yfirgefinn í „hytte“ einhvers staðar í skóglendi Norður-Noregs; síðar þróaðist

myndin og ég sá sjálfan mig fyrir í norsk- um skógi með öxi í hönd byrjandi að fella tré í eigin bjálkakofa. Sumir ku telja kindur þegar þeir eiga erfitt með svefn en ég hef brugðið á það ráð að hefja að reisa eigin skála í norskum skógi – og er alltaf sofn- aður áður en hann er fullgerður.

## Helstu sögur Hamsun 1890-1910

- » Sultur 1890
- » Leyndardómar 1892
- » Pan 1894
- » Viktoría 1898
- » Umrenningar 1904
- » Undir hauststjörnu 1906
- » Benóní 1908
- » Rósa 1908





Aðalsteinn Leifsson, lektor við HR, gerðist stjórnarformaður FME síðastliðið sumár.



Gunnar Andersen hóf ræðu sína á því að vísa í orð Dan Quayle, varaforseta í stjórnmálum George Bush eldri, sem sagði eitt sinn „fram-tíðin verður betri á morgun“.



Árni Páll Árnason sagði Íslendinga sammála um gagnrýni á fjármálakerfið og Fjármálaeftirlitið.

VB MYND/BIC

# Bætt eftirlit nauðsynlegt

**F**jármálaeftirlitið (FME) vinnur nú að því að uppfylla alþjóðleg skilyrði, en við athugun sérfræðings Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) á starfsemi FME kom í ljós að nokkuð vantar upp á að skilyrðum sé fullnægt. Þetta kom fram í máli Gunnars Andersen, forstjóra FME, á aðalfundi eftirlitsins á miðvikudag í síðustu viku. Gunnar kynnir rekstrarárið og helstu áherslur stofnunarinnar, sem hefur stækkað mikið. Starfsmenn þess eru nú yfir hundrað talsins.

Adalsteinn Leifsson, stjórnarformaður FME, hélt erindi og fjallaði um stefnu FME. Adalsteinn settist í stjórnarformannsstólinn síðastliðið sumar. Hann sagði óheppilegt að fjárbörfin til að standa straum af uppbyggingu sé mest nú, þegar umsvif fjármálakerfisins eru í lágmarki. Þó er gert ráð fyrir verulega minni fjárbörf á árunum 2013 og 2014. Efnahags- og viðskiptaráðherra Árni Páll Árnason setti fundinn. Hann talaði fyrir mikilvægi stofnunarinnar og að stjórnvöld muni styðja við efningu hennar. FME sé nauðsynlegt til að endurheimta traust á íslensku málakerfinu. Um ástandið í dag sagði Árni Páll það vera fátt sem sameini Íslendinga. Þeir sameinist þó um gagnrýni á fjármálakerfið og Fjármálaeftirlitið. Of mikið sé horft til baka í umræðunni og það þurfi að breytast.



Fundarsalurinn í Rúgbrauðsgerðinni var þétt setinn á aðalfundi FME.

**BÍLALEIGA  
AKUREYRAR**

— **Höldur** —

**Europcar**

Þínar þarfir - okkar þjónusta.

# VELDU GÓÐA ÞJÓNUSTU Á ÞÍNUM ÁFANGASTAÐ

**14 AFGREIÐSLUSTAÐIR**  
**UM ALLT LAND.**





## Aldarafmæli Chevrolet

**C**hevrolet bílaframleiðandinn fagnar á þessu ári ári 100 ára afmæli. Stofnandinn **Louis Chevrolet** fæddist á jóladag 1878 í bænum **La Chaux-De-Fonds í Sviss**. Louis var sonur úraframleiðanda en sjálfur varð hann reið-hjólasmíður að iðn. Aldamótin 1900 fluttist Louis til **Bandaríkjanna**, aðeins 22 ára að aldri. Hann fékk mikinn áhuga á hinu nýja samgöngutæki, bílnum, þegar árið 1905 og gerðist þá fljótlega þátttakandi í kappakstri og varð um leið einn þeirra bestu á kappakstursbrautinni. Árið 1909 var hann orðinn fastur liðsmaður í kappakstursliði **Buick** en eins og svo margir kappaksturskappar á þeim tíma vann hann samhlíða að smíði og þróun eigin bíla. Árið 1911 stofnaði hann svo fyrirtækið **Chevrolet Motor Car Company í Detroit** og kynnti strax árið eftir fyrsta Chevrolet bílinn – **Classic Six**.

Fyrstu ár fyrirtækisins háði það harða samkeppni við **Ford** um hylli bílakaupenda og gekk reyndar ágætlega. En hugur Louis Chevrolet stóð fremur til þátttöku í kappakstri og þróunarvinnu, m.a. við flugvéla-mótora, en viðskiptanna. Hann ákvað því að selja fyrirtæki sitt til **General Motors**.

Stóru bandarísku bílaframleiðendurnir Chevrolet, Ford og **Chrysler** fóru allir illa út úr fyrstu olíukeppunni sem hófst árið 1973. Evrópubúar hættu að kaupa stóra, þunga og eyðslufreka bíla og markaðs-hlutdeild Chevrolet í **Evrópu**, sem hafði verið ágæt, hreinlega hrundi. Árið 2005, þegar General Motors var nánast orðið gjaldþrota, varð loks róttæk stefnubreyting hjá **GM** og farið var í að framleiða í miklu magni litla og meðalstóra eyðslu-grennri bíla sem almenningur í Evrópu og jafnvel einnig í Bandaríkjunum vildi kaupa. Með kaupum á kóreska merkinu **Daewoo** varð GM mögulegt að framiðla litla og ódýra bíla í stórum stíl. Í kjölfar þessara róttæku breytinga hjá GM margfaldaðist bílasalan á örfáum árum og nú er Chevrolet einn mest vaxandi bílaframleiðandi í Evrópu.

Stærsta tromp GM og Chevrolet er framleiðsla á hinum byltlingarkennda rafmagnsbíl **Chevrolet Volt** sem kom á markað fyrr á þessu ári. Volt er tímamótabíll sem mun fleyta merki hins gamlgróna Chevrolet inn í framsæknari tíma. Það er klárt mál að sjálfur Louis Chevrolet hefði verið stoltur af þessari uppfinningu. ■



### Ný kynslóð af B-Class

Ný kynslóð af **Mercedes-Benz B-Class** kemur til Íslands um áramótin. B-Class er mikið breyttur bæði hvað varðar hönnun, aksturseginnleika og vélar. Bílinn er orðinn sportlegri og straumlínulagaðri í útliti en forverinn og auk þess með ýmsum flottum tæknifyngjum. Bensínbílarir verða boðnir með 1,6 lítra og 2,0 lítra vélum sem skila 122 og 156 hestöflum. Þá eru í boði dísilvélar sem skila 109 eða 136 hestöflum.



### Eyðir aðeins 3,2 lítrum

Nýr **Kia Rio** verður kynntur til leiks hjá **Öskju** 26. nóvember n.k. en þar er mjög breyttur bíll á ferðinni miðað við forverann. **Peter Schreyer**, yfirhönnuður Kia, hefur gert gríðarlega góða hluti með hönnunina á Kia bílunum og Rio er enn eitt dæmið um flotta hönnun bílanna. Samkvæmt uppgæfnum tölum frá framleiðandanum eyðir 1,1 lítra dísilútfærsla Kia Rio aðeins 3.2 lítra eyðslu á hundraðið í blönduðum akstri og er þar af leiðandi sparneytnasti bíll í heimi, hvorki meira né minna. Magn CO2 í útblæstri er aðeins 85 g/km sem er með því allra lægsta sem þekktist.



### Reynsluakstur Nýjum Chevrolet Aveo reynsluekið í Sviss

# Sprækur og sportlegur

Nýr Chevrolet Aveo var kynntur með viðhöfn í Sviss á dögunum á 100 ára afmælisári bílaframleiðandans.


RÓBERT RÓBERTSSON

Það fór vel á því að afmæliskynningin skyldi fara fram í Sviss þar sem stofnandinn Louis Chevrolet fæddist þar árið 1878 eins og má sjá í grein hér til hliðar. Það hefur margt og mikið gengið á í aldarsögu Chevrolet en bílaframleiðandinn hefur komið fram með hvern endurnýjaðan bílinn á fætur öðrum að undanfögnu og hafa breytingarnar klárlega verið til batnaðar.

Nýr Aveo kemur fram á sjónarsviðið sportlegur og smart og mun betur heppnaður en forverinn. Framhlutinn er sérlega vel heppnaður í hönnun með stórum, tvöföldum luktum og töffaralegu grilli. Straumlínulöguð hliðarlína bílsins er sportleg en það er helst afturendinn sem veldur vonbrigðum miðað við vel hannaða aðra hluta bílsins. Innréttingin er nokkuð framúrstefnuleg og flott. Litavalid er sömuleiðis skemmtilegt. Mælaborðið er mjög sportlegt og líkist dálítið motorhjólamælum. Hraðamælirinn er stafrænn sem er skemmtileg tilbreyting og margir kunna eflaust að meta.

### Fínn kraftur í stærri bensínvélinni

Ég reynsluók Aveo með 1,6 lítra bensínvél um fagrar sveitir og bæi í nágrenni Bern. Aksturseginnleikar bílsins voru heilt yfir fínir miðað við bíl í þessum stærðarflokki. Frekar þýður og snurðulaus akstur og stýringin ágæt. Bílinn er nokkuð þéttur og vegghljóð lítið. Aveo reyndist furðu sprækur og kom skemmtilega á óvart. Vélin skilar 115 hestöflum, hámarks-togið er 155 NM og eyðslan er 6,6 lítrar á hundraðið miðað við blandaðan akstur. Koltvísýringslosunin er 156 gr/km.



Nokkrar útfærslur eru í boði á Aveo, m.a. verður hægt að fá bílinn með sérlega sparneytinni 1,2 lítra ECO bensínvél og auk þess verður hann boðinn með tveimur 1,3 lítra dísilvélum, sem skila annars vegar 75 hestöflum og hins vegar 90 hestöflum. Aveo verður boðinn bæði beinskíptur og sjálfskíptur og þá verður hægt að fá hann með ríkulegri LTZ-útfærslu sem er einmitt á sérstöku afmælisverði um þessar mundir.

### Góður staðalbúnaður og mikið af hólfum

Bílinn er þokkalega rúmgóður miðað við stærðarflokk. Farangursrýmið leynir á sér. Mér finnst gaman að sjá hvað er mikið af geymsluhólfum í bílnum og hólfum fyrir drykkjarföng. Staðalbúnaður bílsins er nokkuð mikill, m.a. bakkmyndavél, stöðugleikastýring og skriðvörn auk tengi fyrir iPod og MP3 spilara sem og Bluetooth tenging við farsíma. Aveo stendur fyllilega fyrir sínu í þeirri miklu samkeppni sem ríkir í b-flokki bíla. Þetta er sprækur og finn borgar-bíll og samkvæmt upplýsingum frá Bílabúð Benna, sem er með umboð fyrir Chevrolet, er verðið nokkuð gott miðað við keppinautana í b-flokknunum. Með 1,6 lítra bensínvélinni 2,790.000 kr. en hann er eins og áður segir á sérstöku afmælistilboði hjá Bílabúð Benna, sem er umboðsaðili fyrir Chevrolet. Með sömu vél-arstærð og sjálfskíptur kostar Aveo 2.990.000 kr.

| Chevrolet Volt í stuttu máli: |                                |
|-------------------------------|--------------------------------|
| Vélarstærð:                   | 1,6 lítra bensínvél.           |
| Eyðsla:                       | 6,6 lítrar í blönduðum akstri. |
| Hröðun 0-100:                 | 11,3 sekúndur                  |
| Hámarks hraði:                | 189 km                         |
| Hestöfl:                      | 115                            |
| Hámarkstog:                   | 155 Nm.                        |
| Koltvísýringslosun:           | 156 gr./km.                    |
| Verð:                         | 2.790.000 kr.                  |
| Umboð:                        | Bílabúð Benna                  |



Bækur Hörð gagnrýni á skipulag dómstóla

# Stutt milli öfga í Baugsmálinu

Nýlega kom út bókinn **Síðasta vörnin** eftir Óla Björn Kárason þar sem hann fjallar um alvarlegar afleiðingar dóma hæstaréttar og héraðsdóms í Baugsmálinu. Hér er valinn kafli úr bókinni.

Á kveðin viðhorfsbreyting hefur átt sér stað hér á landi eftir hrún fjármálakerfisins. Almennur og fjölmiðlar eru gagnrýnni en áður. En það er oft stutt milli öfganna þó að ekki verði rakin dæmi um það hér. Hin aukna gagnrýni á hugsun virðist ekki ná til starfsemi dómstólanna, lögmannna og fræðasamfélagsins í lögum nema að takmörkuðu leyti. Gagnrýnin er til staðar og hefur alltaf verið til staðar en þá fremur í lokuðu samfélagi lögfræðinga. Opinber gagnrýni heyrir til undantekninga. Spurningin er af hverju?

Ef almennt samkomulag er um að veita verði dómstólum aðhald líkt og öllum öðrum valdastofnunum samfélagsins, verður það aðhald fyrst og fremst að koma frá samfélagi fræðimanna í lögum en ekki leikmönnum. En líkt og dómstólarnir þá „brugðust“ fræðimennirnir og starfandi lögmennt skyldu sinni. Því miður er svarið við spurningunni, „af hverju?“ fremur augljóst. Annars vegar hafa lögmennt áhyggjur af því að hörð gagnrýni þeirra á úrskurði

dómstóla geti komið niður á umbjóðendum þeirra í framtíðinni. Og hins vegar hafa fræðimenn og starfandi lögmennt, sem hafa hug á því að sækjast eftir sæti við Hæstarétt, það í huga að sitjandi hæstaréttardómarar eiga að leggja mat á hæfni umsækjenda. Eins og áður hefur verið vikið að seildust hæstaréttardómarar yfir í skipunarvald ráðherra, þvert á ákvæði laga. Þessi viðleitni dómara við að hafa áhrif á hverjir veljast til setu í réttinum hefur dregið úr allri fræðilegri og gagnrýnni umræðu um störf dómstóla og Hæstaréttar sérstaklega. Nú hefur lagareglum um þetta verið breytt þó að ljóst sé að áhrif Hæstaréttar séu ennþá alltof mikil við þessar umsagnir. Lagabreytingarnar breyta litlu um þá gagnrýni sem sett hefur verið fram um að óeðlilegt sé að fámennur hópur manna hafi völd til þess að velja inn í lokaðan „klúbb“ Hæstaréttar. Ný lög herða tök dómastéttarinnar á æðsta dómstóli landsins.

Það er langt í frá auðvelt að finna óumdeilda leið við skipan dómara og þá sérstaklega dómara í Hæstarétt. Rjúfa verður bein áhrif sitjandi dómara á hverjir veljast til starfa við dómstóla. Með því verður annars vegar tryggt að ekki myndist eins konar kunningjasamfélag í fámennri en valdamikilli stétt dómara og hins vegar losnar fræðasamfélag lögfræðinga úr „álögum“. Þeir fræðimenn í lögfræði sem hafa hug á því að sækjast eftir skipan sem dómastéttarar við Hæstarétt eiga mikið undir sitjandi dómurum sem enn í dag geta haft bein áhrif á skipan nýrra dómara. Í fræðastörfum sínum, sem meðal annars hljóta að beinast að dómaframkvæmd og störfum dómstóla, taka viðkomandi fræðimenn

óhjákvæmilega, meðvitað eða ómeðvitað, tillit til þessa. Aðhald fræðasamfélagsins að dómstólum er því minna en ella. Hið sama má segja um starfandi málflutningsmenn.

Hugsanlegt er skynsamlegast að taka upp svipaða aðferð við skipan dómara og tíðkast í Bandaríkjunum. Þá myndi ráðherra

mikil umræða um skipan dómara og almenningur mun gera sér betur grein fyrir þeim skoðunum sem væntanlegur dómari hefur á grundvallarspurningum.

En fleira þarf að gerast til að auka aðhald og gagnsæi í störfum Hæstaréttar. Nauðsynlegt er að tekin verði upp sú regla að við birtingu dóma komi fram hvaða dómari hafi samið dómsatkvæði, líkt og Sigurður Kári Kristjánsson alþingismaður hefur lagt til. Atkvæði annarra dómara þarf einnig að birta ásamt forsendum þeirra.

Enginn veit hvort og þá hversu mörg mál, sem tengjast hrúni bankakerfisins og stórs hluta viðskiptalífsins, enda fyrir dómstólum. En þau verða af misjöfnum toga. Sum kunna að verða einföld í lagalegum skilningi en önnur flókin og torveld, jafnt fyrir ákærvaldið, hina ákærðu og verjendur þeirra. Um leið verða þau erfið fyrir dómstóla. Hitt er annað að ástæða er til að hafa áhyggjur af því að samkvæmt kröfu tíðarandans verði reynt að

leita að meintum sökudólgum líkt og nál í heystakki. Slíkt mun ekki aðeins gera dómstóla nær óstarfhæfa heldur einnig — og það skiptir mestu — lama viðskiptalíf.

Hægt er að deila um hvort þeir dómastéttarar í héraðsdómi og þó ekki síst í Hæstarétti, sem kváðu upp dóma í málum tengdum Baugi, teljist trúverðugir í málum sem eiga eftir að koma fyrir dómstóla vegna hrunsins. Hinir lögfræðingarnir munu að líkindum skiptast í fylkingar í hugsanlegri lagadeilu um

þetta. En skiptir sú deila í raun einhverju?

Í þessu efni skipta spurningar um vanhæfi samkvæmt lögum ekki mestu og kannski engu. Íslenskt þjóðfélag er í þeirri stöðu að það getur illa sætt sig við að spurningin um hæfi eða vanhæfi dómara Hæstaréttar, sérstaklega, skuli eingöngu ráðast af lagalegum rökum. Til að Íslendingar geti náð sátt hver við annan verður að tryggja að ásynd íslenskra dómstóla sé traust og heilsteypt. Almennur verður að vera þess fullviss að sá hluti þjóðfélagsuppgjörsins sem fer fram við dómstóla sé hafinn yfir allan vafa.

Dómstólar sem stofnanir og einstakir dómastéttarar verða því að gera upp við fortíðina, eins og áður segir. Slíkt uppgjör verður ekki auðvelt en er hluti af því að græða sár í þjóðarsálinni. Best færi á því að slíkt uppgjör færi fram fyrir opnum tjöldum á málþingum dómara og lögfræðinga, sem og í ítarlegum fræðigreinum og jafnvel bókum.

Uppgjör af þessu tagi er hluti af því að styrkja réttarríkið og auka trú almennings á framtíð landsins. Þetta á ekki síst við um Hæstarétt sem á að vera vörn hins heiðarlega gagnvart skúrkinum, vörn friðseldarmannsins gegn ofbeldismanninum, vörn hins valdalaus gagnvart valdastéttunum, vörn einstaklingsins gegn ofríki ríkisins. Það er hægt að hugsa sér heilbriggt þjóðfélag sem býr við brotna stjórnmalastétt og lélega fjölmiðla. En brotið réttarkerfi, þar sem æðsti dómstóllinn bregst hlutverki sínu, muni alltaf leiða til hruns samfélagsins því að allt traust í mannlegum samskiptum hverfur. Og þá molnar þjóðfélagið.

Úr bókinni *Síðasta vörnin* eftir Óla Björn Kárason. Höfundur er blaðamaður.



Óli Björn Kárason, höfundur bókanna.

Frá 15. nóvember

# Jólamatseðill

## Tapas barsins

★ Hefst með Faustino freyðivíni í fordrykk

★ 7 gómsætir jólatapas fylgja síðan í kjölfarið

Tvíreykt hangikjöts tartar með balsamik vinaigrette

Rauðrófu og piparrótargrafinn lax

Spænsk marineruð síld með koriander og mango

Appelsínugrafin andabringa með malt- og appelsínsósu

Kalkúnabringa með spænskri „stuffing“ og calvados villisveppasósu

Steiktur Sælfiskur með sætri kartöflumús

Hægelduð grísasíða með heimatilbúnu rauðkáli, fíkjum og fjallagrasasósu

★ Og í lokin tveir ljúfir eftirrættir

Rise a la mande með berjasaft

Ekta súkkulaðiterta

4.990 kr.

RESTAURANT - BAR

Vesturgata 3B | 101 Reykjavík  
Sími 551 2344 | [www.tapas.is](http://www.tapas.is)





## Takk, Styrmir

Samkvæmt nýlegum tölum þjást 38 prósent Evrópubúa árlega af geðrænum kvillum, af öllum stærðum og gerðum: Allt frá þunglyndi og kvíða til geðklofa og taugasjúkdóma á borð við Alzheimer. Margir ná sér með góðra manna hjálp og lyfjagjöf, aðrir stríða við geðræn vandamál til æviloka. Lengi vel var geðveiki tabú, veikindi sem ekki mátti tala um. Geðveikt fólk var einsog óhreinu börnin hennar Evu – falin, lokuð inni. Þau voru tilraunadýr misviturra lækna og til eru hryllilegar sögur af meðferð sem geðsjúkir á Íslandi sættu. Smám saman hefur múrinn mikli verið rofinn. Okkur er að verða



ljóst að við erum öll í áhættu-  
hópi, að eitthvað getur brostið innra með okkur hvenær sem er, að við getum hvenær sem er orðið fórnarlamb svarta hundsins, einsog **Winston Churchill** kallaði þunglyndið sitt. **Styrmir Gunnarsson** ritstjóri er sá maður sem á síðustu áratugum hefur skrifað mest og best um málefni geðsjúkra á Íslandi. Í ritstjóratíð hans á Morgunblaðinu átti þessi málaflökkur skilyrðislausan stuðning, og sú arfleifð lifir enn á því ágæta blaði. Styrmir hefur nú skrifað stórmerkilega bók um persónulega reynslu sína og fjölskyldu sinnar. Í bókinni Ómunatíð fjallar Styrmir af mikilli einlægni um sjúkrasögu eiginkonu sinnar, sem glímt hefur við geðveiki í hálfa öld. Bókin er skrifuð í samráði við konu hans, **Sigrúnu Finnbogadóttur**, sem fyrst var greind með geðklofa og síðar geðhvarfasýki. Hún var aðeins 25 ára þegar hún veiktist frá tveimur kornungum börnum. Styrmir og fjölskylda hans sýna aðdúnaverða djörfung með því að opna okkur innsýn í heim, sem flestir þekkja, eða hafa að minnsta kosti pata af, en fæstir þora að tala um. Sjálfur hef ég verið greindur með hina svokölluðu geðhvarfasýki og á ótalmarga vini sem stríða við geðsjúkdóma af öllum gerðum. Ég hef séð fólk bugast og ég hef borið vini til grafar sem gáfust upp. Bók Styrmis Gunnarssonar markar þáttaskil í umræðunni og er tvímælaust einhver mikilvægasta bók ársins. ■

MEDMÆLI VIKUNNAR

Utgáfa

Þú á töfra?

Trúir þú á töfra?

UM HEIMA OG GEIMA

HRAFN JÖKULLSSON

„Eina leiðin til að eignast vin, er að vera vinur.“

RALPH WALDO EMERSON (1803-1882) BANDARÍSKUR RITHÖFUNDUR, SKÁLD OG HEIMSPEKINGUR.

Útgáfa Bókafélagið Ugly kemur víða við í jólavertíðinni

# Saga eiginkonu Jóns forseta

**Jakob F. Ásgeirsson stofnaði lítið forlag til að geta einbeitt sér að skriftum, en hefur á sjö árum gefið út meira en 100 bækur.**

HRAFN JÖKULLSSON

Tvær af umtöluðustu bókum fyrri hluta þessa árs voru gefnar út af Bókafélaginu Ugly. Engan þarf að öfunda eftir Barböru Demick, um mannlíf í lokaðasta landi heims, Norður-Kóreu, og Rosabaugur yfir Íslandi eftir Björn Bjarnason. Jakob Ásgeirsson rithöfundur setti Ugly á fót árið 2004 og hefur síðan gefið út yfir eitt hundrað bókartitla. Jakob ætlaði með útgáfunni að skapa sér fjárhagslegan grundvöll til að sinna skriftum, en reyndin hefur orðið sú að útgáfustússið hefur tekið sífellt meiri tíma og skriftirnar setið á hakanum.

### Með fyrirtækið í kjallaranum heima

Jakob rekur fyrirtæki sitt í kjallaranum heima hjá sér og er óhætt að segja að öllum rekstrarkostnaði sé haldið í lágmarki. En hvað skyldi bera hæst í útgáfu Uglunnar núna fyrir jólin? „Fyrst ber að nefna Ingibjörgu, ævisögu Ingibjargar Einarsdóttur, eiginkonu Jóns Sigurðssonar forseta, eftir Margræti Gunnarsdóttur. Það er bók sem mun áreiðanlega vekja forvitni margra. Ugly gefur líka út þýdda ævisögu sem farið hefur sigurför um heiminn, sjálfsævisögu Keiths Richards í Rolling Stones, en hún fékk nýverið Norman Mailer-verðlaunin í Bandaríkjunum fyrir bestu ævisögu ársins. Þá gefur Ugly út þungvægt



Jakob F. Ásgeirsson útgefandi og rithöfundur: Útgáfustússið hefur tekið sífellt meiri tíma og skriftirnar setið á hakanum.

sagnfræðirit um upphaf kommúnistahreyfingar á Íslandi, Roðann í austri eftir Snorra G. Bergsson,“ segir Jakob.

Frá því Ugly endurútgaf Pollýönnu fyrir nokkrum árum hefur hún sérhæft sig í útgáfu klassískra barnabók-



Ævisaga Ingibjargar, konu Jóns forseta, er líkleg til að vekja mikla athygli.

mennta, svo sem Öddu-bókanna eftir Jennu og Hreiðar, Jóláævintýris Dickens og Heiðu sem kom út á þessu ári. Einnig gefur Ugly út veglegar samprentsbækur handa börnum.


VISKA VIKUNNAR

„Eina leiðin til að eignast vin, er að vera vinur.“

RALPH WALDO EMERSON (1803-1882) BANDARÍSKUR RITHÖFUNDUR, SKÁLD OG HEIMSPEKINGUR.

eftir Óla Björn Kárasonar. Auk þess koma út á árinu tvær nýjar bækur í bókaflökki Uglunnar um samtíma-málefni: Fórnarlambakúltúrin eftir David G. Green og Peningar, græðgi og Guð eftir Jay W. Richards.

Ugly hefur líka sinnt útgáfu klassískra fagurbókmennta eftir því sem hún hefur haft bolmagn til. Auk ljóða-



Bókin um Keith Richards fékk Norman Mailer-verðlaun sem besta ævisaga ársins.

bóka eftir Kristján Karlsson, Matthías Johannessen og Gunnar Dal hefur Ugly gefið út nokkur þekktustu verk bókmenntasögunnar, svo sem Hinn mikla Gatsby eftir F. Scott Fitzgerald. Í ár gefur Ugly út skáldsögunnar Maður í myrkri eftir Paul Auster og Langur vegur frá Kensington eftir Muriel Spark, einn þekktasta höfund Breta á síðari hluta tuttugustu aldar. Meðfram bókaútgáfunni gefur Jakob út og ritstýrir tímaritinu Þjóðmálum sem komið hefur út fjórum sinnum á ári frá hausti 2005.

### SKÁKÞRAUTIN

## Hjörvar sló í gegn í Grikklandi

Íslendingar hafa eignast nýja skákstjórnu: **Hjörvar Steinn Grétarsson**, 18 ára, gerði sér lítið fyrir á Evrópumóti landsliða í **Porto Carras** í **Grikklandi** og landaði tveimur áföngum að stórmeistaratitli. Galdrastrákurinn úr **Grafarvog** stadfesti þannig að hann er efnilegasti skákmaður Íslands. Hann hóf mótið með látum, þegar hann lagði hinn mikla Shirov, og tefldi eftir það einsog ofurstórmeistari. Íslenska liðið varð efst Norðurlandþjóða á mótinu, sem er frækilegt afrek, því mikið var um

forföll hjá stórmeisturum okkar. Þannig varð **Helgi Ólafsson** landsliðseinveldur að taka sæti varamanns á síðustu stundu. Og þvílíkur varamaður! Helgi tefldi 5 skákir á mótinu og fékk 4½ vinning, eða 90 prósent vinningshlutfall. Helgi er einmitt helsti þjálfari Hjörvars, svo segja má með sanni að meistarinn og lærisveinninn hafi stolið senunni í Grikklandi. Þjóðverjar urðu Evrópumeistarar, mjög óvænt. Hjörvar Steinn tefldi tvær skákir



Friðrik Ólafsson, 76 ára, er að taffi í Hollandi.

á efsta borði íslenska landsliðsins, yngstur allra síðan **Friðrik Ólafsson** leiddi sveit Íslendinga á Ólympíuskákmótinu 1952, þá 17 ára. Og skákunnendur hafa ástæðu til að gleðjast: Nú situr Friðrik að taffi í **Hollandi** á minningarmóti um **Max Euwe**, sem var heimsmeistari 1935-37, og forseti **FIDE** 1970-78. Friðrik verður 77 ára í janúar og það er ávallt hátíð þegar þessi „grand old man“ í íslensku skáklífi sest að taffi. Fréttir af mótinu eru sagðar jafnóðum á skak.is og á splunkunýjuu og fjórugu skákbloggi **Stefáns Bergssonar** á dv.is. Það er sannarlega bjart um að litast í íslensku skáklífi!

» Hrafn Jökullsson

**Hvítur lætur dólgislega**  
Mateo hefur hvítt og setur á drottningu og hótar auk þess máti. En Hernandez gat hrist mæt fram úr erminni með svörtu mönnum: 1... Hh1+!! 2.Kxh1 Da1+ 3.Kg2 Dg1+ 4.Kh3 Dh1 mæt!





Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, og Magnús Bjarnason, framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunarsviðs fyrirtækisins, sátu fyrir svörum ásamt öðrum ræðumönnum undir lok fundar.



Ragna Sara Jónsdóttir, yfirmaður samskiptasviðs Landsvirkjunar, fjallaði um nýja stefnu fyrirtækisins um samfélagslega ábyrgð.

## Vindmyllur á fundi Landsvirkjunar

Fjölmenni var á haustfundi Landsvirkjunar sem haldinn var í Silfurbergi í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu á þriðjudag. Á fundinum fór forstjórinn Hörður Arnarson yfir stöðu og horfur fyrirtækisins. Þá vöktu lýsingar hans um lága arðsemi af virkjunum fyrirtækisins í gegnum árin mikla athygli. Kárahnjúkavirkjun, ein umfangsmesta og dýrasta framkvæmd Íslandssögunnar, er þar á meðal. Meðalarðsemi hennar sé 3,5% á meðan krafan hljóði upp á 11%. Þá benti Hörður á að Landsvirkjun hafi greitt ríkinu 110 milljónir dala á núvirði, jafn-

virði rúmra 12,9 milljarða króna á núverandi gengi, í arð og skatta á síðastliðnum 46 árum. Þetta jafngildir tæplega 282 milljóna króna meðalgreiðslu á ári. Hörður sagði ríkið bera sama og ekkert úr býtum. Bæta þurfi úr því, þar á meðal hagnaði, sem sé alltof lítill. Hann nam 73 milljónum dala í fyrra en þarf að vera tæplega þrisvar sinnum meiri. Af þeim sökum verði að hækka raforkuverð í nýjum samningum svo fyrirtækið verði arðbært. Gangi það eftir gæti Landsvirkjun þjónað svipuðu hlutverki og norsk olíusjóðurinn og malað gull fyrir þjóðina.



Óli Grétar Blöndal Sveinsson lýsti því fyrir fundargestum hvernig Landsvirkjun er að stíga fyrstu skrefin í nýtingu vindmylla til að beisla þá orku sem leynist í íslenska rokinu.



Kristján L. Möller, pingmaður Samfylkingarinnar og fyrrverandi samgönguráðherra, var einbeittur á fundinum.



Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, lét sig ekki vanta á haustfund Landsvirkjunar.



Gestir á haustfundi Landsvirkjunar hlustuðu með andakt á ræðumenn lýsa horfum í raforkumálum.

BRÖNS

ALLA LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA

GEYSIR

Bistro

Aðalstræti 2 | 101 Reykjavík | Sími: 517 4300 | [www.geysirbistrobar.is](http://www.geysirbistrobar.is)

Verð  
aðeins  
**1.895**  
með kaffi  
eða te







FÓLK Á FERÐINNI

**Fyrrverandi forstjóri í ísinn**  
**Stefán Ágúst Magnússon** er orðinn eigandi og framkvæmdastjóri Ísbúðar Vesturbæjar sem rekur þrjár ísbúðir, á Hagamel, Grensásvegi og Fjarðargötu í Hafnarfirði. Stefán starfaði áður sem sérfræðingur hjá MP banka og þar áður var hann framkvæmdastjóri Icelandic Water Holdings. Hann starfaði hjá Eimskipum frá árinu 2002 til 2008 og síðast sem forstjóri félagsins. Stefán lauk námi í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 1993 og útskrifaðist með kandídatsgráðu í fjármálum og reiknishaldi frá Copenhagen Business School árið 1997.

**Nýr markaðsstjóri Securitas**  
**Hjörtur Freyr Vigfússon** hefur tekið við starfi markaðsstjóra hjá Securitas. Hjörtur var áður framkvæmdastjóri Vals og þar áður framkvæmdastjóri Golfklúbbs Odds og Odd-fellowa. Hann hefur meðal annars verið markaðs- og sölustjóri hugbúnaðarfyrirtækisins Betware. Hjörtur er lærður íþóttakennari frá Íþróttakennaraskóla Íslands með B.Sc. í stjórnun frá Coastal Carolina University og Master of Business Administration frá Webster University.

**Verkefnastjóri hjá Leikfélagi Akureyrar**  
**Helga Mjöll Oddsdóttir** hefur verið ráðin verkefnastjóri hjá Leikfélagi Akureyrar. Helga er 31 árs Akureyringur, með BA í textilhönnun. Helga hefur ýmsa reynslu af framleiðslu á leiknu efni bæði í leikhúsi og í kvikmyndum. Hún hefur starfað áður fyrir LA, fyrst árið 2007 sem aðstoðarmaður við búninga og aftur núna í haust. ■



**Halla víkur fyrir Vilhjálmi**  
Í kjölfar kaupa **Auðar Capital** á **Tindum verðbréfum** verður **Vilhjálmur Þorsteinsson** stjórnarformaður sameinaðs félags. **Halla Tómasdóttir**, sem verið hefur stjórnarformaður **Auðar Capital** frá stofnun félagsins, mun áfram sinna fjárfestingartengdum verkefnum og sitja í stjórnnum fyrir hönd félagsins.



**Garðyrkjumaður í DataMarket**  
**Þorsteinn Yngvi Guðmundsson** hefur verið ráðinn rekstrarstjóri hjá **DataMarket**. Þorsteinn er viðskiptafræðingur og **MBA** frá **Háskólanum í Reykjavík** auk þess sem hann lauk námi í **skrúðgarðyrkju** frá **Garðyrkjuskóla ríkisins**. Síðast starfaði Þorsteinn sem framkvæmdastjóri hjá **Industria** þar sem hann kom að uppbyggingu fjögurra fyrirtækja fyrir viðskiptavinum Industria á Íslandi og í Bretlandi. Hann var um tíma framkvæmdastjóri **Eskils**, Markaðsstjóri **Hugsmiðjunnar** auk þess að bera ábyrgð á vefsvæðum **Icelandair**.

**Fólk** Guðrún Ragnarsdóttir þarf að lægja öldurnar um Bankasýslu ríkisins

# Innleiddi Basel II hjá Íslandsbanka

G. SVERRIR ÞÓR  
sverrirth@vb.is

Öldugangurinn undanfarið í kringum Bankasýslu ríkisins ætti ekki að hafa farið framhjá neinum. Ráðning Páls Magnússonar í starf forstjóra vakti hörð viðbrögð í samfélaginu og á endanum hætti hann við að taka við starfinu auk þess sem stjórn stofnunarinnar sagði af sér. Nú hefur Guðrún Ragnarsdóttir verið skipuð formaður nýrrar stjórnar Bankasýslunnar og fellur það henni í skaut að lægja öldurnar og finna stofnuninni nýjan forstjóra.

## UM GUÐRÚNU

- » 1987-1991 Carleton University
- » 1992-1993 Fjármálastjóri Iðunnar og Eymundsson
- » 1993-1994 Nijenrode University
- » 1994-1995 Eimskip
- » 1995-1999 Landsvirkjun
- » 1999-2005 Íslandsbanki
- » 2005-2008 BYKO
- » 2008-2010 Strategía ehf.
- » 2009- Lánasjóður íslenskra námsmanna
- » 2011- Stjórnarformaður Bankasýslu ríkisins



Árið 2008 varð Guðrún Ragnarsdóttir framkvæmdastjóri ráðgjafarfyrirtækisins Strategíu og ári síðar tók hún við núverandi starfi sínu sem framkvæmdastjóri Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

ingu. Hún er menntuð í Kanada og Hollandi og hefur m.a. starfað við bókaútgáfu, í fjármálageiranum, verslunargeiranum og sem ráðgjafi. Lítum aðeins nánar á feril hennar. Árið 1991 lauk hún Bachelor of Commerce-háskólagráðu við Carleton University í Kanada en í námi sínu lagði Guðrún áherslu á markaðsmál, upplýsingatækni og fjármál. Hún hélt síðan heim á leið og starfaði sem fjármálastjóri Iðunnar bókaútgáfu og Eymundsson um skeið uns hún fór aftur utan til frekara náms. Nú lá leiðin til Hollands þar sem hún lauk MBA-gráðu frá Nijenrode University. Að því námi loknu hóf Guðrún störf sem sölufulltrúi hjá Eimskipum en

árið 1995 flutti hún sig til Landsvirkjunar og varð þar gæðastjóri. Fjórum árum síðar lá leiðin til Íslandsbanka en þar stýrði Guðrún starfsþróunar- og gæðamálum bæði fyrir og eftir sameiningu bankans og FBA. Árið 2001 varð hún staðgengill framkvæmdastjóra þróunarsviðs bankans og tveimur árum síðar varð hún verkefnisstjóri á fjármálasviði Íslandsbanka þar sem hún stýrði innleiðingu á Basel II-regluverkinu hjá bankanum. Að því loknu fór Guðrún til BYKO þar sem hún starfaði fyrst sem rekstrarstjóri og

síðan framkvæmdastjóri þróunarsviðs. Árið 2008 varð hún framkvæmdastjóri ráðgjafarfyrirtækisins Strategíu og ári síðar tók hún við núverandi starfi sínu sem framkvæmdastjóri Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Auk þess hefur Guðrún átt sæti í ýmsum stjórnnum og má þar nefna að hún var varaformaður banka- stjórnar NBI (Landsbankans) árið 2010 auk þess sem hún hefur átt sæti í stjórn Horns fjárfestingarfélags, LeiðtogaAuðar, Landsnets og Íslensku óperunnar.

## UMMÆLI VIKUNNAR

# Occupy í boði skattgreiðenda

„Ég vil því leggja til að Alþingi létti þessu fólki vistina með einhverjum hætti með t.d. aðgangi að hreinlætisaðstöðu [...] Eins mætti hugsa sér að eldhús þingsins hefði til reiðu heita súpu við lok vinnudags þingsins sem færa mætti tjaldbúum.“



ÞÓR SAARI, ÞINGMAÐUR HREYFINGARINNAR, VILL AÐ SKATTGREIÐENDUR GREIÐI FYRIR HÓP FÓLKS SEM ÁKVAÐ AÐ ÞAÐ VÆRI GÓÐ HUGMYND AÐ FARA Í ÚTILEGU Á AUSTURVELLI Í NÓVEMBER.

## Við erum alveg með'etta

Heilir, hálfir, þriðjungur, fjórðungur, síungir, margslungnir

Grænmetisveisla með idýfu

Ávaxtavéisla með goggpinnum

AVAXTA-BILLINN

www.avaxtabillinn.is





## Endahnúturinn

# Skíthrædd þjóð

HALLGRÍMUR ODDSSON  
[hallgrimur@vb.is](mailto:hallgrimur@vb.is)

**S**umarið 2010 fór ég á blaðamannafund í utanríkisráðuneytinu. Tílefnið var undirritun viljayfirlýsingar milli Seðlabankans og Landsvirkjunar annars vegar og tveggja kínverskra fyrirtækja hins vegar, kínversks banka og Seðlabanka Kína. Í ráðuneytið á Rauðarárstíg voru mættir, að mér sýndist, nærri hundrað Kínverjar. Í þeim hópi voru háttsettir ráðamenn, aðstoðar-seðlabankastjóri landsins, forsvarsmenn fyrirtækjanna, fylgdarlið þeirra og tugir kínverskra blaðamanna. Fjöldinn var svo mikill að ekkert pláss var fyrir íslenska blaðamenn í sal ráðuneytisins.

Móttaka íslenskra stjórnvalda var konungleg. Fjölmennt lið lögreglunnar lokaði Rauðarárstíg og fylgdi gestunum hvert sem farið var. Að komast inn í utanríkisráðuneytið var eins og að fara í gegnum Heathrow-flugvöll. Lítið hefur reyndar heyrst frá þessum Kínverjum en viljayfirlýsingin sem var undirrituð átti að styrkja viðskiptasambandið milli landanna. Í dag vill moldríki Kínverjinn Huang Nubo fjárfesta hérlendis, nánar tiltekið vill hann kaupa jörðina Grímsstaði á Fjöllum. Málið varð fljótt að nokkurs konar fjölmiðlafári. Af hverju vill Kínverji fjárfesta hér fyrir milljarða? Hvað ætlar hann að gera við jörðina? Veit hann ekki að þetta eru öræfi? Málið hefur jafnvel verið sett í stóra samhengið, að Kínverjar hafi á síðustu árum aukið ítök sín í heimspólitíkinni og kaupin séu liður í því. Margt má segja um Kína, stefnu gagnvart öðrum ríkjum í gjaldmiðla- og viðskiptamálum og ómannúðlega heimastjórn. En Huang Nubo er Kínverji, ekki Kína, sem stjórnvöld gerðu reyndar tvíhliða samning við án þess að hika. Af því er greint hefur verið frá má rekja upphaflegan áhuga Nubos til vínatengsla. Hér vill hann byggja upp ferðaþjónustu og segist sjá mikil tækifæri. Við vitum einnig að erlend fjárfesting hans gæti numið milljörðum og að honum finnst harðfiskur góður.

Það er hrædd þjóð sem óttast komu eins Kínverja til landsins, sama hversu ríkur eða valdamikill sá Kínverji er. Okkur má þykja viðskiptahugmyndir hans örökréttar og galnar. Við megum og eigum að spyrja spurninga en það er ekki okkar að segja af eða á, svo lengi sem framkvæmdin sjálf

brýtur ekki lög. Ef rétt er að staðið þarf hvorki sérstaka nefnd né einstaka ráðamenn til að taka ákvörðun um komu útlendinga, þar sem búseta skiptir sköpum. ■



BEINSTÖÐAN



## Íslensk verðmætasköpun

Set er iðnfyrirtæki með áratuga reynslu í framleiðslu og þjónustu við lagnamarkaðinn. Fyrirtækið framleiðir lagnir og tengihluti fyrir hitaveitur, vatnsveitur, fráveitur, raflagnir og margmiðlunarveitur.

Set leggur metnað sinn í nýsköpun, vörupróun og markaðsstarf bæði á innlendum og erlendum vettvangi. Það er grundvöllur Set að viðhalda innlendri framleiðslu, efla nýsköpun, skapa ný störf, stuðla að auknum útflutningi og auka gjaldeyrstekjur.

Reynsla og þekking starfsfólks, jákvætt og skapandi starfsumhverfi, hátt tæknistig og traust samstarf við birgja og viðskiptavini eru mikilvægustu auðlindir fyrirtækisins.

Set hefur alþjóðlega gæðavottun skv. ISO 9001 staðli.



**SET**  
Gæði til framtíðar

SET ehf. Röðaverksmiðja • Eyravegur 41 • 800 Selfoss

Sími: 480 2700 • Fax: 482 2099 • Netfang: [set@set.is](mailto:set@set.is) • Vefsíða: <http://www.set.is>



## ALLT KLÁRT

### FARTÖLVUR Í ÚRVALI



#### 9 SERIES

|                  |                       |
|------------------|-----------------------|
| Skjár            | 13.3" 1366x768        |
|                  | 400 nits LED NonGloss |
| Örgjörvi         | I5 2410M              |
| Vinnsluminni     | RAM 4 GB              |
| Harður diskur    | 128GB SSD             |
| Skjákort/stýring | Intel GMA HD          |
| Raflóðuending    | 7 klst                |
| Litur            | Svört                 |
| VERÐ             | 299.900               |



#### N400B4B

|                  |                                    |
|------------------|------------------------------------|
| Skjár            | 14.0"/15.6" 1600x900               |
|                  | LED Non-Gloss                      |
| Örgjörvi         | I5 2410M                           |
| Vinnsluminni     | RAM 4 GB                           |
| Harður diskur    | 500GB 7200 rpm                     |
| Skjákort/stýring | Nvidia NVS4200M 1GB                |
| Raflóðuending    | 6 klst                             |
| Litur            | Svört                              |
| VERÐ             | 219.900 (14.0")<br>229.900 (15.6") |

## ORMSSON

LÁGMÚLA 8 • SÍMI 530 2800  
[www.ormsson.is](http://www.ormsson.is)

**SAMSUNG**

FYRIR ÞÁ KRÖFUHÖRÐU